

Vilja meira fé frá Garðabæ

ÍAV vill 365 milljónir króna til viðbótar frá Garðabæ vegna byggingar íþróttahúss í Vetrarmýri. Minnihlutinn fordæmir skort á upplýsingagjöf.

STJÓRNSÝSLA Íslenskir aðalverktakar hafa farið fram á 364 milljóna króna viðbótarframlag, án verktakaálags, frá Garðabæ vegna byggingar fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri. Upphaflegt tilboð ÍAV var 4,2 milljarðar og því er um 10 prósentu hækkun á heildarkostnaði að ræða.

Frankvæmdir við íþróttahúsið hafa verið í pattstöðu undanfarnar vikur en sveitarfélagið og verktakinn hafa deilt um hvor aðilinn eigi að sitja uppi með þennan viðbótar-kostnað.

Eins og heimilisfangið gefur til kynna verður nýtt íþróttamannvirki Garðabæjar reist í mýri. Upphaflega var gert ráð fyrir því að byggingin myndi hvíla á eins konar staurum sem næðu niður í gegnum mýrina og á fast. Þegar jarðvegsvinna fór af stað kom í ljós að ráðast þyrfti í sértækar aðgerðir til styrkingar á mýrarjarðveginum með ærnum tilkostnaði.

Er það mat verktakans að útboðsgögn sem lágu fyrir hafi ekki verið nægilega skýr og því sé um viðbótarverk að ræða sem Garðabæ eigi að borga fyrir. Afstaða bæjaryfirvalda er sú að um allsherjarútboð hafi verið að ræða og því hljóti kostnaðurinn að rúmast innan skilmála verksamningsins.

Hefur bærinn aflað sér álits frá jarðtæknisérfræðingum tveggja verkfræðistofa, Eflu og Mannvits, og er það samdóma álit þeirra að ekkert hafi komið fram í málflutningi ÍAV sem bendi til þess að jarðvegurinn undir húsinu sé öðruvísi en alútbodsgögn gerðu ráð fyrir.

Fréttablaðið greindi fyrst frá deilunni um Vetrarmýrina þann 21. janúar. Í stuttu viðtali sagði Gunnar Einarsson, bærarstjóri Garðabæjar, að hann væri fullviss um að enginn viðbótar-kostnaður

Á fundinum kemur síðan í ljós að Gunnar Einarsson bærarstjóri hefur vitað af ágreiningnum síðan í júlí á síðasta ári án þess að upplýsa bærarstjórn.

Sara Dögg Svanhildardóttir, oddviti Garðabæjarlistans



myndi falla á bæinn og tafir við verkið yrðu minni háttar.

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Garðabæjar í vikunni og var hart tekist á. Á fundinum var farið yfir timalínu samskipta við verktakann og kynnt niðurstaða lögmanns um að bærinn ætti að hafna kröfu ÍAV um viðbótar-kostnað við byggingu hússins.

Voru fulltrúar minnihlutans afar ósáttir við skort á upplýsingagjöf frá bærarstjóra. „Við höfum ítrekað kallað eftir upplýsingum um málið undanfarna mánuði án þess að fá fram ein einustu gögn um stöðuna. Á fundinum nú í byrjun febrúar kemur síðan í ljós að Gunnar Einarsson bærarstjóri hefur vitað af ágreiningnum og þeirri stöðu sem nú er upplýst um síðan í júlí á síðasta ári án þess að hafa frumkvæði að því að upplýsa bæjarráð um gang mála. Þessi stjórnsýsla er til skammar,“ segir Sara Dögg Svanhildardóttir, oddviti Garðabæjarlistans.

Deiluaðilar munu funda um málið á næstu dögum en ef engin lausn finnst má telja líkur á því að málið fari fyrir dómstóla. – bp

Skýring á afsögn haldi ekki vatni

MANNRÉTTINDI „Það er best varðveitta leyndarmál Stjórnarráðsins að ráðherrann fyrrverandi hefur látið sig málareksturinn mjög varða og andað mjög stift ofan í háls málið á ríkislögmanni,“ segir Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður sem var viðstaddur málflutning Landsréttarmálsins í Strassborg í gær.

Sveinn Andri gefur lítið fyrir þær skýringar málflytjanda ríkisins á



Sveinn Andri Sveinsson.

afsögn dómsmálaráðherrans að hún hafi viljað skapa fjarlægð milli sín og málsins eftir að dómur MDE féll í mars í fyrra. – að / sjá síðu 4



Vel viðraði til margs konar útiverka í höfuðborginni í gær. Í ýmis horn var að lita hjá þessum vösku mönnum sem unnu að lagfæringum um borð í skipi sem lá við hafnarbakkann í Reykjavíkurbíói. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

NÝTT

HEFUR ÞÚ PRÓFAÐ NÝJU RIFSBERJAKÆFUNA?




BEINT Á BRAUÐIÐ EÐA KEXIÐ!

Kæfurnar frá SS eru nú í nýjum umbúðum. Nettari einingar og betri endurlökun minnka matarsóun og varðveita gæði. Fimm bragðgóðar tegundir.



Veður



Sunnan 10-18 m/s og rigning eða súld, en úrkomuminn austanlands. Hiti 4 til 12 stig. Hvessir í nótt, sunnan og suðvestan 15-25 m/s í fyrramálið. **SJÁ SÍÐU 18**

Samningur um tannlækningar framlengdur

HEILBRIGÐISMÁL Skrifað var undir framlengingu rammasamnings Tannlæknafélags Íslands og Sjúkratrygginga Íslands um tannlækningar barna í síðustu viku. Samningurinn rann út þann 31. janúar síðastliðinn en hefur nú verið framlengdur út janúarmánuð árið 2021.

Samkvæmt samningnum eru tannlækningar barna greiddar að fullu af Sjúkratryggingum Íslands fyrir utan 2.500 króna árlegt komugjald. Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands, segir félagsmenn ánægða



Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir, formaður Tannlæknafélags Íslands.

með framlengingu samningsins. „Þetta eru samningar sem tannlæknar, Tannlæknafélagið og heilbrigðisyfirvöld mega vera stolt af,“ segir hún.


„Það er frábært að þessi mál séu komin í svona góðan farveg því þau voru komin í algjört óefni áður en þessir samningar voru settir, svo við erum bara virkilega ánægð og munum standa vörð um þessa samninga,“ segir Jóhanna. – b dj

FRÉTTABLAÐIÐ

Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu Fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Látið líða úr sér



Það er rótgróin íslensk hefð að flatmaga í heitum pottum. Sjósund er heldur nýrri íþrótt en fátt ku jafnast á við það að ylja sér í pottinum að því loknu eins og þessar ungu konur gerðu í Nauthólsvík í gærkvöldi. Og gildir þá einu þótt kominn sé napur þorri. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Klæðist rauðu

SAMFÉLAG Á morgun, föstudag, verður árlega átakið GoRed hleypt af stokkunum. Aðstandendur þess hvetja landsmenn til að klæðast einhverju rauðu á morgun.

GoRed-átakið miðar að því að fræða konur um áhættuþætti og einkenni hjarta- og æðasjúkdóma og hvernig draga megi úr líkum á slíkum sjúkdómum. Um alheimsáttak er að ræða sem á upptök sín í Bandaríkjunum og víða um Evrópu.

» Átakið miðar að því að fræða konur um einkenni hjarta- og æðasjúkdóma.

Samstarfsaðilar GoRed eru Hjartavernd, Heilaheill, Neistinn, hjartadeild Landspítala og fagdeild hjúkrunarfræðinga.

Í tilefni átaksins var landlækni í gær afhent næla, rauði kjóllinn, til áminningar um vitundarvakningu GoRed um hjartasjúkdóma kvenna. – jþ

Á fimmta hundrað á biðlista skólaþjónustu

Á fimmta hundrað börn voru á biðlista í desember hjá skólaþjónustunni í Reykjavík. Beiðnum fjölgað um 23 prósent á tveimur árum. Borgarfulltrúi segir beiðna of langa en formaður velferðarráðs segir málin þokast í rétta átt.

HEILBRIGÐISMÁL Á fimmta hundrað börn voru á biðlista eftir fyrstu þjónustu skólaþjónustu Reykjavíkurborgar fyrir áramót, um er að ræða börn sem eru að biða eftir félagsráðgjafa, talmeinafræðingi, sálfræðingi eða öðrum ráðgjafa. Þetta kemur fram í svari velferðarsviðs borgarinnar við fyrirspurn Kolbrúnar Baldursdóttur, borgarfulltrúa Flokks fólksins.

Börn sem biða fyrstu þjónustu skólaþjónustunnar eru að biða eftir úrlausn í kjölfar tilvísunar eða viðtalsbeiðni frá skóla eða foreldrum. Börnin gætu hafa fengið þjónustu frá sérfræðingi skólaþjónustunnar á fyrri skólaárum en þjónustunni hefur verið lokið. Rúmlega helmingur beiðna til skólaþjónustu er vegna einbeitingarerfiðleika og málþroskavanda.

Í fyrra bárust alls 2.162 beiðnir til skólaþjónustu Reykjavíkurborgar vegna 1.875 barna. Í árslok hefur þjónusta hafist eða verið lokið í málum 79 prósent barnanna. Alls 452 börn biða eftir þjónustu.

Kolbrún, sem starfaði sem sálfræðingur áður en hún fór út í stjórnsmál, kallar eftir aðgerðum til að stytta biðlistann. „Þegar börn fá ekki þjónustu þá eykst vanlíðan þeirra og við getum endað með unglunga með djúpstæða vanlíðan. Ég hef ekki fengið tölur yfir hvað börnin eru búin að biða lengi, en ég veit að það er allt of löng bið í greiningu,“ segir Kolbrún. „Ég tel að það megi auka samvinnu milli heilsgæslunnar og skólaþjónustunnar. Þetta er allt innan sama hverfis og oft sömu börnin að leita að þjónustu á báðum stöðum.“

Athygli vekur að fjölgun beiðna til skólaþjónustu jókst um 23 pró-



Í fyrra bárust 2.162 beiðnir til skólaþjónustu borginnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta er allt innan sama hverfis og oft sömu börnin að leita að þjónustu á báðum stöðum.

Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins



sent á milli árána 2017 og 2019. Fjöldi barna sem þær varða hefur aukist um 18 prósent.

Börnum sem fá þjónustu innan þess árs sem tilvísun barst hefur

að sama skapi fjölgað, úr 1.243 árið 2017 í 1.481 á árinu 2019, eða um 19 prósent.

„Þetta er að þróast í rétta átt,“ segir Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkur. „Við erum á fullu að reyna að bæta þessa þjónustu, í samstarfi skóla, frístundasviðs og velferðarsviðs, og vonumst til að ná enn betri árangri á þessu ári.“ Segir Heiða borgina mæta vandanum og leggja áherslu á snemmtæka íhlutun, að bregðast við vandamálum áður en þau verði alvarlegri.

„Fólk sér að það virkar að sækja um,“ segir hún.

ari@frettabladid.is

FISK-BÚAR

(FEBRÚAR)

GLÆNÝ HROGN OG ÝSUFLÖK

1.790,-



BORDUM HOLLANN FISK Í FEBRÚAR



Fiskikóngurinn
Sogavegi 3 • Höfðabakka 1
Sími 555 2800



Tilboðsbílar á góðu verði



Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarinn okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.



Rnr. 110443

SKODA Octavia Limo Ambition
Nýskr. 04/17, ekinn 88 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.390.000 kr.

29.866 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 285384

NISSAN Qashqai Acenta 2wd
Nýskr. 07/17, ekinn 33 þ.km,
dísil, beinskíptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.590.000 kr.

32.334 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146462

VW Golf Comfortline
Nýskr. 04/18, ekinn 91 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.290.000 kr.

28.632 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146459

FORD Focus ST-Line
Nýskr. 06/18, ekinn 81 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.090.000 kr.

26.164 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 110341

SUBARU Outback LUX+
Nýskr. 09/17, ekinn 149 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
3.590.000 kr.

44.674 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 392247

SSANGYONG Korando HLX
Nýskr. 01/18, ekinn 20 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
3.490.000 kr.

43.440 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146287

TOYOTA Rav4 Sport
Nýskr. 06/18, ekinn 57 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
4.190.000 kr.

52.078 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146291

NISSAN X-Trail Acenta Plus 4wd
Nýskr. 06/18, ekinn 63 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
4.590.000 kr.

57.014 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146301

DACIA Duster 4x4
Nýskr. 05/16, ekinn 67 þ.km,
dísil, beinskíptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.790.000 kr.

22.462 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146372

RENAULT Captur Intens
Nýskr. 12/15, ekinn 54 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.790.000 kr.

22.462 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 285438

SUBARU Forester Premium
Nýskr. 06/15, ekinn 137 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.990.000 kr.

24.930 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 392235

DACIA Logan
Nýskr. 02/16, ekinn 60 þ.km,
dísil, beinskíptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.290.000 kr.

16.292 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 110314

HYUNDAI Tucson Comfort
Nýskr. 05/16, ekinn 82 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
3.190.000 kr.

39.738 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 146542

SUZUKI Vitara GLX
Nýskr. 04/16, ekinn 85 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
2.390.000 kr.

29.866 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Rnr. 153580

RENAULT Clio Zen Sport Tourer
Nýskr. 06/18, ekinn 54 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐSVERÐ!
1.890.000 kr.

23.696 kr. á mán. m.v. 20% útborgun.*



Allt að 80% lán



Ástandsskoðun



Fjármögnun á staðnum

Opunartímar:
Mánudaga 10-18, þriðjud.-fimmtud. 9-18
föstudaga 9-17, laugardaga 12-16

Bíland – Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

bíland

*Mánaðargreiðsla er samkvæmt reiknivél á lykill.is og eru viðskiptavinir hvattir til að kynna sér lánaskilmálana á heimasíðunni lykill.is. Árlegur hlutfallslegur kostnaður bílalaða frá lykill.is er breytilegur og kjör lána miðast við vaxtatöflu og gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

SI og Landsvirkjun fagna úttekt á samkeppnishæfni stóriðju

ÍÐNAÐUR „Við fögnum þessari úttekt og ég vil hrósa ráðherranum fyrir þetta frumkvæði. Mér finnst fara mjög vel á því að óháðum utanaðkomandi aðila sé falið verkið. Ég held það skipti mjög miklu máli fyrir þetta verkefni að það séu ekki bara innlendir hagsmunaaðilar sem séu að segja frá því hvernig þeir sjái þessa stöðu,“ segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, um fyrirhugaða úttekt á

samkeppnishæfni stóriðju.

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ráðherra iðnaðar- og nýsköpunar, kynnti á ríkisstjórnarfundum á þriðjudag áform um að fyrirtækið Fraunhofer/Ecofy yrði fengið til að vinna umrædda úttekt. Verður þar sérstök áhersla lögð á raforukostnað.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, fagnar einnig boðaðri úttekt og að óháður aðili sé fenginn í verkið. „Landsvirkjun styður auknið

Mér finnst fara mjög vel á því að óháðum utanaðkomandi aðila sé falið verkið.

Sigurður Hannesson

gagnsæi á markaðnum og hefur viljað leggja sitt af mörkum með því að birta verð og auka upplýsingagjöf í skýrslum og á opnum fundum.

Það er mjög mikilvægt að við og viðskiptavinir okkar séum samkeppnishæf á alþjóðamörkuðum.“

Hörður segir að Landsvirkjun hvetji einnig til þess að aðrir helstu kostnaðarlíðir fyrirtækjanna og opinberir ríkisstyrkir verði bornir saman milli landa, ekki aðeins raforukverð, til að fá góða mynd af samkeppnishæfninni.

Sigurður segir líka mikilvægt að úttektin eigi að ná til allrar virðis-

katönnar, það er orkufyrirtækjanna, hvort sem það er framleiðsla, flutningur eða iðnfyrirtækin. „Þetta er margþætt en verðið eitt og sér er langt því frá eini mælikvarðinn á samkeppnishæfni.“ – sar

FRÉTTABLAÐIÐ

Meira á frettabladid.is



Frá baráttufundi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Önnur lota verkfalla hafin

KJARAMÁL Önnur vinnustöðvun starfsmanna Eflingar hjá Reykjavíkurborg hófst á miðnætti og mun standa í sólarhring. Aðilar átta árangurslausan samningafund hjá ríkissáttasemjara í gær. Næsti fundur hefur verið boðaður á morgun.

» Verkfallsboðunin var samþykkt með rúmlega 95 prósentum atkvæða félagsmanna Eflingar.

Eins og í vinnustöðvuninni síðastliðinni þriðjudag munu áhrifin verða mest á leikskólum borgarinnar. Í tilkynningu frá borginni segir að gert sé ráð fyrir því að aðgerðirnar hafi áhrif á um helming leikskólabarna sem eru um 3.500 talsins í borginni.

Undanþágur hafa fengist fyrir starfsfólk sem sinnir viðkvæmstu þjónustunni sem snýr að umönnun fatlaðs fólks, barna, aldraðra og neyðarþjónustu gistiskýla. Áhrifa mun hins vegar gæta hjá um 1.650 notendum velferðarþjónustu. Þríf á heimilum og aðstoð við böðun mun falla niður.

Stéttarfélagið Sameyki sendi í gær frá sér stuðningsyfirlýsingu við aðgerðir Eflingar. Þar eru starfsmenn hvattir til að ganga ekki í störf félagsmanna Eflingar.

Náist ekki samningar í deilunni munu félagsmenn Eflingar aftur leggja niður störf eftir hádegi á þriðjudaginn í næstu viku. Sólarhringsverkföll verða svo á miðvikudag og fimmtudag.

Verði enn ósamið skellur ótímabundið verkfall á mánudaginn 17. febrúar. – sar

Flestir telja að ríkið tapi aftur

Vilhjálmur Vilhjálmsson rakti umdeildar skipanir dómara á Íslandi í málflutningi í Strassborg í gær. Lögmaður sem var viðstaddur segir upplifunina hafa aukið traust sitt á Mannréttindadómstólum.

MANNRÉTTINDI „Það er ekki veikleikamerki heldur styrkleiki Vilhjálms að hann stóð þarna einn andspænis fimm lögmönnum íslenska ríkisins,“ segir Sveinn Andri Sveinsson hæstaréttarlögmaður sem viðstaddur var málflutning Landsréttarmálsins í yfirdeild Mannréttindadómstóls Evrópu í Strassborg í gær. Þar vísaði Sveinn Andri til Vilhjálms H. Vilhjálmssonar, lögmanns Guðmundar Andra Ástráðssonar.

Hann segir málflytjendur hafa flutt mál sitt vel en þessi liðsmunur hafi blasað mjög við þeim sem á hlýddu og sýnt hve mikið íslenska ríkið hefur lagt í varnir sínar til að freista þess að fá fyrri niðurstöðu réttarins snúið við. Sveinn Andri segir það hafa þó verið mál manna sem hlýddu á málflutninginn að ekkert nýtt hefði komið fram og allar líkur á því að fyrri dómur verði staðfestur þótt auðvitað gæti alltaf eitthvað óvænt gerst.

Málflytjendur dvöldu í ræðum sínum lengst við áhrif niðurstöðunnar fyrir réttarríkið, túlkun mannréttindaákvæða, hrossakaup og samsæriskenningar.

Vilhjálmur vísaði til nýlegra dæma í Evrópu þar sem ríki hefði gripið til meðvitaðra aðgerða til að skada sjálfstæði og hlutleysi dómskerfa sinna. Hafi brot á því skilyrði að dómur sé skipaður með lögum engar afleiðingar, fái ríki eins og Pólland, Tyrkland og Ísland tækifæri til að halda uppteknum hætti, sagði Vilhjálmur. Málið hefði því mikið gildi fyrir mannréttindavernd í þessum ríkjum.

Tim Otty, lögmaður ríkisins, sagði hins vegar að niðurstaða Mannréttindadómstólsins í mars sé til þess fallin að skada réttarríkið, hún valdi réttaróvissu og grafi undan sjálfstæði dómstóla.

Vilhjálmur var þessu ósammála



Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður sagði að niðurstaðan gæti haft mikil áhrif fyrir mannréttindavernd í Evrópu.

og ef yfirdeildin staðfesti dóminn hefði það þau áhrif að íslenska ríkinu beri skylda til að fara eftir þeim lögum sem löggjafi þess hefði þegar sett. Kærandinn sjái engin vandkvæði við það og skilur ekki hvers vegna einhver annar ætti að sjá á því vandkvæði, sagði Vilhjálmur í sinni ræðu.

Vilhjálmur dvaldi líka töluvert við meint pólitísk áhrif á skipun dómara á Íslandi.

„Vilhjálmur lét vaða á Sjálfstæðisflokkinn í ræðu sinni og rakti sögulegan aðdraganda og hvernig flokkurinn hefði með klíkuskap sýnt valdníðslu þegar hann hefði verið að skipa dómara og rakti nokkur dæmi,“ segir Sveinn Andri.

Allt hafi dottið í dúnalogn í salnum þegar einn dómara spurði af hverju Sigríður Andersen hefði sagt af sér í kjölfar dómsins í mars.

Enda er það best varðveitta leyndarmál Stjórnarráðsins að ráðherrann fyrrverandi hefur látið sig málareksturinn mjög varða og andað mjög stíft ofan í hálsmálið á ríkislögmanni.

Sveinn Andri Sveinsson, hæstaréttarlögmaður

Otty vísaði til þeirrar skýringar Sigríðar sjálfar að hún hefði vikið til að tryggja óháða ákvörðun um málskot til yfirdeilda.

„Ég held að flestir í salnum hafi fundið að þessi skýring hélt ekki

vatni,“ segir Sveinn Andri og bætir við: „Enda er það best varðveitta leyndarmál Stjórnarráðsins að ráðherrann fyrrverandi hefur látið sig málareksturinn mjög varða og andað mjög stíft ofan í hálsmálið á ríkislögmanni.“

Sveinn Andri segir upplifunina ytra hafa verið mjög jákvæða. Spurningar dómara hafi borið þess merki að þeir væru vel með á nótunum og það veiti öryggiskennd. „Við eigum aðild að þessu samstarfi til að við eigum þess kost að leita til utanaðkomandi aðila sem lætur hvorki innanlands- eða stjórnsýslu hagsmuni né togstreitu hafa áhrif heldur skoðar mál frá sjónarhorni mannréttindanna eingöngu,“ segir Sveinn Andri og bætir við: „Það var mjög þægileg og traustvekjandi upplifun að finna þetta.“ adalheidur@frettabladid.is



jeep.is

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

AFMÆLISTILBOÐ

JEEP® GRAND CHEROKEE

FÁANLEGUR MEÐ 33" EÐA 35" BREYTINGU

- 3.0L V6 DÍSEL
- 250 HÖ / 570 NM TOG
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- LOFTPÚÐAFJÖÐRUN
- LÆSING Í AFTURDRIFI

AFMÆLISTILBOÐ VERÐ FRÁ: 10.390.000 KR.
LISTAVERÐ VERÐ FRÁ: 10.990.000 KR.

35" BREYTTUR



UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433

WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16





„Það má ekki ráða í afleysingar svo þegar önnur okkar er í sumarfrí eða veik þá vinnur hún bara fyrir tvo.“

*Ingibjörg Hrönn Sveinsdóttir
— Umsjónarmaður eldhúss
í félagsmiðstöð*



„Ég er að fá útborgað svona 260-70 þúsund. Ég er á leigu-markaði og borga 252 þúsund á mánuði fyrir íbúð.“

*Jóhanna Þrúður Jóhannesdóttir
— Umsjónarmaður eldhúss
í félagsmiðstöð*



„Þegar ég er búin að borga leigu á ég svona 10-30 þúsund eftir.“

*Thelma Björk Brynjólfsson
— Leiðbeinandi á leikskóla*

Styðjum þær í baráttunni fyrir

launum sem hægt er að lifa á

Reykjavíkurborg er fjölmennasti láglaunavinnustaður landsins. Konur sem starfa við umönnun, þrif og matargerð eru þar í miklum meirihluta. Þessar konur hafa fá tækifæri til að bæta kjör sín og búa við sífellt meira vinnuálag. Leiðrétting á kjörum þeirra er löngu tímabær. Styðjum baráttu láglaunafólks hjá borginni fyrir launaleiðréttingu – strax!

Samninganefnd Eflingar
við Reykjavíkurborg



Áhyggjur af skorti á faglærðu fólki

Evrópskum innflytjendum til Bretlands, sem að stórum hluta er faglært fólk, hefur fækkað mikið síðan 2016. Bresk fyrirtæki óttast að geta ekki lengur sótt sérhæft vinnuafli til Evrópu, sem hefur á undanförunum árum sótt frekar til Hollands og Þýskalands.

BRETLAND Evrópskum innflytjendum til Bretlands hefur fækkað mikið á undanförunum árum. Hófst sú breyting um leið og Bretar samþykktu útgöngu úr Evrópusambandinu árið 2016. Á sama tíma hefur innflytjendum frá öðrum löndum fjölgað.

Árið 2015 náði fjöldi innflytjenda frá Evrópusambandsríkjum hámarki, en þá fluttu um 220 þúsund fleiri til landsins en frá því. Flestir frá Póllandi, Rúmeníu, Írlandi, Spáni, Frakklandi, Portúgal og Ítalíu. Í dag er þessi tala komin niður í 50 þúsund og Pólverjum fer fækkandi í landinu. Stærstur hluti er farandverkamenn, á aldrinum 20 til 40 ára, sem dvelja í fjögur til fimm ár í Bretlandi áður en þeir halda aftur til sinna heimalanda.

Á móti kemur að innflytjendum frá Indlandi, Pakistan, Banglades, Kína og fleiri löndum hefur fjölgað úr 160 í 220 þúsund á ári.

Á ráðstefnu Eures, vinnumiðlunar Evrópusambandsins, í janúar kom fram að Bretland hefði hingað til haft algera yfirburðastöðu þegar kemur að því að laða að háskólamenntað og faglært vinnuafli frá Evrópu. Innflytjendur í Bretlandi eru í dag þeir menntuðustu í allri álfunni og er meira en helmingur þeirra háskólamenntaður. Innflytjendur eru einnig betur menntaðir en innfæddir Bretar samkvæmt



Aberdeen er oliuhöfuðborg Bretlands og iðnaðurinn þar afar háður sérhæfðu vinnuafli. NORDICPHOTOS/GETTY

opinberum tölum.

Fækkun faglærðs vinnuafils er áskorun sem ríkisstjórnir Íhaldsflokksins, og sér í lagi fjármálaráðherrann Sajid Javid, hafa einsett sér

ad snúa við. Mörg fyrirtæki hafa þó áhyggjur af því að það takist ekki og skortur verði á sérhæfðu vinnuafli sem þau þarfnast. Á þetta sér í lagi við í Skotlandi, sem hefur verið háð

faglærðu fólki. Í Aberdeen, miðstöð breska oliuiðnaðarins, eru 80 prósent innflytjenda háskólamenntuð.

Eures gerir ráð fyrir að útganga Bretlands úr Evrópusambandinu

» Í Aberdeen, miðstöð breska oliuiðnaðarins, eru 80 prósent innflytjenda háskólamenntuð.

hafi þau áhrif til lengri tíma að hreyfanleiki vinnuafils í álfunni allri minnki, aðallega vegna þess mikla aðrattarafils sem Bretland hafði. Tímabundið hefur fólk, einkum faglært, þó frekar sótt til annarra landa, þá einkum Þýskalands og Hollands, en í Amsterdam hafa tæknifyrirtæki verið að hópa sig saman.

Samkvæmt CIPS, stofnunar sem starfar fyrir þjónustugreinarnar í Bretlandi og víðar, munu bresk þjónustufyrirtæki eiga í vandræðum með að fylla stöður á komandi árum. Hafa sumir áhyggjur af því að ef störf sem krefjast fagmenntunar hverfi lækki laun í landinu. Aðrir segja að laun geti hækkað vegna betri samningsstöðu launþega.

Atvinnuleysi er nú mjög lítið í Bretlandi, aðeins 3,8 prósent, og ekki von að það aukist í náinni framtíð. Störf gætu þó færst í auknum mæli úr einkageiranum yfir í hinn opinbera þar sem stjórn Boris Johnson hefur heitið því að fjölga verulega í löggæslu og á spítólum. kristinnhaukur@frettabladid.is

Hefur þú prófað nýju kjúklingasteikurnar?

NÝTT OG SPENNANDI

FRÁ HOLTA

Holta
KJÚKLINGUR

Heimilis RIFINN OSTUR

Er nú á tilboði

Ómissandi á pizzuna, í ofn- og pastaréttina, á tortillurnar og salatið.

370 g

100% ISLENSKUR OSTUR

Unglambið sá við forystusauðunum

BANDARÍKIN Pete Buttigieg kom öllum á óvart í fyrsta forvali Demókrataflokksins, sem fram fór í Iowafylki. Eins og áður hefur verið greint frá lágu fyrstu tölur ekki fyrir fyr en í gærkvöldi og enn á eftir að telja í einhverjum kjördæmum. Leiðir hinn ungi Buttigieg með um 27 prósent talinna atkvæða.

Fram að þessu hefur öll athyglin verið á Joe Biden, Elizabeth Warren, Bernie Sanders og Michael Bloomberg sem hefur eytt langmestu í auglýsingar og hyggst koma inn með krafti þegar liður á kosningabaráttuna. Öll eru þau komin yfir sjötugt en Buttigieg er aðeins 38 ára gamall.

Buttigieg hefur nýlokið embættistíð sinni sem borgarstjóri í South Bend, rúmlega 100 þúsund manna borg í Indianafylki. Hann er fæddur og uppalinn í borginni og móðir hans er Indianabúi í húð og hár. Faðir hans er hins vegar frá eyjunni Möltu, og þaðan kemur eftirnafnið sem stjórnmálaskýr- endur og fréttamenn tafsa á.

Buttigieg gekk í tvo þekktustu háskóla heims, Harvard og Oxford, til að læra sagnfræði og bókmenntir. Eftir námið gekk hann í sjóherinn, 27 ára gamall, og hætti ekki formlega fyrir en árið 2017.

Árið 2011 bauð Buttigieg sig fram til borgarstjóra og vann með miklum yfirburðum. Hann sat alls í tvö kjörtímabil samfara herþjónustunni en hann var lengi á vettvangi í Afganistan. Árið 2014 var tekið eftir honum á landsvísu og dagblaðið The Washington Post gaf honum titilinn „athyglisverðasti borgarstjóri sem þú hefur aldrei heyrt um“. Málefnið sem Buttigieg purfti aðallega að takast á við voru húsnæðismál og löggæslumál en byssuglæpir og há morðtíðni eru alvarlegt vandamál í South Bend. Hann varð þó þekktari sem persóna, bæði vegna ungs aldurs, menntunar og herþjónustu.

Ári eftir að grein The Washington Post birtist kom Buttigieg út úr skápnunum en um það leyti kynntist



Pete Buttigieg er hálfmaltneskur, samkynhneigður, menntaður í bestu háskólum heimsins og þjónaði í sjóhernum. NORDICPHOTOS/GETTY

» 2014 var Buttigieg titlaður „athyglisverðasti bæjarstjóri sem þú hefur aldrei heyrt um“ af The Washington Post.

hann framtíðar eiginmanni sínum, framhaldsskólakennaranum Chasten Glezman. Buttigieg hefur alla tíð verið mikill stuðningsmaður réttinda hinsegin fólks.

Árið 2017 fór Buttigieg að brjóta sér leið inn í innsta kjarna Demókrataflokksins og benti á að hár aldur flokksmanna stæði flokknunum fyrir þrifum. Þann 23. janúar árið 2019 tilkynnti hann framboð sitt til forseta Bandaríkjanna.

Buttigieg er talinn meiri miðju-

maður en Biden og Warren og þá vitaskuld langt frá Sanders í skoðunum. Hann er engu að síður frjálslyndur þegar kemur að samfélagslegum málum, vill afnema dauðarefsingu og einkarekin fangelsi, leyfa þungunarrof, lögleiða kannabis og kaupa byssur af einstaklingum. Hann styður að dregið verði úr notkun kola og olíu til að stemma stígu við loftslagsvánni en telur að beislun kjarnorku eigi rétt á sér.

Buttigieg vill auka fjölda þeirra sem eigi rétt á fríum heilbrigðis- tryggingum en ekki ganga jafn langt og margir samflokksmenn hans. Þá vill hann einnig styðja við háskólanemendur og afskrifa stóran hluta námslána.

kristinnhaukur@frettabladid.is



Fæst í Smáralind, Krínglu, Skeiflu, Garðabæ og Akureyri

NÝTT BENEFIANCE

**SÝNILEGA FÆRRI HRUKKUR OG LÍNUR
Á EINUNGIS 2 VIKUM***
HÚÐIN ÞÍN VERÐUR STINNARI OG UNGLEGRI

BÆTTU TEYGJANLEIKA HÚÐARINNAR OG KOMDU Í VEG FYRIR HRUKKUR**
MEÐ AÐSTOÐ SJALDGÆFRA JAPANSKRA ÞÖRUNGA.
GEFÐU HÚÐINNI MIKINN OG GÓÐAN RAKA SEM VEITIR HENNI ÆSKULJÓMA.

**NÝ KYNSLÓÐ AF BENEFIANCE KREMUM
SEM BERST GEGN ÖLDRUN HÚÐARINNAR**
NÝTT WRINKLE SMOOTHING CONTOUR SERUM
**NÝTT WRINKLE SMOOTHING EYE CREAM
OG WRINKLE SMOOTHING CREAM**

SHISEIDO
GINZA TOKYO

*wrinkle smoothing cream (instrumental test on 30 volunteers)
**in vitro data

SHISEIDO DAGAR 6. – 12. FEBRÚAR
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SHISEIDO VÖRUM

Fallegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Shiseido vörur fyrir 7.900 eða meira*.

*Á meðan birgðir endast

HAGKAUP
Snyrtivara

MARKAÐURINN

Hætta á að niðursveiflan verði lengri

Forstöðumaður hjá Júpiter segir hættu á því að hagvöxtur verði enn hægari að taka við sér og atvinnuleysi verði meira og vari lengur en Seðlabankinn gerir ráð fyrir í nýrri spá. Seðlabankastjóri vill kortleggja hvernig bankinn geti bætt miðlun peningastefnunnar.

Hörður Egiðsson

hordur@frettabladid.is

Kristinn Ingi Jónsson

kristinningi@frettabladid.is



Þrátt fyrir að stýrivextir Seðlabanka Íslands hafi verið lækkaðir um 0,25 prósentustig í gær er raunvaxtastigið enn allt of hátt miðað við horfur í efnahagsmálum, að mati Agnar Tómasar Möller, forstöðumanns skuldabréfa hjá Júpiter. Þó svo að ný spá bankans máli dekkri mynd en í nóvember síðastliðnum sé nú mun meiri hættu á því að hagvöxtur verði enn hægari að taka við sér og að atvinnuleysi verði meira og vari lengur.

„Peningastefnunefndin hefði klárlega getað stigið stærra skref og, það sem hefði skipt meira máli, gefið skýrari skilaboð um að hún hygðist draga úr vaxtaaðhaldi bankans horft fram á veginn,“ segir Agnar Tómas í samtali við Markaðinn.

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segist vilja ráðast í kortlagningu á því með hvaða hætti Seðlabankinn geti bætt miðlun peningastefnunnar, meðal annars með því að beita í auknum mæli efnahagsreikningi bankans, í því skyni að vaxtalækkanir skili sér í auknum útlánum í bankakerfinu á lægri kjörum og yti þannig undir fjárfestingu í atvinnulífnum.

Aðspurður segist Jón Bjarki Bentsson, aðalhafgræðingur Íslandsbanka, taka jákvætt í hugmyndir um að efnahagsreikningi Seðlabankans verði beitt í ríkari mæli, til að mynda með slökun bindiskyldu eða breyttum lausafjárkröfum, ef horfur versna frekar.

„Það væri jákvætt og nauðsynlegur hluti af verulegri slökun á fjármálaalegum skilyrðum í heild því vaxtastefnan virkar ekki eins vel ef eingöngu á að lækka stýrivexti án þess að breyta öðrum skilyrðum. Þetta þarf allt að fara saman.“




Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri kynnti vaxtaákvörðun peningastefnunefndar í gær. Stýrivextir voru lækkaðir um 0,25 prósentur og hafa ekki verið lægri frá því að verðbólgu markmið var tekið upp árið 2001. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á sama tíma þyrfti þó, að mati Jóns Bjarka, að létta auk þess á öðru regluverki og kvöðum sem hvíla á bönkunum, svo sem stífum eiginfjárkröfum og hárrí skattlagningu. Horfa þurfi heildstætt á málin.

Ásgeir nefnir að bankinn hafi síðastliðið haust beitt efnahagsreikningi sínum þegar ákveðið var að fækka þeim fjármálastofnunum, og náði það meðal annars til Íbúðalánasjóðs, sem geta geymt lausafé sitt á viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Þar hafi hugsunin verið sú að reyna að auka lausafé í umferð og þannig örva hagkerfið.

Aðspurður telur Ásgeir þær aðgerðir „hafa heppnast mjög vel enda þótt þeir fjármunir komi að

Vaxtaálag á útlánum¹

1. Mismunur á vegnum meðalvöxtum á óverðtryggtum útlánum stóru viðskiptabankanna þriggja og meginvöxtum Seðlabankans. Nýjustu tölur eru bráðabirgðatölur.

einhverju leyti aftur til baka inn í bankann með öðrum leiðum“.

Ásgeir segir það auk þess „áhyggjuefni að sjá hvað milli-bankamarkaður með krónur og eins endurhverf viðskipti milli fjármálastofnana, þar sem bankar fá lán gegn vexti, hafi verið veikur. Ég myndi gjarnan vilja leita leiða til að örva þessa markaði.“

Spánnar verði of bjartsýnar

Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 0,8 prósent í ár en í nóvember spá bankans var búist við 1,6 prósentu vexti. Tekið var fram í yfirlýsingu peningastefnunefndar að lakari horfur mætti fyrst og fremst rekja til erfiðari stöðu útflutningsatvinnugreina og versnandi fjármögnunarskilyrða fyrirtækja. Þannig hefði vaxtaálag á lánsfjármögnun fyrirtækja sem dæmi hækkað og aukid taumhald peningastefnunnar enn frekar.

Spá bankans gerir einnig ráð fyrir að verðbólga verði minni á næstu árum en spáð var í nóvember. Bankinn spáir 1,9 prósentu verðbólgu á fyrri hluta þessa árs og gerir ráð fyrir að verðbólgan haldist undir markmiði út árið 2022.

Seðlabankinn spáir því jafnframt að atvinnuleysi verði líðlega fjögur prósent að meðaltali í ár og á næsta ári. Er það meira atvinnuleysi en spáð var í nóvember og þá er gert ráð fyrir að það hjaðni seinna en þá var talið.

„Það hefur átt sér stað mikill viðsnúningur á þjóðhagsspá Seðlabankans frá því hann birti seinustu spá sína í nóvember og opinberar nýja spáin mun skýrar þær dökku horfur sem nú eru í hagkerfinu og ýmsir hafa verið að vekja máls á undanfarin misseri,“ segir Agnar Tómas.

Ljóst sé að peningastefnunefndin hafi í ákvörðunum sínum miðað við of bjartsýnar spár.

„Óskandi hefði verið,“ bætir Agnar Tómas við, „að ákvarðanatáka nefndarinnar myndi miðast meira að því að reyna að koma í veg fyrir frekari efnahagsáföll og horfa í því tilviki til þess hvernig bandaríski seðlabankinn hefur tekið á mikilli óvissu í heimsbúskapnum.“

Þrátt fyrir að gangur í bandaríska hagkerfinu hafi verið ágætur undanfarin misseri hefur bankinn tekið raunvexti niður fyrir núllið með þeim skilaboðum að um sé að ræða svokallaðar „öryggislækkanir“ með þeim skilaboðum að vaxtalækkanirnar geti þá verið teknar til baka gerist þess þörf,“ útskýrir Agnar Tómas.

Í stað þess hafi peningastefnunefndin verið á eftir kúrfunni og vaxtaaðhald bankans í besta falli stadið í stað á milli funda. Í reynd hafi aðhaldið litið breyst frá því að vaxtalækkunarferlið hafi hafist síðasta vor.

„Þótt meginvextir bankans séu núna 2,75 prósent hafa vaxtaálag til fyrirtækja rokið upp og eins árs raunvextir á ríkisskuldabréfamarkaði eru 1,2 prósent sem er ótrúlega hátt miðað við stöðuna sem við blasir.“

Það er því ofsögum sagt að peningastefnan hafi lagt mikið af mörkum til að mýkja samdráttinn. Horft til baka blasir við að Seðlabankinn hefði ekki undir nokkrum kringumstæðum getað rökstutt hægara vaxtalækkunarferli,“ segir Agnar Tómas.

Jón Bjarki segir það ankannalegt að á sama tíma og slakað sé á peningastefnunni sé hert á þjóðhagsvarúðartækjum. Ekki séu afdráttarlaus merki um að kerfisáhætta sé að byggjast upp í fjármálakerfinu.

Myndi breyta verulega öllum forsendum

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri segir allar spár bankans, meðal annars um verðbólgu og þá um leið um mögulega frekari vaxtalækkanir, miði við að Lífskjara-samningurinn frá því síðasta vor haldi.

„Það myndi breyta verulega öllum forsendum,“ segir hann aðspurður um áhrif þess á spánnar ef aðrar stéttir færu fram með sambærilegar kröfur og Efling hefur gert gagnvart Reykjavíkurborg í kjaraviðræðum þeirra. „Þá sæjum við hagkerfið væntanlega fara úr því jafnvægi sem það er í um þessar mundir.“

Seðlabankinn gerir í þjóðhagsspá sinni ráð fyrir því að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 2,8 prósent á þessu ári, 3,4 prósent á því næsta og 4,0 prósent árið 2022.

Nefndin hefði getað stigið stærra skref og gefið skýrari skilaboð um að hún hygðist draga úr vaxtaaðhaldi bankans horft fram á veginn.

Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpiter



Það bendir flest til þess að fjármála-sveiflan sé að hegða sér öðruvísi nú en við höfum áður séð.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhafgræðingur Íslandsbanka



Sem dæmi var sérstakur sveiflujöfnunarauki ofan á eiginfjárkröfur til bankanna hækkaður um 0,25 prósentustig um síðustu helgi.

Aðspurður hvort hann sjái fyrir sér að hægt verði að lækka eiginfjárlána á bankana á næstu mánuðum segir Ásgeir erfitt fyrir sig að svara fyrir fjármálastöðugleikaneftirspurnina sem taki ákvarðanir um slíkt. „En ég myndi segja að hún muni fara gaumgæfilega yfir öll þessi mál þegar hún kemur saman,“ nefnir hann.

Jón Bjarki segir flest benda til þess að fjármálasveiflan sé að hegða sér öðruvísi nú en áður. „Við sáum til dæmis breytta hegðun heimila og fyrirtækja í uppsveiflunni. Þótt það hafi komið útlánvaxtakúfur á tímabili á seinni hluta vaxtarskeiðsins sem nú er að baki þá dró býsna hratt úr honum aftur. Á sama tíma eru lítil merki um það hjá bönkunum að vanskil séu farin að aukast að einhverju marki.“

Sveiflujöfnunaraukinn og önnur þjóðhagsvarúðartæki eru enn afar aðhaldssöm. Það eru væntanlega fáir að tala um að slaka á þeim niður í einhver lágmarksgildi, heldur gæti stefnubreyting ein og sér gefið ákveðið merki sem væri vonandi uppörvandi og styðjandi við fjármálakerfið og þar með fjárfestingu í landinu. Slík stefnubreyting gæti haft heilmikil áhrif á væntingar í framhaldinu,“ nefnir Jón Bjarki.

Komdu í kaffi

Café

PENNINN Eymundsson

AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG • LAUGAVEGI
AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

GOTT FYRIR HELGINA Í NETTÓ!

Kalkúnasneiðar
Ísfugl

1.733 KR/KG
ÁÐUR: 2.889 KR/KG

-40%



-46%

Ungnautahamborgarar
4x90 gr með brauði

788 KR/PK
ÁÐUR: 1.459 KR/PK



-38%

Hrossabjúgu
Goði

229 KR/PK
ÁÐUR: 369 KR/PK



-30%



Folaldafille

3.289 KR/KG
ÁÐUR: 4.699 KR/KG



-25%

Lambalæri
Fjallalamb

1.274 KR/KG
ÁÐUR: 1.699 KR/KG



FERSKT ÚR KJÖTBORÐINU!

-40%



Grísahnakkafille

1.259 KR/KG
ÁÐUR: 2.099 KR/KG



-50%

Pizzastykki
Margarita eða Salami

199 KR/STK
ÁÐUR: 399 KR/STK



Dolce Gusto kaffi
Ýmsar tegundir

639 KR/PK
ÁÐUR: 769 KR/PK



-25%

Lambi WC rúllur
12 stk

749 KR/PK
ÁÐUR: 999 KR/PK

Blómkál og
spergilkál

-30%

349 KR/PK
ÁÐUR: 499 KR/PK



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 6. - 9. febrúar


Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

ÓDÝRAST Á NETINU
Í VEFVERSLUN NETTÓ*

*Skv. könnun Fréttablaðsins

nettó

Lægra verð - léttari innkaup





Kálfatindar eru tilkomumestir séðir úr Ófeigsfirði en myndin er tekin skammt frá fyrirhugaðri Hvalárvirkjun. MYND/ÓMB

Keopspíramídar Stranda

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Píramíðarnir í Egyptalandi teljast eitt af sjö undrum veraldar. Þetta voru grafhýsi faraóanna og byggðir úr kalksteini, sá fyrsti í kringum 2650 f.Kr.

Á Íslandi er fjöldi náttúrulegra píramíða sem urðu til mörgum milljónum ára áður. Nægir þar að nefna Mælifell á Mælifellssandi, Suðurtind Hrútsfjallstinda og Kálfatinda á Hornströndum en einnig tinda með sama nafni á Ströndum í Árneshreppi. Þeir íslensku eru allir sérlega glæsilegir en eiga líka sameiginlegt að vera utan alfaraleiða og því flestum lítt kunnir.

Auðveldast er að nálgast Kálfatinda á Ströndum upp af Norðurfirði en þangað liggur 100 km bílvegur frá Hólmavík. Í Norðurfirði er skáli Ferðafélags Íslands með frábæru tjaldstæði en skammt frá er Krossneslaug sem bókstaflega liggur í fjöruborðinu. Kálfatindar eru ekki nefndir eftir kálfum heldur tröllkarli sem hét Kálfar. Átti hann að hafa falið gullkistur sínar í tjörn við hærri tindinn sem talinn var flatur.

Þeir sem komið hafa á Kálfatinda vita hins vegar að þeir eru langt frá því að vera flatir efst og þar er því engin tjörn. Reyndar voru báðir tindarnir taldir algjörlega ókleifir þar til Freymóður Jóhannesson listmálari gekk á þá fyrstur í kringum 1920. Þetta er afar skemmtileg ganga og flestum fær, enda brekkurnar grónar alveg upp á topp. Efsti hlutinn er þó ekki fyrir lofthrædda, sérstaklega eystri tindurinn sem ekki rúmar marga samtímis.

Hægt er að hefja gönguna frá bænum Munaðarнесi en auðveldari uppgönguleið liggur frá Felli á austanverðu Krossnesi. Þaðan er gengið í suðvestur að norðurhlíðum tindanna. Útsýni af Kálfatindum er feykigott og sést alla leið norður að Hornströndum en einnig yfir Reykjaneshyrnu og áleiðis að Gjögri. Sama á við um Ingólfsfjörð og Ófeigsfjörð en sérstaklega þó Drangaskörð sem Þorvaldur Thoroddsen lýsti í ferð sinni á Strandir árið 1886: „Hvergi á Íslandi hef ég séð jafn hrikalegt náttúrusmíði.“

Vonandi verða Kálfatindar ekki útsýnisstaður yfir fyrirhugaða Hvalárvirkjun sem stendur til að reisa stutt frá og rústa mun stærstu ósnortnu víðernum Vestfjarða. Kálfatindar gætu nefnilega orðið Keopspíramídar Stranda og ásamt stórkostlegu umhverfinu tryggt íbúum Stranda ómældar tekjur af ferðamönnum – líkt og „kollegar“ þeirra í Egyptalandi en þá heim-sækja næstum 15 milljónir árlega.

Ekki þyrfti nema lítið brot af þeim fjölda ferðamanna til að tryggja íbúabyggð á Ströndum, sem væri mun skynsamlegri lausn en virkjun sem ekki mun veita nein langtímaströf.

Virkjun á þessu svæði má líkja við að brytja niður Keopspíramíðana og nota kalksteininn í nýbyggingar. Hverjum dettur slíkt í hug í dag?



Fókus á hjarta landsins



Norðurfjörður liggur beint suður af Kálfatindum og þar er bæði skáli og frábært tjaldstæði. MYND/TG



Horft í átt að Kálfatindum í gegnum Drangaskörð. MYND/ÓMB



MJÚKÍS ÁRSINS 2020

Mjúkís



— MED —
KARAMELLUSÓSU,
SAMBÓ-LAKKRÍS & SÚKKULAÐI

1L



Mjúkís ársins 2020 er dásamlega góður ís með karamellusósu, Sambó-lakkrís og súkkulaði. Bragðaðu á Mjúkís ársins í Fjarðarkaupum í dag, 6. febrúar, frá kl. 15–17.

Þrýstingurinn



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Stjórnmalamenn eru kosnir af þjóðinni og starfa í umboði hennar. Samt eiga þeir fjarska auðvelt með að gleyma einmitt því að þeir eru fulltrúar fólksins í landinu. Þegar óánægja brýst út meðal almennings þá ranka stjórnmalamennirnir vissulega við sér en um leið er berlega ljóst að þeir eru sáróánægdir með það vesen sem fylgir því að þurfa að taka tillit til vilja kjósenda. Þeim fellur miklu betur að hafa vit fyrir fólki. Það endurspeglast í mörgu og ekki síst því að fáir hafa jafn mikla ánægju af að hlusta á sjálfa sig tala og einmitt stjórnmalamenn. Þegar fólkið rís upp og bendir á að það hafi allt aðra skoðun en þá sem stjórnmalamönnum þykir heppilegust þá má næstum heyra andvarp viðkomandi, sérstaklega ef hann er ráðherra í ríkisstjórn: Óskaplegt vesen er þetta, þarf ég virkilega að taka mark á þessu?

Dómsmálaráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, hefur viðurkennt að þrýstingur frá almennungi hafi orðið til þess að brottvisun pakistanskrar fjölskyldu frá landinu var frestað. Fólki með sterka réttlætiskennnd blöskraði að senda ætti burt hjón og sjö ára dreng, Muhammed, sem hefur fest hér rætur og þráir að eiga framtíð hér á landinu. Það átti að svipta drenginn örygginu og hamingjunni sem hann hefur búið við í íslensku samfélagi. Ástæðan fyrir því að ekkert hefur orðið af brottvisun er sú að einstaklingar sem þekktu til hins sjö ára gamla Muhammeds gátu ekki hugsað sér að sitja þegjandi hjá og horfa upp á það miskunnarleysi sem sýna átti honum og fjölskyldu hans. Réttlætiskennnd þeirra var misboðið og þeir létu í sér heyra.

Vissulega má hrósa dómsmálaráðherra fyrir að hafa brugðist við, en allir vita að þar var ráðherrann að láta undan þrýstingi. Dómsmálaráðherra sagði að þarna hefði umræðan varpað ljósi á að sum mál taki langan tíma og því þurfi að breyta. Ráðherrann vill því stytta hámarkstíma málsmeðferðar úr átján mánuðum í sextán í hælismálum þar sem börn eiga í hlut. Það er vissulega gott að stytta málsmeðferðina en það hefði lýst raunverulegri umhyggju ef ráðherrann hefði um leið lagt áherslu á að það væri siðferðileg skylda okkar Íslendinga að leggja meira af mörkum þegar kemur að því að skjóta skjólshúsi yfir fjölskyldur í neyð, sem leita hingað til lands í von um að fá tækifæri til að skapa sér nýja og bjarta framtíð.

Mikið væri gleðilegt ef ráðamenn landsins byggju yfir sömu réttlætiskennnd og þeir einstaklingar sem brugðust við í máli Muhammeds litla. Það væri verulega ánægjuleg tilbreyting að sjá ráðherra stíga fram, að fyrra bragði, án alls þrýstings og segja: „Mér er misboðið, ég get ekki og vil ekki horfa upp á fólk þjást. Við eigum að veita einstaklingum í neyð þá aðstoð sem hægt er, og sérstaklega huga að velferð barna. Við eigum að gera svo miklu meira en við erum að gera.“

Einmitt á þennan hátt hugsar fjöldi einstaklinga hér á landi. Af hverju getur það sama ekki átt við um ráðherra?



Mikið væri gleðilegt ef ráðamenn landsins byggju yfir sömu réttlætiskennnd og þeir einstaklingar sem brugðust við í máli Muhammed litla.

Halldór



Frá degi til dags

Glatað kerfi

Nú þegar skýrsla Innri endurskoðunar um Sorpu liggur fyrir bíður fólk þess að framkvæmdastjórnin svari fyrir sig. Heyrist lítið frá stjórninni á meðan. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík er þegar kominn með lausnina: Að fækka Sjálfstæðismönnum í stjórnun. Bygðasamlagskerfið er handónýtt því að Reykjavík á svo fáa fulltrúa. Ætti borgin að hafa fjölda í samræmi við eignarhlut, því þá verður félögunum betur stýrt. Í stjórn Sorpu sitja þrjú Sjálfstæðismenn, fimm í stjórn Strætó og slökkviliðsins. Hvað ætli þessum fulltrúum finnst um að flokkssystkini þeirra í Reykjavík treysti betur þeim sem byggðu Braggann og Mathöllina til að stýra byggðasamlögunum?

Málið rætt

Stjórn Sorpu kom saman á fimmtudag í fyrsta skipti eftir að framkvæmdastjórnin var settur í fri. Á dagskrá var einmitt teður stjóri og í fundargerð stendur einfaldlega „Málið rætt“. Lítið er því hægt að rýna í umræðurnar en búast má við að þær hafi verið lágstemmdar og vandræðalegar í ljósi þess að einn maður var látinn taka fallið þrátt fyrir augljósan eftirlitsbrest stjórnarmanna. Það er þó ágætt að þau séu alla vega að tala saman, því miðað við skýrsluna virðist það ekki alltaf hafa verið raunin. kristinnhaukur@frettabladid.is

Hringferð fyrir öflugt og skapandi atvinnulíf



Bjarni Benediktsson
fjármála-
ráðherra



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
ferðamála-,
iðnaðar- og
nýsköpunar-
ráðherra

Lítil og meðalstór fyrirtæki í verslun, framleiðslu, þjónustu og nýsköpun af öllum toga eru lífæð atvinnulífsins. Það er lykilatriði að slíkum fyrirtækjum vegni vel enda margbreytilegt og kröftugt atvinnulíf forsenda hagsældar og velferðar hvers samfélags. Þess vegna leggur þingflokkur Sjálfstæðisflokksins höfuðáherslu á að heimsækja lítil og meðalstór fyrirtæki í hringferð sinni um landið að þessu sinni. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins ætlar að sækja heim tugi sveitarfélaga á næstu vikum, halda opna fundi og líta inn á vinnustaði. Það styrkir okkur í þingstörfunum að hitta fólkið í landinu og heyra sögur þess og sjónarmið.

Kjördæmavikan, þegar hlé er gert á þingstörfum, hefur jafnan gefið þingmönnum tækifæri á að fara út í kjördæmin og hitta kjósendur. Þingmenn hafa þá lengst af farið í sín eigin kjördæmi og sinnt þeim. Hringferð þingflokks Sjálfstæðisflokksins hefur breytt þessu. Nú fara allir þingmenn flokksins saman um landið allt, svo þingmennirnir fái að heyra þau sjónarmið sem brenna á fólki, á hverjum stað og í hverju kjördæmi. Þannig fáum við heildstæða sýn á hagsmunum þjóðarinnar allrar, hvort sem er til sjávar eða sveita, landsbyggðar eða höfuðborgarsvæðis. Þetta fyrirkomulag hefur mælt vel fyrir og höldum við því uppteknum hætti.

Hringferðin hefst í höfuðborginni
Hringferðin hefst í höfuðborginni á fimmtudagskvöldið 6. febrúar á Kaffi Reykjavík með ávörpum formanns og forystufólks í Reykjavíkurborgarmunum. Að því loknu gefst fólki tækifæri til að eiga gott spjall við alla þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Sami háttur verður hafður á um landið allt á næstu vikum en strax á föstudaginn liggur leiðin vestur á firði og þaðan verður farið um allt Norðurland og yfir á Austfirði. Þetta er bara fyrsti leggur ferðar en markmiðið er sem fyrr að heimsækja sem flest byggðarlög landsins. Við erum á réttri leið og hlökkum til ferðalagsins.

Tilkynning

Finanzas Forex - 11 ára Minning.

Haustið 2008 urðu íslensku bankarnir gjaldþrota. Margir misstu sparifé sitt. Þá var hópur fólks, sem hvatti aðra til að leggja peningana sína í Ponse gjaldeyrisbrask, sem hét Finanzas Forex. Þetta Finanzas Forex var byggt á „multi-level marketing service“ uppbyggingu. Þannig að þeir sem komu fyrst inn græddu mest en þeir sem koma síðar töpuðu öllu sínu. Það eru mörg fyrirtæki, sem eru upp byggð á „multi-level marketing service“ t. d. Herbalife, Newskin, Gano, GoldQuest, Auvestia. Þessi tvö síðast nefndu eru gull fyrirtæki þar sem fólk getur keypt gull.

Mér var sagt þegar Finanzas Forex var kynnt fyrir mér að það væri öruggara en banki og að Finanzas Forex myndi bjarga Íslandi eftir fjármálahrunið 2008. Þess vegna lagði ég þúsund dollara í þetta fyrirtæki þann 6. febrúar fyrir nákvæmlega 11 árum síðan.

Það eru mörg „multi-level marketing service“ fyrirtæki sem við þurfum að vara okkur á eins og til dæmis JooGo, sem mér var sagt að ég myndi græða á en það reyndist ekki rétt. Þannig varði ykkur á „multi-level marketing service“ söluhöfðingum það er ekki alltaf rétt það sem þeir segja. Gallinn við þessa „multi-level marketing service“ er að fólk vill fá fjölskyldu sína, vini og kunningja inn í þessi fyrirtæki og oft er árangurinn af því sá að það verða vinaslit á milli fólks og fólk talar ekki saman.

Helgi Borgfjörð Kárasón.

P.S. Höfundur er verkamaður, sem vinnur í Fjölskyldu- og Húsdýragarðinum.



AF KÖGUNARHÓLI

Þögn um merkilegt nýmæli



Þorsteinn Pálsson

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra beitti sér fyrir afar merkilegu nýmæli í fyrri tengslum við endurskoðun stjórnarskrárinnar. Það fólst í umfangsmiklu almenningsráði með sérstakri rökræðukönnun.

Niðurstöðurnar voru kynntar í síðasta mánuði. Þar er mikill efniviður til að lyfta umræðu um þetta þýðingarmikla pólitíska viðfangsefni Alþingis á herra plan.

Brýnt að skerpa pólitíska rökræðu

Vel var staðið að framkvæmd könnunarinnar. Hún dró fram viðhorf til fjölmargra álitafna, sem tengjast stjórnarskránni. Með sérstökum umræðufundi var síðan kannað hvort rökræður hefðu áhrif á viðhorf þátttakenda. Þær niðurstöður eru sérlega áhugaverðar og sýna mikilvægi þess að skerpa pólitíska rökræðu í landinu.

Vitaskuld sýnist mönnum sitt hvað um það, sem lesa má úr könnun sem þessari, eftir því hvar menn standa sjálfir. En það breytir ekki hinu að hér er málefnalegur efniviður fyrir almenna umræðu í þjóðfélaginu og ekki síður fyrir stjórnmalamenn, sem ætlast má til að þeir ræði og taki rökstudda afstöðu til.

Í því ljósi veur athygli að fjölmiðlar hafa ekki gefið þessu nýmæli mikinn gaum. Og enn sérkennilegra er að lítil sem engin umræða hefur farið fram á vettvangi stjórnmalanna.

Auðlindaákvæðinu var sleppt

Í könnun eins og þessari er ekki unnt að spyrja allra spurninga. En sérstaka



athygli veur að ekki var spurt út í auðlindaákvæðið, sem er á dagskrá fyrsta áfanga stjórnarskrárendurskoðunarinnar. Trúlega er þetta þó eldfimasta álitafnið.

Svo stendur á í þessu tilviki að ríkisstjórnin og Miðflokkurinn leggjast alfarið gegn þeim hluta tillögu auðlindanefndar um þjóðareign að bundið verði í stjórnarskrá að endurgjald skuli koma fyrir tímabundin ofnot. Aðrir flokkar vilja virða þá samstöðu um tímabindingu, sem tókst í auðlindanefndinni og áþekka niðurstöðu stjórnlagaráðs.

Í kosningum á næsta ári gæti þessi ágreiningur orðið eitt helsta bitbeinið. Af öllum viðfangsefnum stjórnarskrárendurskoðunarinnar hefði verið forvitnilegast að hafa þetta með í almenningsráðinu. Ærin ástæða er því til að efna til sérstakrar rök-

ræðukönnunar um þetta efni áður en Alþingi tekur loka ákvörðun.

Jafnt vægi atkvæða

Eitt af viðfangsefnum könnunarinnar var kjördæmaskipan, atkvæðavægi og persónukjör. Í almennu könnuninni kom fram að riflegur meirihluti eða um sextíu af hundræði var sammála því að jafnt vægi atkvæða væri mikilvægasta markmið breytinga á kjördæmaskipan. Þegar rökræðan hafði farið fram hafði þessi meirihluti vaxið í rúma tvo þriðju hluta.

Þetta eru mjög afgerandi niðurstöður. Eins og málum er háttað fá stjórnmalaflokkar þingmenn í nokkuð góðu samræmi við heildaratkvæðafjölda. Reglurnar tryggja jafnræði þeirra. En þær mismuna einstaklingunum, sem ljá þeim atkvæði, með óviðunandi hætti.

Þessar niðurstöður gefa því fullt tilefni til að taka þetta jafnréttis- og mannréttindamál á dagskrá.

Framsál valdheimilda

Annað dæmi um áhugavert álitamál var könnun á viðhorfi til alþjóðlegs samstarfs og framsals valdheimilda. Spurt var hvort gera þyrfti breytingar á stjórnarskrá til að stjórnvöld gætu gengist undir skuldbindingar, sem alþjóðasamstarf kynni að krefjast. Fyrir rökræðurnar voru fjórutíu og fimm af hundræði sammála en eftir þær voru tveir þriðju hlutar á þeirri skoðun.

Hér er athyglisvert hversu rökræðan breytti miklu. En um leið eru þetta mjög skýr skilaboð um það almenna viðhorf að stjórnarskráin eigi ekki að útiloka samstarf af þessu tagi fyrir fram, heldur mæla fyrir um leikreglur óháð átökum um það hvort eða hvenær slík skref verða stigin.

Skúffa gleyskunnar

Í heild skilaði þetta almenningsráð lærdómsríkum niðurstöðum. Forganga Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra um þessa rökræðukönnun er lofsverð. En skúffa gleyskunnar er ekki rétti staðurinn fyrir þetta nýmæli. Þar kemur það að litlu haldi fyrir aðra en fræðimenn og grúskara og verður ekki vitnisburður um árangursríkt framtak til að efla almenna rökræðu í landinu.

En kannski er þögnin, sem ríkt hefur til þessa, bara eins og logn á undan hressilegum umræðustormi. Vonandi.



Þessar niðurstöður gefa því fullt tilefni til að taka þetta jafnréttis- og mannréttindamál á dagskrá.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsbörðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendinga lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst a.orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



*Prentmæling Gallup, 12 - 80 ára, okr. - des. 2019. Mannfjöldatölur Hagstofu Íslands 2019

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Alvarleg krísa í Katalóníu

Það eru átök innan veggja Barcelona. Viðtal sem íþróttastjórinn skellti sér í dregur dilk á eftir sér. Besti leikmaður heims tók því ekki þegjandi.

FÓTBOLTI Ef Leo Messi setur færslu í Story á Instagram munu 145 milljónir fylgjenda hans trúlega skoða þá færslu. Bládamenn þar á meðal. Yfirleitt er hann ekki með sögu og yfirleitt eru póstarnir hans frekar saklausir, af honum að leika sér við hundinn sinn eða eitthvað álíka. Hann er ekki mjög spennandi karakter þótt hann sé besti knattspyrnumaður í heimi.

Það kom því eins og þruma úr heiðskíru lofti að Messi skyldi bauna all hressilega á yfirmann sinn og fyrrverandi samherja, Eric Abidal, á Instagram.

Abidal hafði farið í viðtal við Diario Sport þar sem hann fór um víðan völl og kom meðal annars inn á það þegar Ernesto Valverde var rekinn frá félaginu. Messi virtist vera náinn Valverde og ánægður með hans störf því að á Instagram skrifaði hann: „Ég er viss um að þú munir standa þig vel hvert sem þú ferð því ásamt því að vera frábær atvinnumaður ert þú stórkostleg persóna. Gangi þér vel og risa knús.“ Flestir fjölmiðlar voru sammála. Þetta var hjartnæm kveðja. Abidal kenndi leikmönnum um hvernig fór fyrir Valverde og sagði að margir leikmenn hefðu ekki verið sáttir og ekki lagt sig fram. Þá hefðu samskiptaörðugleikar verið innan hópsins. „Það voru hlutir sem ég, sem fyrrverandi leikmaður, gat fundið á mér. Ég sagði félaginu hvað mér fannst og við komumst að niðurstöðu,“ sagði Abidal í viðtalinu.

Þetta var Messi ekki sáttur við. Hann skundaði fram á ritvöllinn og sagði í langri færslu á samskiptamiðlinum að þótt hann væri ekkert sérstaklega hrifinn af því að gagnrýna aðra þá eiginlega gæti hann ekki setið á sér. „Mér finnst allir verða að bera ábyrgð á sínum verkum og sínu hlutverki. Leikmenn eru ábyrgir fyrir hvað gerist innan vallar og við erum fyrstir til að viðurkenna það ef við erum ekki að standa okkur nægilega vel. Þeir sem bera ábyrgð á íþróttahlutanum verða að bera ábyrgð á sínum aðgerðum og sínum ákvörðunum. Að lokum finnst mér að þegar talað er um leikmenn þá verði að nefna nöfn. Annars liggur allt liðið undir grun.“

» Lionel Messi vantar 56 leiki til að jafna leikjemet Xavi hjá félaginu en Xavi lék á sínum tíma 767 leiki.

Spænska pressan ærðist í gær og nafn Messi og Abidal voru hvert sem litið var. Fréttamiðlar um heim allan fóru að skoða málið og kryfja það til mergjar. Spænska útvarpsstöðin RAC1, sagði að Josep Maria Bartomeu, forseti félagsins, hefði boðað til neyðarfundar og vildi hitta Abidal sem fyrst. Spænski miðillinn AS segir að viðtalið gæti hafa verið kornið sem fyllti mælinn hjá Abidal og hann yrði rekinn. Þeir leikmenn sem Abidal hefur komið með til félagsins hafa ekki beint verið að blómstra og honum mistókst að koma með framherja til liðsins í janúarglugganum. AS bendir á að það sé mun auðveldara að losa sig við Abidal en Messi.

ESPN bendir á að Messi sé að ráðast á valdastigann innan félagsins. Messi sé ósáttur við forsetann og Abidal og sé farinn að hugsa sér til hreyfings. Ef hann var ósáttur við Abidal væri þá ekki eðlilegt að strunsa inn á skrifstofu hans og hella úr skálum reiðar sinnar? Þeir hafa jú þekkt í 13 ár og voru liðsfélagar í sex ár. En Messi fór aðra leið og lét hann heyra það fyrir framan heiminn.

Barcelona hefur í mörg ár tekið léttan pepphring fyrir leiki. Komið saman og hlustað á visku fyrirliðans eða Gerard Pique eftir upphitun. Gegn Valencia voru Pique og Antoine Greizmann tilbúnir í einn slíkan hring en Messi strunsaði fram hjá og leikmenn hættu við. Pique sagði greinilega eitthvað við hann en Messi skundaði inn í klefa.

Það styttist í forsetakosningar hjá Barcelona en kjörtímabili Bartomeu lýkur á næsta ári. Þá einmitt rennur samningur Messi út við félagið. Hvort Messi hafi verið að ráðast á alla sem sitja á skrifstofunni og taka ákvarðanir varðandi félagið eða bara gamla vin sinn Abidal mun tíminn leiða í ljós. Miðað við ástandið núna er jafnvel búist við að forsetakosningum verði fliytt um eitt ár.



Lionel Messi hefur iðulega ekki tjáð sig um það sem gerist á bak við tjöldin hjá Barcelona. NORDICPHOTOS/GETTY

Messi er ekki vanur að rugga bátnum. Hann gerði það síðast þegar hann hætti í argentínska landsliðinu árið 2016. Hann hætti við þann gjörning eftir að argentínska sambandið gerði allt sem það gat til að fá hann til að endurskoða ákvörðun sína.

Barcelona þarf að halda stórstjórnu sinni ánægðri. Það styttist í að samningur Messi klárast og það er ekki að sjá að félagið sé með ein-

Messi á tímabilinu

Leikir	24
Mörk	19
Stoðsendingar	12
Prennur	2

Messi á ferlinum

Leikir	849
Mörk	692
Stoðsendingar	285
Prennur	53
Mörk á Nou Camp	366

hvern í sigtínu sem geti leyst hann af. Ekki að nokkur geti það.

Félagið stendur á tímamótum, það hefur tvisvar sinnum tapað mikilli forystu niður í Meistaradeildinni og þó þeir séu við toppinn heima fyrir er eitthvað sem kraumar undir niðri. Átökin bak við tjöldin eru komin fram á sjónarsviðið og það er ljóst að það er bullandi krísa í Katalóníu.

benediktboas@frettabladid.is

Gera ráð fyrir 2,4 milljörðum í endurbætur á Laugardalslaug

ÍÞRÓTTIR Samkvæmt fjárfestingaráætlun Íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur fyrir næstu fimm ár er gert ráð fyrir framkvæmdum við endurbætur á Laugardalslaug upp á 2,4 milljarða. Ef áætlunin stenst munu endurbæturnar taka um 23 prósent af áætladri fjárhagsáætlun ÍTR á meðan framkvæmdir standa yfir. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á næsta ári og ljúki árið 2024. Sextán ár eru liðin síðan lokid var við framkvæmdir á 50 metra innilaug sem er notuð sem keppnisslaug og hefur reynst fremsta sundfólki landsins vel.

Þegar Fréttablaðið leitaði svara hjá Reykjavíkurborg kom fram að undirbúningur væri hafinn að samkeppni og hugmyndavinnu. Fyrir-

» Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist á næsta ári og taki fjögur ár. Áætlað er að framkvæmdirnar muni kosta 2,4 milljarða.

hugað sé að bæta nýtingu mannvirkisins og endurskipuleggja laug, laugarsvæði og núverandi áhorf-

endastúku. Laugardalslaug tekur á móti 700.000 gestum á ári.

Samkvæmt svörum sem bárust þarf að sinna viðhaldi á laugarkeri útílaugarinnar ásamt því að uppfæra stjórnubúnað í kjallara laugarinnar. Búnaðurinn er kominn til ára sinna og nauðsynlegt er að endurnýja hann á næstu árum til að viðhalda gæðum og öryggi vatns í sundlaugakerfunum.

Þá sé tímabært að gera endurbætur á stúkunni sem var byggð á sjöunda áratug síðustu aldar. Ekkert hefur verið gert við stúkuna undanfarin fimmtán ár og þarf að fara í framkvæmdir til að laga yfirborð hennar. Þá hafa verið einhverjar hugmyndir um að nýta húsnæðið undir stúkunni betur. – kpt



Stúkan sem er hér í bakgrunni er komin til ára sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Háls

TÖFLUR

NS
NÓI SIRIUS

Meðal okkar allra



NÝTT

Land á leið undan vetri. Hjalandi lækir og ferskir vindar. Í fjarska vakir Hvannadalshnjúkur yfir umhverfinu, hæstur íslenskra tinda. Heilnæm og frískandi hafa íslensk fjallagrös haft áhrif til góðs á líkama og sál. Njóttu þess að ferðast um landið og taktu inn allt það góða sem það hefur að bjóða. Mundu bara að búa þig vel og haltu hálsinum góðum.

Háls — meðal okkar allra.

TÍMAMÓT



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

Jóns Valmundssonar

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hjallatúns í Vik fyrir góða umönnun.

Steinnun Þálsdóttir

Guðrún B. Jónsdóttir Sigurbjörn Hjaltason
Steinnun Jónsdóttir Ingólfur Hjörleifsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkæri faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Benedikt Ólafsson

fyrirverandi forstjóri Glófaxa, áður til heimilis að Langagerði 114,

lést þriðjudaginn 28. janúar sl. á LSH, Fossvogi. Útför hans fer fram frá Kristskirkju Landakoti föstudaginn 14. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítalasið Hringins.

Ólafur Benediktsson Kristín Benediktsdóttir
Birna E. Benediktsdóttir Hilmar Þórarinnsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

Sigrún Bjarkar Valdímarsdóttir

ferðapjónustubóndi, Dæli Viðidal,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga 1. febrúar síðastliðinn.

Viglundur Gunnþórsson

Hrafnhildur Ýr Viglundsdóttir Davíð Stefán Hansen
Vilmar Þór Viglundsson Anna Nordberg
Kristinn Rúnar Viglundsson Hallfríður Sigurbjörg Óladóttir
Eva Rún, Óskar Freyr, Gabriel Þór og Viglundur Bolli



Elskulegi sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,

Karl K. Berndsen

hárgreiðslu- og förðunarmeistari,

lést á hjúkrunarheimilinu Seltjörn að kvöldi þriðjudags 28. janúar. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 11. febrúar kl. 15.00.

Ingibjörg Friða Hafsteinsdóttir Þórður Þórðarson
Laufey K. Berndsen Ágúst J. Jónsson
Ernst K. Berndsen Þórunn Óladóttir
Mikael Karl Berndsen Kríá Súsanna Dieters
Eyþór Örn Berndsen Bryndis Sólvadóttir
Jón Ernst Berndsen
Friðvin Ingí Berndsen Ásgeir Kristjánsson
Friða Mónika Berndsen litlu frændsystkinin
Ari Alexander, Ágúst Breki, Elma Karitas, Izabella, Laufey Kamilla



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, bróðir og mágur,

Hjalmar Kristinn Aðalsteinnsson

iþróttakennari,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans laugardaginn 25. janúar. Jarðarförin fer fram frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 12. febrúar klukkan 13.00.

Margrét Björnsdóttir

Aðalsteinn Hjálmarsson Rósa Halldóra Hansdóttir
Kristín Ásta Hjálmarsson Erik Ensjo
Margrét Sigríður Árnadóttir
Ásta Aðalsteinsdóttir Aðalsteinn Guðmundsson
Ólafur Aðalsteinnsson Arna Guðlaug Einarsdóttir
og barnabörn.

Hamingja fæst ekki keypt

Hildi Knútsdóttur rithöfundur eru loftslagsmál hugleikin. Hún ætla að halda erindi á ráðstefnunni Við getum öll haft áhrif sem verður á morgun í Verslunarskólanum.

Mig langar að reyna að mála upp mynd af daglegu lífi í samfélagi sem ákveður að takast á við loftslagsbreytingar, segir Hildur Knútsdóttir rithöfundur um erindi sitt á ráðstefnu sem Grænfanaverkefni Landverndar stendur að í Verslunarskólanum á morgun, föstudag, milli klukkan 9.00 og 16.00.

„Ég veit að við þurfum að hugsa margt upp á nýtt,“ heldur Hildur áfram. „En það sem hefur einkennt umræðuna um loftslagsmál er að við þurfum að færa fórnir og ég set spurningamerki við það, því margt sem mengar mikið gerir okkur ekkert endilega hamingjusöm. Við getum ekki keypt okkur hamingju og að sanka að okkur drasli færir okkur hana ekki.“

Hildur telur ljóst að við þurfum að hægja á en segir slíkar aðgerðir geta fært okkur meiri lífsgæði en við njótum nú. „Stytting vinnuvikunnar gæti verið stór loftslagsaðgerð,“ bendir hún á. „Þá getum við skipulagt okkur betur og höfum meiri tíma til að elda hollan mat.



„Stytting vinnuvikunnar gæti verið stór loftslagsaðgerð.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég þekki þör sem verða að eiga bíl, jafnvel tvo, til að geta unnið fullan vinnudag og sótt börnin á leikskólann. Ef vinnudagurinn styttist höfum við kannski tíma til að labba með börnin í leikskólann og svo í vinnuna eða taka strætó – að hreyfa

okkur meira sem væri okkur líka til góðs.“ Ég veit að loftslagsvandinn verður ekki bara leystur með einstaklingsframtaki, við þurfum líka kerfisbreytingar en það er fullt sem við getum gert sjálf líka.“
gun@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma í Gröf,
Gerður Guðbjörnsdóttir

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Fellaskjöli, Grundarfirði, sunnudaginn 2. febrúar. Útför hennar fer fram frá Grundarfjarðarkirkju, laugardaginn 15. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð dvalarheimilisins Fellaskjöls, reikningsnúmer: 0321-13-301300, kt: 460110-1300.

Guðrún H. Bjarnadóttir Þorgeir Már Reynisson
Hjórdís H. Bjarnadóttir Ingi Þór Guðmundsson
Jón Sverrisson Sigurður Ólafur Þorvarðarson
Sjófn Sverrisdóttir Kristín Halla Haraldsdóttir
Lárus Sverrisson Eyleifur Ísak Jóhannesson
Haldóra Sverrisdóttir barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Þorgeir Guðmundsson

Strikinu 2, Garðabæ,
lést 19. janúar á LSH, Fossvogi. Hann verður jarðsunginn frá Víðalínskirkju Garðabæ mánudaginn 10. febrúar kl. 13.00.

Herborg Þorgeirsdóttir Sigurður I. Guðmundsson
Ragnhildur Þorgeirsdóttir Jóhannes Árnason
Kristín Þorgeirsdóttir Einar F. Hjartarson
Óli V. Þorgeirsson Bodil W. Vestergaard
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku mamma okkar, tengdamamma og amma,
Ólöf Sigríður Rafnsdóttir

lést 30. janúar 2020. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 10. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Geðhjálpar.

Sólveig Halldórsdóttir Þorsteinn Sigurður Guðjónsson
Kristín Auður Halldórsdóttir
Gunnar Páll Ingvarsson Mats Anderson
Ólöf Jóhanna Ingvarsdóttir og barnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Örnólfur Hall

arkitekt,
Lynghvammi 6, Hafnarfirði,

lést 30. janúar.

Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

Ásthildur Gígja Kjartansdóttir Sif Ægisdóttir
Helgi Friðjónsson Svandís B. Harðardóttir
Ragnar Darri Hall og afabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,
Ingvar Hreinn Bjarnason

(Ingi í Dropanum) málaramestari,
Krossmóa 3, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, sunnudaginn 2. febrúar.

Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, fyrir ómetanlega umönnun og stuðning.

Adam Ingvarsson Rákel Ársælsdóttir
Aníta, Gabriela, Natallía, Sebastian,
Jóhanna Ingvarsdóttir Andrés Þórarinn Eyjólfsson
Alísa Rún, Lovísa, Andri Þór og bræður hins látna.



FIMMTUDAGUR 6. FEBRÚAR 2020

Tíska



Tískuvikunni í Kaupmannahöfn er nýlokið. Þar var ríkjandi mikill metnaður hjá hönnuðum. Mótuð hefur verið þriggja ára stefna um sjálfbærni og umhverfisvernd á tískuvikum. ➔4



Í upphaldi hjá Trausta er að klæðast svarthvítum fötum. Hér er hann í röndóttum Carhartt-ból og svörtum frakka sem er í dálæti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ekkert leiðinlegt að henda sér í sparifötin

Rapparinn Pétur Trausti Friðbjarnarson frá Grenivík er af mörgum talinn fallinn demantur í íslensku rappsunni. Hann segir alltof marga fá of lítið af ást og umhyggju í lífinu og vill frekar klæðast gömlum fötum en glænýjum. ➔2

MELTINGIN Í
1. SÆTI





Trausta finnst mikilvægt að klæðast fötum sem veita honum velliðan. Hér er hann í hlýrri peysu frá North Face sem honum þykir bæði flott, hlý og þægileg.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Þórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Mitt besta tiskuráð er að hugsa ekki um of um klæðaburð annarra né hvað öðrum finnst. Finnið fyrst og fremst fót sem ykkur líður vel í. Það skiptir ekki máli hversu dýr eða ódýr flíkin er, svo lengi sem manni líður vel með sjálfan sig í henni. Það er það sem skiptir mestu í lífinu; að vera sáttur í eigin skinni og hafa nóg sjálföruggi til að vera maður sjálfur," segir

Trausti sem lýsir sínum stíl sem hversdagslegum.

„Ég hef aldrei velt tisku eða útliti mikið fyrir mér en tiskuáhuginn hefur þó aukist með árunum. Það skiptir mig mestu máli að klæðast þægilegum fötum og ég mundi líka segja að stillinn minn felist í því að nota gömul fót í staðinn fyrir glæný," upplýsir Trausti.

Fyrirmynd hans í klæðaburði er bandaríski R&B-rapparinn Bryson Tiller.

„Ég vil að stillinn minn sýni að ég taki lífinu ekki alltof alvarlega en að ég haldi samt í fin og látlaus fót frekar en að þau séu of

áberandi. Þegar ég vil vera flottur til fara fer ég í síðerma hvítan eða svartan bol, svarta Nike Janoski-skó, svartar gallabuxur og set á mig derhúfu. Ég á til dæmis mjög flotta Kendrick Lamar Untitled Unmastered-derhúfu sem mér þykir einkar vænt um og fékk frá kærasta systur minnar," segir Trausti.

Uppáhalds tiskuverslunin hans er Herramenn á Laugavegi.

„Þar keypti ég minn fyrsta frakka sem er í algjöru upphaldi hjá mér núna. Mér finnst heldur ekkert leiðinlegt að henda mér í sparifötin," segir hann hlæjandi.

„Ég hef engin húðflúr en finnst góð ermi líta einna best út af öllum öðrum tattústöðum líkamans. Því hef ég mikinn áhuga á að fá mér persónulega og þýðingarmikla ermi á vinstri handlegg.“

Með kærustunni á Sigló

Trausti er 22 ára og heitir fullu nafni Pétur Trausti Friðbjörnsson.

„Ég varð áhugasamur um tónlist þegar ég var þrettán ára og byrjaði að leika mér í tónlistarforriti sem bróðir minn átti. Á sautjanda árinu fór ég svo að fíka við að búa til takta og skrifa texta og árið 2016 var ég farinn að rappa og syngja," segir Trausti sem er af mörgum talinn falinn demantur í íslensku rappsenu og hefur meðal annars unnið með Arnari Frey í Úlfi Úlfi.

Freyi semur öll sín lög, texta og takta sjálfur og fyrir viku gaf hann út lagið Tapa mér sem hann mixaði sjálfur en Addi800 tók að sér að mastera lagið fyrir Trausta. „Lagið fjallar um ást og umhyggju, sem því miður margir fá alltof lítið af. Ýmsar tilfinningar, bæði góðar og slæmar, verða mér að yrkisefni. Líka upplifanir, ímyndunaraflíð og draumar," útskýrir Trausti.

„Mér finnst bæði einstakt og fagurt að geta samið lög um líf mitt og tilveru. Það er fullt af nýrri tónlist frá mér á leiðinni og mér



Trausti í dökkblá- og gulröndóttum bol undir svörtum pólójakka.

„Mér finnst bæði einstakt og fagurt að geta samið lög um líf mitt og tilveru.“

þykir rosalega vænt um að fólk gefi sér tíma til að hlusta á hana," segir Trausti.

Hann býr nú á Siglufirði til að vera nær kærustunni sinni.

„Mig dreymir um að geta ein-

beitt mér 100 prósent að tónlistinni og að flytja til Reykjavíkur með kærustunni. Annars þykir mér mjög þægilegt að vera einn með sjálfum mér í kyrrðinni á Sigló og heima á Grenivík. Maður fær þar mjög gott næði til að semja þar tónlist og texta," segir Trausti sem frumsýnir nýjasta tónlistar-myndbandið sitt á Prikinu annað kvöld, föstudaginn 7. febrúar, frá klukkan 19 til 20.

„Ég vona að sem flestir mæti og hafi gaman af og hver veit nema ég taki lagið," segir Trausti fullur tilhlökkunar.

NÝ SENDING AF VORVÖRUM



ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR

Tískan

Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður:
Torg ehf. | Jóhanna Helga
Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5768 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768



Yoek jakki
Verð: 29.980
Nú: 11.992



Nero Giardini skór
Verð: 25.980
Nú: 10.392



Yoek kjóll
Verð: 28.980
Nú: 11.592



Mos Mosh bolur
Verð: 9.980
Nú: 3.992



Mos Mosh buxur
Verð: 26.980
Nú: 10.792



Mos Mosh jakki
Verð: 33.980
Nú: 10.194

VERÐHRUN 60-80% afsláttur



Yoek kjóll
Verð: 29.980
Nú: 8.994



Wonders fóðraðir kuldaskór
Verð: 32.980
Nú: 13.192



Depeche leðurpils
Verð: 24.980
Nú: 9.992



Yoek kjóll
Verð: 29.980
Nú: 11.992



Mos Mosh kjóll
Verð: 36.980
Nú: 14.792



Mos Mosh kjóll
Verð: 32.980
Nú: 13.192



PBO kjóll
Verð: 32.980
Nú: 13.192



Mos Mosh gallabuxur
Verð: 17.980
Nú: 7.192



PBO kjóll
Verð: 39.980
Nú: 15.992



Mos Mosh jakki
Verð: 38.980
Nú: 15.592

hjá
Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

NÝJAR VÖRUR VOR 2020



NETVERSLUN WWW.BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna

belladonna



Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



Þóra Valdimarsdóttir og Jeanette Madsen fagna sýningunni. Þær starfa undir merkinu Rotate Birger Christensen.

Glæsileiki í Kaupmannahöfn

Tískuvikunni í Kaupmannahöfn er nýlokið. Þar var ríkjandi mikill metnaður hjá hönnuðum. Mót- uð hefur verið þriggja ára stefna um sjálfbærni og umhverfisvernd á tískuvikum.

Tískuvikan í Kaupmannahöfn er haldin tvisvar á ári, í lok janúar og í ágúst. Þangað sækja hönnuðir frá öllum Norðurlöndunum og sýna nýjustu tisku. Tískuvikuna sækja verslunareigendur og innkaupastjórar verslana til að panta það nýjasta. Að þessu sinni var sýnd tíska fyrir komandi haust og vetur 2020-2021.

Margir þekktir hönnuðir vöktu athygli eins og danska merkið Ganni sem hélt sig við jarðtóna liti

og mikið skinn. Stíllinn var grófkennur og stórir jakkar og þykkbotna skór voru allsráðandi.

Hin íslenska Þóra Valdimarsdóttir og vinkona hennar Jeanette Madsen stýra saman hönnunar- fyrirtæki undir nafninu Rotate by Birger Christensen og vöktu kjólar þeirra verðskuldaða athygli.

Það verður margt skemmtilegt að gerast í norræna tískuheiminum á næstunni og haustið mun henta íslenskum konum vel.



Glæsilegur kjóll frá By Malene Birger sem sýndur var á tískuvikunni.



Dragt frá By Malene Birger.



Dragt frá Þóra og Jeanette sem þær framleiða undir merkinu Rotate Birger Christensen.



Svolitið groddað fyrir næsta vetur frá Ganni.

ALGJÖRT
VERÐHRUN
Á ÚTSÖLUVÖRUM

Aðeins 5 verð

2000.-
3000.-
4000.-
5000.-
6000.-

str. 36-56

Útsölubuxur
kr. 3.900

Ríta



Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

DAG HVERN LESA


93.000

ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI
HEILD FRETANINGARBLAÐS ÖLF 2019: 17.800.000
ALLT ANNAHVAÐ ER ÍSLENSKA WWW.OLFOSTUR.IS

Vetrarhátíð

FIMMTUDAGUR 6. FEBRÚAR 2020

Kynningar: Kópavogur, Mosfellsbær, Reykjavík, Seltjarnarnes, Hafnarfjörður.



VETRARHÁTÍÐ 6. - 9. FEBRÚAR 2020



**FJÖLBREYTT
DAGSKRÁ
FYRIR ALLA**

**VETRARHÁTÍÐ
6.-9. FEBRÚAR 2020**

VETRARHATID.IS

#vetrarhatid





Listakonan Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir (ÚaVon) og Álfheiður Erla Guðmundsdóttir sópransöngkona.



Safnanótt er fyrir alla fjölskylduna og fá börnin nóg skemmtilegt að gera.



Hápunktur Safnanætur verður þegar Gáru varpast á Kópavogskirkju.

Dýrðleg Vetrarhátíð í Kópavogi

Vetrarhátíð fer fram í Kópavogi 7. og 9. febrúar. Safnanótt er haldin á föstudag og Sundlauganótt á sunnudag. Mikið er lagt í Vetrarhátíð nú sem endranær og afar metnaðarfull dagskrá í Kópavogi.

Safnanótt í Kópavogi er hugsuð fyrir alla fjölskylduna. Boðið verður upp á 28 ólíka viðburði í Menningarhúsunum; fjölbreyttar smíðjur, tónleika, leiðsagnir, fyrirlestur, ratleiki og margt fleira. Í ár er Safnanótt í Kópavogi með kvikmyndapema og endurspeglast það í þeim fjölmörgu viðburðum sem Menningarhúsin bjóða upp á.

Margt verður í boði á Gerðarsafni þar sem ljósmyndasýningin Afrit var opnuð nýlega ásamt yfirlitssýningu á verkum Gerðar Helgadóttur. Sópransöngkonan Álfheiður Erla Guðmundsdóttir mun leiða gesti Safnanætur um sýningarnar tvær.

„Ég mun syngja hin ýmsu söngljóð sem mér finnst hæfa verkunum og ljósmyndunum. Þessi sameining listformanna hefur lengi vakið áhuga minn þar sem ég starfa einnig sem ljósmyndari. Það verður því

spennandi að upplifa hvernig litir, áferð og form hafa áhrif á þá tóna sem ég kys að syngja þá stundina,“ segir Álfheiður sem er búsett í Berlín og hlaut nýverið styrk frá Tónlistarsjóði Rótarý til frekara náms.

Kvikmyndapersónur á vappi

Í húsi Bókasafns Kópavogs og Náttúrufræðistofu Kópavogs verður stanslaus dagskrá frá klukkan 17 til 23. Á meðal dagskrárliða er skemmtilegt fjölskylduquiz með Sigrun Blöndal, kvikmyndaquiz með Pub Quiz Plebbunum, erindi um íslenskar náttúrufræðimyndir, leiðsögn um nýja sýningu Náttúrufræðistofu og fjöldi skemmtilegra smíða fyrir alla fjölskylduna. Svo er aldrei að vita nema gestir rekist á sína uppáhalds kvikmyndapersónu á vappi um húsið, en gestir eru hvattir til að taka þátt

í kvikmyndapemanu og mæta í búningum.

Í Salnum mun stuðhljómsveitin Mandólin spila skemmtilega blöndu af tangó, gyðingatónlist og kvikmyndatónlist í huggulegri kaffihúsastemningu. Hljómsveitin samanstendur af sjö tónlistarmönnum sem syngja og spila á harmóníkur, fiðlur, klarínett, kontrabassa og gítar en Mandólin var stofnuð í Kópavogi fyrir sex árum. Á Héraðsskjalasafni verður hægt að hlusta á erindi um álfa, drauga og fleira fólk og sjá upptöku af áhugaverðum viðtölum við þrjá heldri Kópavogsbúa.

Gáru inn í ímynd hugans

Hápunktur Safnanætur í Kópavogi er án efa vörpun á Kópavogskirkju. Listakonan Sigrún Halldóra Gunnarsdóttir, sem gengur undir listakonunafninu ÚaVon, skapaði

verkið Gáru sem verður varpað á kirkjunna í ár.

„Gáru er óður til sjávar og vatns. Verkið verður til í undirvitundinni. Það er ekkert upphaf og enginn endir, þetta er mynd inn í hugann – ímynd hugans,“ segir ÚaVon um verkið.

„Sjálfr er ég fædd og uppalin á Borgarholtsbraut í Kópavogi og var með útsýni yfir Kópavogskirkju alla mína ævi. Þar lék ég mér í móanum á hverjum einasta degi æskunnar. Þetta er því kirkjan mín. Hér var ég skírð og fermd,“ segir ÚaVon sem hefur sterkar taugar til kirkjunnar. „Það að fá að vinna með þessi element, vatnið og hafði, sem eru svo mikið í brennidepli núna í umhverfismálum, og varpa því á kirkjuna er svo mikill heiður fyrir mig.“

Kveikt verður á listaverkinu klukkan 18 á Safnanótt.

Tónleikar á sundlaugarbakka

Dagskrá Safnanætur í Kópavogi hefst klukkan 17 og stendur til klukkan 23. Það eru Menningarhúsin í Kópavogi, Kópavogskirkja og Midpunkt gallerí sem taka þátt í Safnanótt auk þess sem Pure Deli í Gerðarsafni verður opið.

Sundlauganótt verður svo á sunnudeginum 9. febrúar í Sundlaug Kópavogs. Fritt er í sundlauginna frá klukkan 17 en dagskráin hefst klukkan 18 með Aqua Zumba og Aqua Jóga. Klukkan 20 hefst tónleikar með Hreimi Erni Heimisssyni og svo tekur Svavar Knútur við klukkan 21 með sína tónleika. Sundlauginni er lokað klukkan 22.

Allar nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Safnanótt og Sundlauganótt í Kópavogi | Vetrarhátíð 2020 og á kopavogur.is

Spennandi dagskrá fyrir alla fjölskylduna

Föstudagurinn 7. febrúar

■ Kl. 17-23

Kvikmyndaratleikur um allt Bókasafn Kópavogs.

Skapandi samverustund í Stúdíói Gerðar í Gerðarsafni.

Náttúran heim í stofu. Farið yfir helstu náttúrufræðimyndir, -seríur og -þætti á Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Búðu til þína eigin náttúrufræðimynd á Náttúrufræðistofu Kópavogs og merktu hana #kopnott2020.

Óhræsið. Teiknismiðja út frá ljóði Jónasar Hallgrímssonar á Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Hvað er í kassanum? Þrautaleikur á Náttúrufræðistofu.

■ Kl. 18-23

Gáru. Kópavogskirkja upplýst með listaverki ÚaVon.

■ Kl. 17

Perlum tviundarkóðahálsfestar á Bókasafni Kópavogs.

■ Kl. 17.30

Fjölskylduquiz með Sigrun Blöndal á Bókasafni Kópavogs.

■ Kl. 18

Sögur og sagnir úr Kópavogi á Héraðsskjalasafni Kópavogs.

Hreyfimyndasmiðja á Gerðarsafni. Takið með figúrur og dot og snjalltæki.

Kvikmyndapersónur á sveimi á Bókasafni Kópavogs. Gestir eru hvattir til að mæta sjálfir í búningum.

■ Kl. 18.30

Vertu þitt eigið listaverk á Bókasafni Kópavogs og deildu því með okkur #kopnott2020.

Leiðsögn um sýninguna Heimkynni á Náttúrufræðistofu Kópavogs.

■ Kl. 18.45

Leiðsögn um listaverk Gerðar Helgadóttur í Kópavogskirkju.

■ Kl. 19

Spegill fortíðar. Sýning á viðtölum við þrjá Kópavogsbúa á Héraðsskjalasafni Kópavogs.

■ Kl. 19.30

Syngjum saman dægur- og ættjarðarlög með Magneu Tómasdóttur í Kópavogskirkju.

■ Kl. 19.40

Leiðsögn um sýninguna Heimkynni á Náttúrufræðistofu Kópavogs.

■ Kl. 20

Ár í smíðum, sekúndur á skjánum! Fyrirlestur um íslenskar náttúrufræðimyndir og gerð þeirra á Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Múltíkultíkórinn syngur lög úr kvikmyndum í Gerðarsafni.

Leiðsögn listamanns og gjörningur á sýningunni Milli kynslóða í Midpunkt.

■ Kl. 20.30

Leiðsögn um sýningarnar Afrit og Gerður í Gerðarsafni.

■ Kl. 21

Tónleikar með Mandólin. Kaffihúsastemning með hljómsveitinni Mandólin í fordyri Salarins.

Sögur og sagnir úr Kópavogi á Héraðsskjalasafni Kópavogs.

Kvikmyndaquiz með Pub Quiz Plebbunum á Bókasafni Kópavogs.

■ Kl. 22

Spegill fortíðar. Sýning á viðtölum við þrjá Kópavogsbúa á Héraðsskjalasafni Kópavogs.

Sópransöngkonan Álfheiður Erla Guðmundsdóttir fer með söngleiðsögn um sýningarnar Afrit og Gerður í Gerðarsafni.



Sundlauganótt 9. febrúar

■ Kl. 18

Aqua Zumba með heilsuskóla Tanyu.

■ Kl. 19

Aqua Yoga með heilsuskóla Tanyu.

■ Kl. 20

Hreimur Örn Heimisson með tónleika.

■ Kl. 21

Svavar Knútur með tónleika.



Auður Halldórsdóttir segir mikið líf og fjör á bókasafni Mosfellsbæjar á Safnanótt þar sem gestir geta meðal annars fræðst um himingeiminn og farið í ratleik. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Mosfellsbær tekur þátt í Vetrarhátíð

Auður Halldórsdóttir, forstöðumaður bókasafns og menningarmála, segir nóg um að vera í Mosfellsbæ yfir Vetrarhátíðina en hátíðinni fylgir mikil gleði og stemning.

Í tilefni Safnanætur verður opið hús og fjölbreytt dagskrá í Bókasafni Mosfellsbæjar. „Bókasafnið tekur nú þátt í Safnanótt í fjórða skipti. Það er ávallt líf og fjör á safninu á þessum degi og börnin í bænum hafa sérstaklega verið dugleg að mæta á viðburði,“ segir Auður.

Skemmtimenntun

Sævar Helgi Bragason, betur þekktur sem Stjörnu-Sævar, segir á sinn lifandi og skemmtilega hátt frá stjörnuhimninum yfir Íslandi og boðið verður upp á stjörnu-skodun.

„Sævar Helgi verður með skemmtimenntun um næturhimininn yfir Íslandi og það sem við sjáum á honum. Hann flettir til dæmis hulunni af því hvaða ofboðslega skæru stjörnu við sjáum um þessa mundir og svo fá gestir að handleika loftsteina,“ skýrir Auður frá. „Auk Stjörnu-Sævars er boðið upp á ratleik þar sem þátttakendur eru leiddir um allt bókasafnið.“

Listilegt tónaflóð

Meðal þess sem boðið verður upp

Þetta er frábært tækifæri fyrir fjölskylduna að eiga saman notalega kvöldstund í sundi.

á eru ljúfir tónar, bæði frá listnæmum og kvennakór. „Hæfileikaríkir nemendur úr Listaskóla Mosfellsbæjar flytja kvikmyndatónlist úr kvikmyndum á borð við Harry Potter, Star Wars og Pirates of the Caribbean. Fram koma söngvararar, einleikarar og strengjasveit,“ segir Auður. „Svo mun mosfellski kvennakórinn Concordia, nýjasti kórinn í blómlegri kórflöru bæjarins, koma fram og syngja lög í anda þorrans.“

Þá gefst gestum kostur á að gægjast inn í hugarheim hæfileikaríkra listakonu. „Í Listasal Mosfellsbæjar spjallar listakonan Hjördís Henrysdóttir við gesti um sýningu sína Hafíð: Í minningu sjómanna. Hjördís er ástríðufullur frístundamálarí sem fengist hefur við margs konar listsköpun í yfir 50 ár. Á sýningu sinni í Listasal Mosfellsbæjar sýnir hún málverk

af úfnum sjó og bátum í sjávarháská,“ segir Auður.

Þekktasta Mosfellsbæingnum, Halldóri Laxness, verður að sjálf-sögðu gert hátt undir höfði á hátíðinni. „Opið verður í Gljúfrasteini, húsi Nóbelskaldsins, frá klukkan 19 til 22 og frítt inn. Starfsfólk mun taka vel á móti gestum, segja sögur, svarar spurningum og leika tónlist úr vínyl-plötusafni skaldsins.“

Á heimasíðu Gljúfrasteins segir: „Mosfellsdalurinn á þessum árstíma er engu líkur, aldrei að vita nema það sjáist til norðurljósa og að stjörnuhimininn skarti sínu fegursta.“

Líf og fjör í Lágafellslaug

Á lokakvöldinu verður svo slegið upp allsherjar sundlaugaveislu þar sem fjöldi skemmtiatriði verður á boðstólum fyrir alla aldurshópa og er viðburðurinn því tilvalinn fyrir fjölskyldur. „Sunnudaginn 9. febrúar verður Sundlauganótt haldin hátíðleg með skemmtun fyrir alla fjölskylduna í Lágafellslaug. Mosfellsbær hefur tekið þátt í Sundlauganótt frá árinu 2014 og hefur hún sannarlega fest sig í sessi. Mörg hundruð manns leggja leið

Dagskráin fyrir Sundlauganóttina í Lágafellslaug lofar góðu.

sína í Lágafellslaug og skemmta sér saman. Frítt er í lauginu frá klukkan 17 til 21.30 og boðið upp á zumba bæði fyrir börn og full-orðna. Leikhópurinn Lotta kíkir í heimsókn með söng og gleði á sundlaugarbakkanum og Bláðrar-

inn gleður börnin með blöðrum. Plötusnúður heldur uppi stuði allt kvöldið og Wipeout-brautin svin-sæla er í boði fyrir eldri börnin. Þetta er frábært tækifæri fyrir fjölskylduna að eiga saman notalega kvöldstund í sundi.“

Borgin lifnar við

Það verður nóg um að vera í Reykjavík á Vetrarhátíðinni sem fer fram í nítjándu sinn núna um helgina. Hátíðin verður sett í kvöld klukkan 19.45 með listaverkinu Sálu-messa jöklanna eftir Heimi Hlökk-ersson sem varpað verður á Hallgrímskirkju.

Ég fékk þá hugmynd í sumar að gera verk á Hallgrímskirkju. Verkið er bæði blanda af íslenskum jöklum en svo er ég líka með myndir af hrúni úr jöklum í Alaska þannig að þetta er svona óður til allra jökla," segir Heimir.

„Með verkinu reyni ég að breyta Hallgrímskirkju í jökul. Mér fannst kirkjan tilvalin því þetta eru svo rosalega stórir jöklar. Við gerum okkur í raun ekki grein fyrir því hvað þeir eru stórir. Hallgrímskirkja er tilvalinn staður til að sýna það og gefa fólki smá tilfinningu fyrir þessari stærð sem jöklarnir eru.“

Í framhaldi af setningu hátíðarinnar við Hallgrímskirkju verður sýningin Kyrie Eleison eftir Heimi opnuð í Ásmundarsal. Verkið er vídeó- og hljóðinnsetning unnin úr jökulis. Einnig verður Heimir með vörpun á Hafnartorgi sem Reginn styrkti.

„Í Ásmundarsal er ég að sýna jöklana í sinni smæstu mynd. Ég fór á fimm skriðjökla á Vatnajökli og náði mér í sýni úr jöklunum. Ég myndaði þá með macro linsu á meðan ég lét þá bráðna á vinnustofunni minni.“

Dropahljóðunum sem mynduðust við bráðnunina var breytt í tóna og þannig var jökulisinn notaður sem hljóðvaki. Tilgangur verksins er að vekja fólk til umhugsunar um hnattræna hlýnun með því að fókusera á bráðnun jöklanna í sinni smæstu mynd.

„Á Hafnartorgi sýni ég rosalega fallegar drónamyndir úr heimildarmyndinni Jöklaland. Þar birtast líka skilaboð á ensku um áhrif hnattrænnar hlýnunar á bráðnun jöklanna og ég sýni einnig brot út verkinu sem ég er með í Ásmundarsal," segir Heimir.

Sýningin í Ásmundarsal verður opin til 1. mars og verkið á Hafnartorgi verður sýnt í um tvær vikur. En verkið á Hallgrímskirkju verður bara núna um helgina á meðan Vetrarhátíð stendur yfir.

Ljóslistaverk um alla borg

„Í kjölfar setningarinnar verður kveikt á fleiri ljóslistaverkum um alla borg," segir Björg Jónsdóttir, einn af verkefnastjórum Vetrarhátíðarinnar.

„Það verður hægt að fara í Ljósa-göngu og ganga niður Skólavörðu-

stíginn sem verður allur lýstur upp og ljóslistaverk þar á nokkrum stöðum. Þá verða einnig ljóslista- verk í Pósthússtræti, Hafnarstræti og í Hörpu. Ljósa-gönguna er svo hægt að enda á Austurvelli þar sem verður ótrúlega flott þrívíddarljós- listaverk. Þessi verk verða meira og minna í gangi alla vetrarhátíðina.“

Listaverkið Tákni eftir Stein- unni Þórarinsdóttur verður lýst upp á föstudagskvöldinu. Við það tilefni verður frumflutt kórverk eftir breska tónskáldið Deborah Pritchard við ljóð mannréttinda- lögfræðingsins Dave Neita.

„Þetta eru stytturnar á þaki fjár- málaráðuneytisins við Arnarhól, en dagskráin þar hefst klukkan 20.00," segir Björg. „Fyrir um kvöldið verður vitinn á Sæbraut vígður og þar verður að sjálfsögðu karlakór sem syngur Brennið þið vitar. Í framhaldinu af því verður opið hús í Höfða til klukkan 21.00.“

Safnanótt verður haldin föstu- dagskvöldið 7. febrúar frá klukkan 18.00 til 23.00. Þá verða 50 söfn opin á öllu höfuðborgarsvæðinu sem bjóða upp á fjölbreytta dag- skrá. „Söfnin og sýningarnar brydda oft upp á einhverju nýju á Safnanótt til að laða fólk inn í söfn- in. Það verður meðal annars hægt að kíkja í geymslurnar á Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum og skoða verkin þar. Fólk fær þannig að upplifa safnið á annan hátt en venjulega. Einnig verður boðið upp á örleidsagnir um Hafnarhús, Ásmundarsafn og Kjarvalsstaði," segir Björg.

Í Árbæjarsafni verða tvær draugagöngur, önnur fyrir börn og hin fullorðna, í Ljósmyndasafninu verður parti, í Borgarbókasafninu verður svarthvitt og þögult kvik- myndabema og í Þjóðminjasafn- inu og Safnahúsinu verður mikið um að vera. Öll dagskrá Safnanæt- ur er ókeypis og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Með verkinu reyni ég að breyta Hallgrímskirkju í jökul. Mér fannst kirkjan tilvalin því þetta eru svo rosa- lega stórir jöklar.

Harpa breytist í næturklúbb

Á laugardaginn verður Vetrarblót þar sem sjónsnúðar munu spila á ljósa hjúp Hörpu við lifandi tónlist. Hörpu verður breytt í nokkurs konar næturklúbb með goðsagna- kenndum plötusnúðum.

„Það verður líka opið hús í Kramhúsinu. Það verður Rassa- hristipartí milli klukkan 16.00 og 20.00 og fólk getur mætt og lært sinn uppáhaldsdans," segir Björg.

Vetrarhátíð lýkur svo með Sund- lauganótt á sunnudeginum. Ellefu sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu verða opnar frá 17-22 og ýmislegt verður um að vera, eins og jóga, tónleikar, kajakasiglingar og fleira.


„Í Laugardalslaug verður stórt sundlaugapartí þar sem allt verður lýst upp og Dj Margeir spilar fyrir gesti," segir Björg.

Það er ljóst að nóg verður um að vera í Reykjavík um helgina fyrir unga sem aldna.

Allar nánari upplýsingar um dag- skrána má finna á vetrarhatid.is




Heimir sótti sýni úr fimm skriðjöklum til að nota í verk sem sýnt er í Ásmundarsal en sýningin verður opnuð í kvöld.



Á sunnudaginn verður mikið um að vera í sundlaugum borgarinnar. MYND/RAGNAR TH



Björg Jónsdóttir segir dagskrána í Reykjavík fjölbreytta sem aldrei fyrr. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Skissa af jökla- listaverkinu sem varpað verður á Hallgrímskirkju.



María Björk Óskarsdóttir og Kristín Arnþórsdóttir hlakka til að bjóða gesti velkomna á Bókasafnið á Safnanótt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Norðurljósin dansa á Nesinu

Safnanótt verður haldin hátíðleg í Bókasafni Seltjarnarness á fjölskylduvænum tíma og fjölbreytt dagskrá í boði.

María Björk Óskarsdóttir, sviðsstjóri menningar- og samskiptasviðs Seltjarnarnesbæjar segir ljósin og einkum norðurljósin leika stórt hlutverk í hátíðarhöldunum. „Á vanda hefjum við Vetrarhátíð með því að lýsa upp táknræn hús á Nesinu eins og Gróttuvita og Seltjarnarneskirkju sem sjást langt að. Það er virkilega fallegt að sjá þau böðuð í norðurljósalitum Vetrarhátíðar. Ótrúlegt en satt, þá hafa hin einu sönnu norðurljós líka oft látið sjá sig þessa daga. Það er mikil upplifun að sjá þau hreinlega stíga dans á himnum ekki síst úti við Gróttu þar sem myrkið er svo mikið. Spannandi að vita hvort þau láti sjá sig á þessari Vetrarhátíð! Safnanóttin verður haldin á Bókasafni Seltjarnarness á föstudeginum og á sunnudeginum verður svo Sundlauganótt í Sundlaug Seltjarnarness. Hátíðin er löngu búin að festa sig í sessi hér en við höfum verið þátttakendur í fjölda ára og leggjum alltaf áherslu á metnaðarfulla dagskrá.“

Stanslaust stuð og fjölskylduvænum dagskrá

Á Seltjarnarnesi er Safnanótt fyrst og fremst helguð fjölskyldufólki að sögn Maríu. „Það má klárlega segja að þetta árið muni Safnanóttin á bókasafninu einkennast af stanslausu stuði og miklu fjöri frá byrjun til enda. Við verðum með mjög fjölskylduvæna dagskrá og erum með okkar Safnanótt frá klukkan 17 – 21 sem hentar íbúum hér vel. Það er máturegur tími fyrir barnafólkið en þeir sem vilja halda áfram í menningunni geta þá auðveldlega kíkt í framhaldi á aðra viðburði, til dæmis skotit út á Granda eða í miðbæinn. Við verðum bæði með tímasetta viðburði og ýmislegt flæðandi sem hægt er að gera allt kvöldið. Inn á milli atriða spilum



Börn fá óskipta athygli á Safnanótt á Seltjarnarnesi í ár eins og undanfarin ár.

Einastakt tónlistartrío skipað tveimur fyrrverandi bæjarlistamönnum, Ara Braga Kárasyni og Friðriki Karlssyni, auk Þorbergs Skagfjörð verður einn af hápunktum kvöldsins á Safnanótt.

við bingo með skemmtilegum vinningum og það verður pylsupartí svo enginn þarf að verða svangur heldur er málið að vera sem lengst hjá okkur á Safnanótt.“

Safnanæturstuðið byrjar af krafti strax um klukkan 17. „Fyrst ar til að koma fram verða hinar eldhressu og söngelsku stúlkur sem skipa söngleikhópinn Tónafljóð. Þær munu taka ævintýrlega tónlistarsyrpu, bæði syngja og leika þekktustu Disney-lögín sem allir ættu að kannast við,“ segir María og bætir við: „Okkur Kristínu Arnþórsdóttur, samstarfskonu minni, fannst svo mikil stemming í þessari Disney-tónlist að við ákváðum að taka Disney-nálgunina lengra og leika okkur með Disney sem þema fyrir börnin sem verður í gangi allan tímann. Það verður hægt að fara í Disney-ratleik

á safninu og taka þátt í Disney-getraun. Í barnadeildinni verða dregnar fram Disney-bækur, leikföng og skemmtileg spil. Allir sem vilja geta tyllt sér niður og fönrað Mikka og Mínú mús úr gömlum geisladiskum, mjög einfalt og sniðugt. Svo er gaman að segja frá því að það verður Disney-bíó þar sem nokkrar affyrstu original Mikka mús teiknimyndunum munu rúlla á skjánum en Kristín á þessar gömlu myndir.“

Bæjarlistamenn leika létt

Klukkan 18 magnast svo spennan. „Þá ætlar hann Jón Viðis tóframadur að halda stórkostlega tófrásýningu þar sem hlutir munu birtast og hverfa. Í beinu framhaldi verður hann með tófrasmíðju þar sem hann mun kenna alls konar flott tófrabrogð.“

Ungmennin af Nesinu fá einnig að láta ljós sitt skína og taka völdin á safninu um sjöleytið. „Við munum bæði fá að heyrja lag úr Mamma Mia!, söngleik sem 10. bekkingar í Valhúsaskóla settu upp á 1. des.-skemmtun skólans, Þór Ari Grétarsson ætlar að flytja lagið



Vatnaboltaærsli eru ómissandi hluti af Sundlauganótt á Seltjarnarnesi.

Take me to church sem hann söng í Söngvakeppni Samfés og hin bráðskemmtilega hljómsveit Skelin Dion mun koma fram.

Einn af hápunktum kvöldsins verður svo klukkan 20 þegar tríó skipað landsþekktum tónlistarmönnum og snillingum kemur fram. Tríóið hefur ekkert nafn enda er það sett sérstaklega saman fyrir Safnanótt á Seltjarnarnesinu.

Við erum hér að ræða um tvo fyrrverandi bæjarlistamenn Seltjarnarness sem sameina krafta sína, þá Ara Braga Kárason trompetleikara og Friðrik Karlsson gítarleikara, og svo Þorberg Skagfjörð slagverksleikara. Þeir ætla sér að flytja dillandi léttu latin og bossanova tónlist svo eitthvert verður nú fjörið. Einstakur viðburður sem fólk má bara ekki láta fram hjá sér fara.“ Myndlistin verður svo ekki út undan. „Tvær sýningar verða í

gangi á safninu en í Gallerí Gróttu var nýlega opnuð myndlistarsýningin Ný verk eftir Steingrím Gauta Ingólfsson og í barnadeildinni verður sýningin Námssvið Leikskóla Seltjarnarness sem sett var upp í tilefni af degi leikskólans.“

Allir að skella sér í sund

Sundlauganótt í Sundlaug Seltjarnarness verður frá klukkan 18 – 21 á sunnudeginum og verður frítt í sund á þeim tíma. „Sundlaugarsvæðið verður lýst upp með ljósum og kyndlum og DJ mun sjá um hressandi tónlist allt kvöldið. Strax klukkan 18 verður boðið upp á zumba í sundi, dúndrandi stuð og stemming og allir geta tekið þátt, bæði ungir og aldnir. Í framhaldi verður svo hægt að veltast um sundlaugini í vatnaboltum, sem er ótrúlega vinsælt hjá krökkunum,“ segir María sem sjálf ætlar bæði á Safna- og Sundlauganótt og hvetur alla, bæði Seltirninga og aðra, til að gera slíkt hið sama. „Við hvetjum alla til að taka þátt í Vetrarhátíðinni, mæta á Safna- og Sundlauganótt, það er svo mikil stemming enda er svo margt að sjá og gera úti um allt höfuðborgarsvæðið. Við Kristín erum allavega orðnar mjög spenntar og klárar í slaginn. Að sjálfsgöðu vonumst við til að sjá sem flesta hjá okkur hér á Seltjarnarnesinu enda allir velkomnir.“



Söngleikhópurinn Tónafljóð flytur nokkur þekktustu Disney-lögín en Disney-myndir, -lög og -persónur verða í forgrunni á Safnanótt.



Andri Ómarsson, verkefnastjóri menningarmála hjá Hafnarfjarðarbæ, og Ester Bibi Ásgeirsdóttir, verkefnastjóri hjá Kvikmyndasafni Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Vegleg Vetrarhátíð í Hafnarfirði

Fjölbreytt menningardagskrá verður á söfnum Hafnarfjarðar á Safnanótt. Það verður líka fjör á tónleikum í ungmennahúsinu Hamrinum, sýningaropnun í Litla Gallerý, bílabíó fyrir aftan Bæjarbíó og skemmtileg dagskrá í Ásvallalaug á sunnudagskvöld.

Fjölbreytt og skemmtileg dagskrá biður gesta sem heimsækja söfnin í hjarta Hafnarfjarðar á Safnanótt. Bókasafn Hafnarfjarðar, Byggðasafn Hafnarfjarðar og Hafnarborg opna dyr sínar upp á gátt til klukkan 23 föstudagskvöldið 7. febrúar og gestir fá að upplifa söfnin lifna við í myrkrinu.

Börnin grafa upp fortíðina á Byggðasafninu

„Í Pakkhúsi Byggðasafnsins verður nóg um að vera á Safnanótt, en auk fastra sýninga verða ýmsir viðburðir í boði þetta kvöld,“ segir Andri Ómarsson, verkefnastjóri menningarmála hjá Hafnarfjarðarbæ. „Í Pakkhúsinu eru

þrjár sýningar; fastasýning um sögu bæjarins, leikfangasýning og þemasýning sem segir sögu Karmelklausarsins í Hafnarfirði. Á Safnanótt verður opnað fornleifahorn þar sem börnum gefst tækifæri til að setja sig í spor fornleifafræðinga og grafa upp minjar frá fyrri öldum. Þá munu mikil hlátrasköll óma frá töfrandi kvikmyndasýningu þar sem sýnd verða brot úr gamanmyndum grínkónga þöglu myndanna af 8 mm filmu.

Í Sívertsenshúsinu sýnir Annriki – þjóðbúningar og skart, gamalt handverk sem unnið var í baðstofunni á dimmum vetrarkvöldum og í Beggubúð, verslunarminjasafni Byggðasafnsins, verður tekið á

móti gestum við kertaljós. „Það er alltaf mjög huggulegt að kíkja þangað inn og sjá hvað leynist í myrkrinu,“ segir Andri.

Ratleikur, líf, ljós og skuggar í Hafnarborg

„Gestum Hafnarborgar verður boðið að taka þátt í sérstökum Safnanætur-ratleik um Hafnarborg í von um vinning og verða þeir hvattir til að skoða húsið og sýningarsalina hátt og lágt og upplifa sýningar safnsins á öðruvísi máta,“ segir Andri. „Á milli klukkan 19-21 verður sérstök lista-smíðja fyrir börn og foreldra, sem byggir á samspili ljóss og skugga, undir leiðsögn Berglindar Jónu Hlynisdóttur myndlistarmanns. Þátttakendur eru hvattir til að hafa síma eða stafræna myndavél meðferðis til að taka myndir og myndbönd.

Þá býður Lilja Birgisdóttir, myndlistarkona og sérleg áhugakona um ilm og eiginleika lyktarskýnsins, gestum að koma og fræðast um ilmi og upplifa ævintýraheim þéfskýnsins með alls konar skemmtilegum æfingum,“ segir Andri. „Lilja er ein þriggja listakvenna sem taka þátt í sýningunni Þöglu vori, sem nú stendur yfir í Hafnarborg, en á Safnanótt verður boðið upp á tvær örleiðsagnir um yfirstandandi sýningar safnsins með Ágústu Kristófersdóttur, forstöðumanni Hafnarborgar.“

Skuggamyndir af hetjum barnabókmennta

„Verkum úr Safnanæturkeppni Bókasafns Hafnarfjarðar verður varpað á útvegg safnsins og börn og fullorðnir fá að kynna töfrum hreyfimyndanna,“ segir Andri. „Í fjölnotasalnum verður með aðstoð vasaljóss hægt að leita uppi skuggamyndir af sögupersónum

Á bilaplaninu fyrir aftan Bæjarbíó mun Kvikmyndasafn Íslands setja upp bílabíó og sýna tvær langþráðar kvikmyndir. Kvikmyndin Stuttur Frakki frá árinu 1993 verður sýnd klukkan 18.30 og klukkan 20.30 verður kvikmyndin Sódóma Reykjavík sýnd.

barnabókmenntanna og reyna að finna þær allar. Rebekka Blöndal og Ásgeir Ásgeirsson munu svo slá botn í dagskrá Safnanætur með léttum djassi á Tónlistardeildinni.“

Bílabíó á Safnanótt

„Á bilaplaninu fyrir aftan Bæjarbíó mun Kvikmyndasafn Íslands setja upp bílabíó og sýna tvær langþráðar kvikmyndir. Kvikmyndin Stuttur Frakki frá árinu 1993 verður sýnd klukkan 18.30 og klukkan 20.30 verður kvikmyndin Sódóma Reykjavík sýnd,“ segir Andri. „Gestir bílabíósins geta lagt bíl sínum á planinu og hlustað á stuttbylgju á FM 106,1. Gangandi vegfarendur stendur svo líka til boða að hoppa upp í strætisvagn þar sem hægt verður að njóta myndanna og þiggja bíóveitingar og allir verða velkomnir á meðan pláss leyfir. Sódóma Reykjavík er í algjöru uppáhaldi hjá mér og hún var líka tekin upp að hluta til í Hafnarfirði. Svo hlakka ég mikið til að rifja upp kynnin við Stuttan Frakka.“

Sundlauganótt í heilsubænum Hafnarfirði

„Ásvallalaug verður opin fram á kvöld og boðið verður upp á skemmtilega dagskrá á Sundlauganótt sunnudaginn 9. febrúar frá klukkan 17–22,“ segir Andri. „Gestir í Ásvallalaug fá að upplifa einstaka kvöldstund þar sem ljós, myrkur og gleði verða allsráðandi og gestir eru hvattir til að taka þátt með því að dansa og syngja eða slaka á og njóta stundarinnar. Nemendur leikskólans Bjarkalundar sem er í næsta nágrenni við Ásvallalaug hafa tekið sig til og skreytt anddyri laugarinnar með list sinn. Það er alltaf gaman að fylgjast með hvað þau eru að skapa og vinna með.

Til að byrja með verður boðið upp á þrautabraut í barnalauginni fyrir yngstu börnin og Úlfur og Grís úr leikhópnum Lottu bregða á leik með söngvasyrpu. Sundfélag Hafnarfjarðar, sem á heimili í Ásvallalaug, býður gestum líka að prófa sundpóló og þjálfarar félagsins verða til staðar fyrir þá sem vilja fræðast um rétta sundtækni,“ segir Andri. „Þá verður boðið upp á að skyggast á bak við tjöldin og skoða tæknirými laugarinnar, en þetta er stærsta innilaug landsins.“

Tónlistarskólinn lýstur upp í tilefni af 70 ára afmæli

„Nemendur Tónlistarskóla Hafnarfjarðar taka virkan þátt í dagskrá Vetrarhátíðar og í tilefni af 70 ára afmæli skólans verður skólinn lýstur upp yfir Vetrarhátíðarhelgina,“ segir Andri. „Safnanótt í Hafnarborg hefst með sérstökum opnunartónleikum Tónlistarskóla Hafnarfjarðar þar sem flutt verður kvikmyndatónlist af ýmsum toga og einnig munu ljúfir tónar nemenda skólans óma í Pakkhúsinu.“

Dótasund og bókasafnsdiskó á Vetrarhátíð í Garðabæ

Vetrarhátíð hefur löngum verið fagnað rækilega í Garðabæ og í ár er engin undantekning.

Safnanótt hefur sett svip sinn á Garðabæ undanfarin ár og í ár verður engin breyting þar á. Fjölbreytt dagskrá sem höfðar til ungra sem aldinna verður í Hönnunarsafni Íslands, burstabænum Króki og Bókasafni Garðabæjar við Garðatorg þar sem Margrét Sigurgeirsdóttir forstöðumaður lofar góðri skemmtun.

„Það hefur verið stöðug aukning á aðsókn til okkar á Safnanótt og við vonumst til þess að dagskráin okkar á föstudaginn eigi eftir að draga að sér fólk í ár eins og undanfarin ár,“ segir Margrét sem hlakkar til að taka á móti gestum. „Ef við byrjum á yngstu gestunum þá verðum við með ratleik um safnið þar sem verða fern verðlaun frá Ísbúðinni Huppu fyrir ratvísu krakka. Þá verður einnig boðið upp á forritunarsmiðju fyrir börn sex ára og eldri þar sem perlur eru notaðar til að læra tvíundakóðun, mjög áhugavert og skemmtilegt. Spámiðillinn mætir klukkan sex og býður tíu mínútna spá og það er yfirleitt löng biðröð í að komast til hans. Svo fáum við kór Sjálandsskóla til að syngja fyrir okkur.“

Ein mesta stórmynd allra tíma, sígilda ástar- og órlagasagan Á hverfanda hveli eða Gone with the Wind, verður sýnd á tjaldi í salnum í Sveinatungu, fjölnota fundarsal Garðabæjar, klukkan sjö og það borgar sig að koma með nesti því myndin er fjórir tímar að lengd. Listin verður ekki langt undan á safninu sjálfu heldur.

„Gunnar Júlíusson, myndlistarmaður í myndlistarfélaginu Grósku í Garðabæ, verður með sýningaropnun og móttöku í safninu og svo verður hægt að taka þátt í verkefninu „Komdu og markaðu þin spor í söguna“, sem samanstendur af um 2.000 auðum bókum sem hafa verið til útláns í opinberum bókasöfnum víða í Evrópu frá árinu 2006, en gestum er boðið upp á að fylla þær að vild með uppskriftum, myndum, ljóðum eða bara hverju sem er. Skapari verkefnisins er Elín Hansdóttir myndlistarmaður og ég vil hvetja alla til að fá hjá okkur liti og skriffæri og marka sín spor í þessa sögu.“

Kvöldinu lýkur svo með afskaplega bókasafnslegu diskói þar sem dansað er að því er virðist í þögn við tónlist að eigin vali. „Já, síðast en ekki síst geta gestir á öllum aldri dansað í safninu en þá mætir Silent diskó á staðinn með þráðlaus heyrnartól þar sem gestir geta valið á milli mismunandi tónlistar. Það verður hægt að vera hérna á bókasafninu allt kvöldið og upplifa allt mögulegt,“ segir Margrét að lokum og býður alla velkomna.

Áhugaverðir fyrirlestrar og lifandi djass í Hönnunarsafninu á Garðatorgi

Ókeypis aðgangur verður inn á sýningar og dagskrá Hönnunarsafnsins sem er til húsa að Garða-



Hljómsveitin Hipsumhafs leikur fyrir gesti Álftaneslaugar á Sundlauganótt en sveitin hefur sótt innblástur í hljóðheim sundlaugarinnar.



Sýning á verkum Sveins Kjarval stendur yfir í Hönnunarsafninu og á Safnanótt 7.febrúar verður hægt að kynna sér hana nánar.

„SÍÐAST EN EKKI SÍST GETA GESTIR Á ÖLLUM ALDRI DANSAD Í SAFNINU EN ÞÁ MÆTIR SILENT DISKÓ Á STAÐINN MEÐ ÞRÁÐLAUS HEYRNARTÓL ÞAR SEM GESTIR GETA VALIÐ Á MILLI MISMUNANDI TÓNLISTAR.“

Margrét Sigurgeirsdóttir, forstöðumaður Bókasafns Garðabæjar

torgi. Í byrjun kvölds verður fyrirlestur dr. Arndísar S. Árnadóttur í fundarsalnum Sveinatungu sem nefnist „Sveinn Kjarval, andinn býr í innréttingunum“. Klukkan átta verður svo annar fyrirlestur í húsakynnum safnsins þar sem Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur), rannsóknarprófessor við LHI, flytur fyrirlestur í tengslum við rannsóknarverkefnið Íslensk myndmálssaga er nefnist „Reka-víður, um ferðalög hugmyndanna“. Gestir geta svo slakað á og notið góðrar djasstónlistar frá klukkan níu þegar boðið verður upp á lifandi djass í tengslum við sýningu á húsögnum Sveins Kjarval.



Margrét Sigurgeirsdóttir, forstöðumaður Bókasafnsins, lofar ratleik, spámiðli og eka bókasafnsdiskói með Silent diskó á Safnanótt. MYND/ANTON



Kári Jónsson, íþróttafulltrúi Garðabæjar, segir Sundlauganótt á Álftanesi sérstaklega vinsæla hjá fjölskyldufólki og að börnin fari stundum heim í náttfötunum, sátta og sæl eftir skemmtilega sundupplifun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Opíð hús á Bessastöðum og í burstabænum Króki

Á Safnanótt verður forsetasetrið milli klukkan sjö og tíu. Gestum býðst að skoða Bessastöðastofu og kirkjuna, virða fyrir sér sýnishorn gjafa, sem forseta hafa borist, og fornleifar sem veita innsýn í búsetu á Bessastöðum frá landnáms tíð. Þá mun fyrsti forsetabill lýðveldissögunnar, Packard-bifreið Sveins Björnssonar, standa á hlaði Bessastöða. Á leiðinni út að Bessastöðum geta gestir tekið smá krók á leið sína og komið við í gamla bárujárnsklædda burstabænum Króki sem stendur við gatnamót Garðavegar og Garðholtsvegur en þar verður opíð hús á Safnanótt.

Sundlauganótt í Álftaneslaug

Sundlauganótt í Garðabæ snýr aftur í Álftaneslaug sunnudaginn 9. febrúar að sögn Kára Jónssonar íþróttafulltrúa. „Við breyttum til í fyrra en verðum í Álftaneslaug núna,“ segir Kári og bætir við að dagskráin sé byggð upp eins og fyrri ár þar sem áherslan er á yngstu gestina fyrst. „Við byrjum klukkan fimm með dótasundi í innlauginni þar sem börnin mega koma sjálf með sitt eigið dót. Klukkan sjö virkjum við öldulaugina aðeins meira en venjulega og bjóðum upp á diskó þar,“ heldur hann áfram en bætir við að öldudiskóið verði ekki látlaust þar sem hvíla þarf laugina reglulega. „Svo fáum við hljómsveitina

Hipsumhafs frá Álftanesi en hún sló í gegn á síðasta ári og lögin hennar hafa verið meðal vinsælustu laga landsins.“ Hljómsveitin á rætur að rekja á Álftanes og til gamans má geta þess að Álftaneslaug kemur við sögu á breiðskífu sveitarinnar sem kom út síðasta haust en þar voru tekin upp hljóð sem voru notuð á plötunni.

„Hipsumhafs spilar í hálf tíma og eftir það verður aquazumba eða sundlaugarparti sem hefur mælst mjög vel fyrir undanfarin ár. Að því loknu færum við okkur í innilaugina og höfum flot og jóga þar sem er mjög góð flotastöð og svo ljúkum við kvöldinu á rólegu nótnum, bæði inni og úti. Laugin verður opin til klukkan tíu en við hættem að hleypa inn hálf tíma fyrir lokun svo þeir sem eru þarna í lokin geta slakað vel á.“

Hann segir Sundlauganótt hafa verið virkilega vel sótt í Garðabæ og að fólk láti vel af þessari uppbyggingu. „Við lýsum laugina upp til að skapa notalega stemmingu, höfum byggt dagskrána upp svona til að koma til móts við fjölskyldur og fólk hefur komið með börnin í þessa lengri opnun og svo fara þau bara í náttfötunum heim.“

Safnanótt er hluti af Vetrarhátíð sem stendur frá 6.-9. febrúar. Dagskráin í Garðabæ er aðgengileg í viðburðadagatalinu á vef Garðabæjar, gardabaer.is, en einnig er hægt að sjá dagskrá á vef Vetrarhátíðar, vetrarhatid.is.

LANCÔME

PARIS



SHOW YOUR
TRUE COLORS.

TEINT IDOLE ULTRA WEAR

FARÐAR SEM ENDAST OG TRYGGJA SAMA LIT OG ÞÆGINDI* Í ALLT AÐ 24 KLST. ÞÚ VELUR LÉTTA ÞEKJU EÐA MEIRI ÞEKJU. MATTIR FARÐAR

*SJÁLFSPRÖF 100 KONUR

FALLEGA FÖRÐUÐ HÚÐ MEÐ LANCÔME

FARÐAR MEÐ MISMUNANDI ÞEKJU EN SÖMU FRÁBÆRU EIGINLEIKANA.

Farðarnir endast báðir og tryggja sama lit, matta húð og þægindi í allt að 24 klst. Þeir henta öllum húðgerðum, eru prófaðir af húðlæknum og stífla ekki húðholur. **TEINT IDÔLE ULTRA WEAR SPF15 FARÐINN** er afrakstur vinningsformúlu. Hann þekur mjög vel og húðin andar án maskatilfinningar. Húðin verður flauelsmjúk, jöfn og með þægindatilfinningu.

TEINT IDOLE ULTRA WEAR NUDE SPF19 hentar þeim sem kjósa léttan farða með þekju líkt og „second skin“.

Húðin helst fersk og frískleg allan daginn en farðinn er svo léttur að þú finnur ekki fyrir honum á húðinni.

FARÐAGRUNNAR:

Til að förðunin endist lengur og minna beri á misfellum er mikilvægt að nota góðan farðagrunn.

LA BASE PRO SPF 10 er olíulaus, gegnsær, hentar öllum húðgerðum og situr vel á húðinni sem verður jöfn og mjúk. Hann fyllir vel upp í fínar línur og opnar húðholur og endurvarpar ljósi þannig að minna ber á misfellum.

Ef T-svæðið glansar er gott að bera **LA BASE PRO PORE ERASER** á það svæði.

Ef húðin er þurr eða þú vilt gefa henni extra ljóma er **LA BASE PRO HYDRA GLOW** borið yfir allt andlitið eða á valin svæði.



HYLJARAR – PÚÐUR – SETTING SPREY

Með góðum hyljurum getur þú dregið úr og falið misfellur, bauga og mislita húð.

EFFACERNES SPF 30 er þægilegur hyljari sem endist vel, gefur miðlungs þekju og mattar húðina.

TEINT IDOLE ULTRA WEAR COMOPFLAGE hylur fullkomlega en er á sama tíma fjaðurléttur, mjúkur og endist vel.

LONG TIME NO SHINE er fjaðurlétt laust púður sem festir förðunina og dregur úr olíu og glans án þess að þurrka eða setjast í línur.

Og til að setja endapunktinn á förðunina eða til að fríska upp á hana er **FIX IT FORGET IT** 24 stunda setting spreyi sem verndar förðunina og húðina. Það sest ekki í línur, hrukkur eða húðholur og er án parabena, silikons og er olíulaust.



ÚTSÖLULOK



NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS

My Style tiskuhús

Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464



Tiskuhönnuðurinn Phillip Lim vill hætta með risasýningar og einbeita sér að sjálfbærri tisku. NORDICPHOTOS/GETTY

Tiskuiðnaðurinn er ekki sirkusbransi

Ýmsir fatahönnuðir hafa viljað draga úr stórum tiskusýningum bæði vegna umhverfisins og til að einbeita sér að fötunum sjálfum en ekki öllu umstanginu sem fylgir risasýningum.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir sandragudrun@frettabladid.is

Í nýlegri grein á tiskuvefsíðunni vogue.com veltir greinarhöfundur fyrir sér hver sé framtíð og tilgangur tiskusýninga. Samkvæmt greinarhöfundinum Steff Yotka er setningin: „Hver er tilgangur tiskusýningar?“ algengasta setningin, tengd tiskusýningum, sem slegin er inn í leitarvélina Google.

Fólk úr öllum geirum tiskuiðnaðarins hefur velt þessari spurningu fyrir sér. Tiskuhönnuðurinn Jonathan Andersson sagði í viðtali við Vogue að sú hugmynd að tiskuiðnaðurinn snerist um tiskusýningar væri tálsýn, 70% af vinnu hans sem listræns stjórnanda snerust um aðra hluti.

Það er orðið svo að sumir hönnuðir hafa ákveðið að hætta alfarið með tiskusýningar. Hönnuðurinn Philip Lim sem hleypti af stokkunum tiskumerki sínu 3.1. Philip Lim Brand á tiskuvíkunni í New York árið 2005 hefur ákveðið að hætta alveg að taka þátt í tiskuvíkum og stórum sýningum. Hann sagði í viðtali við Vogue á síðasta ári að tiskan undanfarið hefði ekki snúist um fót heldur allan sirkusinn í kringum þau. „Við erum ekki í sirkusbransinum,“ sagði hann.

Látlaus sýning í vöruhúsi

Liam var áður þekktur fyrir yfirtallegar tiskusýningar á stórum sviðum og fötin hans og stíll breyttust með hverri árstíð. Þegar hann sýndi aftur á móti vortiskuna 2020 var sýningin látlaus og haldin í litlu vöruhúsi fyrir litinn fjölda áhorfenda. Hann vill einbeita sér aftur að fötunum sjálfum en ekki öllum glamúrnum í kringum þau og gera framleiðsluna sjálfbæra. Lífræn, náttúrulega og endurunnin efni er helsta breytingin í hönnun hans í átt að meiri sjálfbærni.

Þó að sífellt fleiri hönnuðir hafi snúið baki við stórum tiskusýningum og snúið sér frekar að minni viðburðum eins og sýningum í verslunum, litlum kyn-

ingum eða fjölmiðlaherferðum eru enn hönnuðir sem vilja leggja mikla áherslu á stórar tiskusýningar tvisvar á ári. Einn þeirra er Marc Jacobs sem er farinn að merkja fötin sín með dagsetningunum á tiskusýningum sínum.

Tiskusérfræðingar hafa sagt að stórar tiskusýningar munu þó halda áfram að skipta máli þrátt fyrir að einhverjir tiskuhönnuðir vilji einbeita sér að öðru. Ástæða þess er meðal annars sú að stórar tiskusýningar fá mikla fjölmiðlumfjöllum og fyrir nýja hönnuði sem vilja koma sér á framfæri getur verið stór stökkpallur að taka þátt í stórum tiskuvíkum.



Marc Jacobs leggur mikið upp úr íburðarmiklum sýningum.

ÚTSÖLUSPRENGJA

LOKSINS ÚTSÖLUVÉÐUR



Fylgið okkur á FB



Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Hjólhýsi



HOBBY HJÓLHÝSI 2020

STÓRSPARNADUR!

Nú er rétti tíminn til að panta Hobby hjólhýsi fyrir vorid beint frá Evrópu. Við aðstoðum þig.

Allar fyrirspurnir sendist á:

kriben@simnet.is

s. 863 4449

Þjónusta

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Alhliða bókhaldsþjónusta, VSK, Laun. Gott verð, góð þjónusta. KH bókhald sími 623 2843.

Málarar

Tökum að okkur alla málningavinnu, fagmennska og sanngjart verð. Málningaráþjónusta Egils ehf. S:868-5171. egillsverris@gmail.com

REGNBOGALITIR EHF.

Alhliða málningaráþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna löggiltra fagmanna. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD - NUDD

Úrvals nudd í miðbæ Kópavogs, sími 888 6618 og 788 6609 Elisabet.

Tilboð. Thai heilsunudd RVK. milli 10-16, uppl. í s. 761-8369

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar til 15. febrúar. Sími 694 7881, Janna.

Önnur þjónusta



VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEDFERÐ.

Viltu léttast, takast á við kviða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

Tímabantanir í síma 864-1273

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opíð mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK

285 fm bíll með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir
Sverrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDABIL.

TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m² bíll. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Atvinna

Atvinna í boði



NEMI Í RENNISMIÐI / AÐSTOÐARMÆÐUR Á VERKSTÆÐI.

Vélvík ehf óskar eftir starfsmanni í fjölbreytt störf á verkstæði.

Viðkomandi þarf að hafa bílþróf. Einnig getum við bætt við nema í rennismiði.

Fyrri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Upplýsingar gefa Magnús eða Daniel í síma 5879960.

Einnig má senda netpóst á velvik@velvik.is

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf
kirkjunnar



Gamli glugginn úr,
nýi glugginn í
...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum,
ásamt ísetningum og viðhaldi.

Haðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR
hagvangur.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Ferðaðjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaðjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

EYJALIND

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Bata



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ER BÍLSÆTID RIFID ?



Bílsætaviðgerðir, mótörhjóra og snjósleðasæti. Húsbíllaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

FYRIR

EFTIR

Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 575 www.hs@bolstrun.is

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbr.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Göngubraut kr. 79.000,-

Hámarks þyngd notanda: 100 kg.
12 prógröm.
Hátalarar og MP3 fyrir gsm síma.
Hámarks hraði 14 km/klst.
Stærð brautar: 42x123 cm.

Uppl. í síma 661-1902
Bíldshöfða 16, Rvk.



Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is



Leirdalur 21, 260 Reykjanesbær

Nýjar 4. herbergja sérhæðir með stórra verönd, með eða án bílskúrs.

Vandaðar fullbúnar eignir, sem skilast með gólfefnum og tækjum.

OPID HÚS



SÖLUSÝNING Í DAG frá kl. 17:15-18:00

Hagstæð seljendalán í boði

Júlíus M. Steinþórsson
Löggiltur fasteignasali
899-0555

Jóhannes Ellertsson
Löggiltur fasteignasali
864-9677

Nánari upplýsingar á skrifstofu eða á eignasala@eignasala.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Eyravegur 34-38 Selfossi – lýsing deiliskipulagsáætlunar.

Samkvæmt 1.mgr.40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing deiliskipulags fyrir lóðirnar Eyravegur 34-38 á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Um er að ræða deiliskipulag á skipulagssvæði sem skilgreint er verslunar- þjónusta og íbúðarsvæði. Skipulagssvæðið afmarkast af lóðunum Eyravegi 34-38. Selfossi. Lóðirnar eru vestan Fossvegs og norðan Eyravegs.

Eyravegur 34. Áætlað er að á lóðinni verði heimilað að byggja tvö stakstæð hús, byggingarnar geta verið með verslun og þjónustu á 1.hæð með íbúðum þar fyrir ofan, einnig verði heimilt að vera með íbúðirnar á öllum hæðum. Byggingarnar verði 4 og 5 hæða hús með möguleika á bílakjallara.

Verði sett tvö hús á reitinn skal það hús sem stendur norðan í reitnum vera hærra en það sem stendur nær suðri líkt og húsin við Fossveg. Verði aðeins byggð ein bygging á lóðinni skal hún ekki vera hærra en 4 hæða.

Eyravegur 38. Heimilt verði að byggja 4 hæða hús á lóðinni.

Hæðarskilmálar eru eins fyrir lóðirnar og við fjölbylishúsin við Fossveg 2-4 og 6 þ.e. 5 hæða hús með risþaki má mest vera 18.0 m frá gólfplötu 1. hæðar og 4 hæða hús 15.0 m. Veggahæð skal ekki vera meiri en 17.0 m fyrir 5 hæða hús og 15.0 m 4 hæða hús mælt frá gólfplötu 1.hæðar. Þakhalli er frjálst að uppfylltum ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar.

Nýtingarhlutfall lóðanna verður 1.1

Bílastæði verða eftirfarandi.

Fyrir verslunar- og þjónusturými skal vera 1 bílastæði á hverja 50 m².

Fyrir íbúðir 80m² og minni skal vera 1 bílastæði á hverja íbúð. Fyrir íbúðir 80 m² og stærri skulu vera 2 bílastæði á hverja íbúð.

Fjöldi bílastæða fyrir hreyfihamlaða skal vera samkvæmt ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar. Fylgja skal ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar varðandi aðgengi að rafmagni fyrir hleðslu rafmagnsbíla. Heimilt er að gerra bílakjallara undir húsunum.

Lýsing deiliskipulagsáætlunarinnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 Selfossi á skrifstofutíma frá kl. 8-15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is fyrir 21.febrúar 2020. Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu Sveitarfélagsins, <http://www.arborg.is>

Virðingarfyllt,
Bárdur Guðmundsson
skipulags- og byggingarfulltrúi



Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

RÁÐUM EHF • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is

Capacent_

Nýtt!

Capacent
flokkun

Sparar tíma og fyrirhöfn!



Alfred

ÚTSALAN

Í FULLU FJÖRI

Full búð af spennandi útivistarvörum



30-50%
afsláttur

icebreaker[®] MERINO

100% Merino ullarfatnaður, stingur ekki, hlýrri og tekur ekki í sig lykt.

Einnig fánleg í barnastærðum



OSPREY BAKPOKAR



30-50%
afsláttur

Hágæða bakpokar
Eitt mesta úrval landsins

Klifurbakpokar • Leiðsögumannabakpokar • Fjallgöngubakpokar • Dufflar
Krakkabakpokar • Fjallaskíðabakpokar • Hjólabakpokar • Ferðatöskur

30%
afsláttur



FERRINO



Svefnpokar, vindsængur, pottar, pönnur, hita-og kælibrúsar broddar ofl. frá GSI, Ferrino og Veriga með góðum afslætti



Bellamont Gaia, dómu
fullt verð 29.990 kr.

50%
afsláttur

útsölu verð
12.495 kr.

Bellamont Mid3 Plus, herra
fullt verð 29.990 kr.

útsölu verð
14.995 kr.



GÖNGUSKÓR OG SANDALAR



30-50%
afsláttur



30-50%
afsláttur

FERRINO

Allar **GRIVEL** og **singing rock** vörur með góðum afslætti



30%
afsláttur

PeakPerformance[®]

Afsláttarborðin verða að sjálfsgöðu á sínum stað með enn betri kjörum!

GG-sport

Opið virka daga
frá 10-18



Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópavogi • sími: 571 1020 • www.ggsport.is



Fylgstu með okkur á Facebook og á Instagram

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík

5 | 8
°C | ↑

Ísafjörður

1 | 22
°C | ↑

Akureyri

6 | 22
°C | ↑

Sunnan og suðvestan 15-25 m/s í fyrramálið, hvassast í vindstrengjum á norðvestanverðu landinu. Áfram vætusamt sunnan- og vestanlands, annars þurrt að kalla. Hiti 7 til 17 stig, hlýjast á Austurlandi.

Egilsstaðir

7 | 12
°C | ↑

Kirkjubæjarkl

4 | 5
°C | ↑

Hveravellir

0 | 15
°C | ↑

Föstudagur

Reykjavík

7 | 10
°C | ↑

Ísafjörður

0 | 6
°C | ↑

Akureyri

7 | 9
°C | ↑

Egilsstaðir

7 | 7
°C | ↑

Kirkjubæjarkl

6 | 8
°C | ↑

Hveravellir

1 | 14
°C | ↑

Laugardagur

Reykjavík

3 | 7
°C | ↑

Ísafjörður

1 | 8
°C | ↑

Akureyri

-2 | 3
°C | ↑

Egilsstaðir

0 | 4
°C | ↑

Kirkjubæjarkl

1 | 3
°C | ↑

Hveravellir

-3 | 10
°C | ↑

LÉTT

		2	4	1			8	6
5			3	7	8		9	
4				9		7		
	4							8
		7	8			9		
		5					3	
	8	3	7				1	2
1		6	2	3	4		7	
2			1				6	

MIÐLUNGS

				3		5	8	1
6			7					
8	4		9		2	3		
4				6		7	9	
			2		4		3	
9	1		4		2			
	8	4	6				9	
2	6							

PUNG

		7	9	6				5
	5							6
3		4					8	
1	4							5
							9	
	8		1	4				
	2					9		8
			7				1	3
3	1		5			2	7	

Krossgáta

LÁRÉTT

- Leiftur
- Hvíla
- Íþróttafélag
- Runna
- Skóli
- Önug
- Einkenni
- Fengur
- Matarréttur
- Kál

LÓDRÉTT

- Skerfur
- Handfylli
- Ergja
- Hreinsa
- Fípast
- Miði
- Gælunafn
- Albúinn
- Tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			12		
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. flásk, 5. rúm, 6. kr. 8. akaslu, 10. ma. rúglást, 9. seðill, 12. alla, 14. fús, 16. aa.
LÓDRÉTT: 1. framlag, 2. líka, 3. ama, 4. skra, 7. 11. efg, 12. aðal, 13. afri, 15. gullas, 17. salar.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Ortega átti leik gegn Valdez.

- Rxf7! Kxf7
- Be3! Rxe3
- Dxh7+ Kf8
- Bxg6! 1-0.

Dagur Ragnarsson vann Hjörvar Stein Grétarsson á Skákhátíð MótX í fyrradag. Dagur er efstur ásamt Ingvari Þór Jóhannessyni og Guðmundi Kjartanssyni.

www.skak.is: Ný alþjóðleg skákstig.

3	6	8	2	5	9	4	7	1
4	1	2	7	3	8	9	5	6
7	5	9	6	1	4	2	8	3
5	9	6	4	8	1	7	3	2
1	2	3	5	9	7	6	4	8
8	4	7	3	6	2	1	9	5
2	8	5	9	4	6	3	1	7
6	3	4	1	7	5	8	2	9
9	7	1	8	2	3	5	6	4
3	1	7	4	6	2	5	9	8
2	8	6	5	9	7	4	1	3
4	5	9	3	8	1	6	7	2
5	7	8	6	4	9	3	2	1
6	4	1	2	7	3	9	8	5
9	2	3	8	1	5	7	4	6
7	6	2	9	3	8	1	5	4
1	3	5	7	2	4	8	6	9
8	9	4	1	5	6	2	3	7
4	6	1	8	5	3	9	2	7
5	7	2	6	9	4	8	1	3
8	9	3	1	2	7	4	5	6
7	3	5	2	4	9	6	8	1
1	8	4	3	7	6	5	9	2
6	2	9	5	8	1	3	7	4
2	1	6	9	3	5	7	4	8
3	5	7	4	1	8	2	6	9
9	4	8	7	6	2	1	3	5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

VERÐHRUN og útsölulok

Aðeins 7 verð:

900 • 1.900 • 2.900 • 3.900
4.900 • 5.900 • 6.900 kr.

Allar útsölubuxur
á 1.900 • 2.900 • 3.900 kr.

Gerid frábær kaup á góðum fatnaði.

Kikið á myndir og verð á Facebook

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15

ÍBÚÐIR VIÐ SKEKTUVOG KOMNAR Í SÖLU



OPIÐ HÚS

FIMMTUDAGINN 6. FEBRÚAR
SKEKTUVOGI 4, ÍBÚÐ 105 – KL. 17-18

Byggingarnar eru í kjarna með fjórum húsum og sameiginlegum bílakjallara. Vandaðan sölufel verkefnisins er að finna á tgverk.is/vogabyggd/

Vogabyggð er nýtt hverfi í uppbyggingu þar sem eldra iðnaðarhverfi viku fyrir nútímalegri byggð fjölbýlishúsa. Hverfið mun tengjast betur Laugarneshverfinu þegar Sæbraut verður lögð í stökk á árunum 2021 - 2022.

Hér er um að ræða skjólsæla perlu á höfuðborgarsvæðinu í nálægð við hafið og náttúruna. Hjóla- og göngustígar liggja rétt hjá meðfram ströndinni sem og upp í Elliðaárdal.



Íbúð 204 | 94,4 m²
Skektuvogur 4



Íbúð 205 | 143,6 m²
Skektuvogur 4

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:

Ægir Breiðfjörð | fasteignasali
896-8030, aegir@borgir.is

Örn Tryggvi Johnsen | PG Verk
824-8425, orn@tgverk.is

Hrefna K Porvaldsdóttir | PG Verk
hrefna@tgverk.is

Ólafur Freyr Birkisson | laganemi
og aðstoðarmaður fasteignasala
662-2535, olafur@borgir.is

Bryndís Alfreðsdóttir | PG Verk
824-8432, ba@tgverk.is

tgverk.is



Mótorhjólasýning haldin í vor

Þann 1.-2. maí næstkomandi verður stór mótorhjólasýning haldin í Laugardalshöll. Það eru Sniglarnir og Mótorhjólasafn Íslands sem standa að sýningunni í sameiningu. Mótorhjól í fortíð, nútíð og framtíð, er yfirskrift sýningarinnar.

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Mótorhjól eru hlutir sem flestum þykir gaman að skoða og dást að. Talsvert hefur verið flutt inn af hjólum undanfarin ár og mikið gert upp af gömlum hjólum af hagleiksmönnum víða um land. „Okkur fannst orðið tímabært að halda stóra sýningu, en engin mótorhjólasýning hefur verið haldin síðan 2010,“ segir Steinmar Gunnarsson, formaður Snigla, um tilurð sýningarinnar.

Að sögn Steinmars er hugmyndin með sýningunni að vekja athygli á öllum vélknúnum, tvíhjóla ökutækjum, hvort sem þau eru bensínknúin eða rafknúin. „Þarna munum við geta séð mótorhjóla-



Það var létt yfir þeim Tómasi Inga Jónssyni, safnstjóra Mótorhjólasafns Íslands (til vinstri), og Steinmari Gunnarssyni, formanni Sniglanna, þegar blaðamaður hitti þá enda stórsýning í burðarliðnum. Tíu ár eru síðan viðlíka sýning hefur verið haldin hér á landi. MYND/NJÁLL GUNNLAUGSSON

BÚAST MÁ VIÐ UM ÞAÐ BIL 200 MÓTORHJÓLUM Á SÝNINGUNA EN ÞAR VERÐA LÍKA INNFLYTJENDUR MÓTORHJÓLA, RAFMAGNSHJÓLA OG TENGDS BÚNAÐAR.

söguna á Íslandi og jafnvel skyggst inn í framtíðina líka. Þarna er líka hugmyndin að bjóða innflytjendum rafhjóla og mótorhjóla að vera með og að þeir aðilar taki virkan þátt. Það hefur orðið sprenging í breytingum á mótorhjólum líka, í svokallaða Kaffireisera og Scramblera og það viljum við að sjálfsgögu sýna líka,“ sagði Steinmar. Búast má

við allt að 200 hjólum á sýningunni af öllum stærðum og gerðum. „Við vonumst að sjálfsgögu til að sjá sem flesta svo að við getum haldið áfram að byggja upp Mótorhjólasafnið. Við viljum alls ekki missa gömul mótorhjól úr landi eins og hefur gerst með marga gamla bíla,“ segir Tómas Ingi. „Mótorhjólasafnið á Akureyri er sjálfseignarstofnun í

eigu mótorhjólasamfélagsins og þjóðarinnar allrar og við eigum að viðhalda sögunni á meðan við getum.“ Eins og áður sagði verður sýningin haldin 1. maí, samhliða árlegri hópkeyrslu Bifhjólasamtaka Lýðveldisins. Mun sérstakt mótorhjólablað því fylgja Fréttablaðinu daginn áður þar sem nánar verður fjallað um það sem fyrir augu ber.



Myndir án felubúnaðar við auglýsingamyndatöku sýna vel að nýr Sorento er nær hönnunarlínu Kia en áður. MYND/LUKE WILKINSON

Kia Sorento án dulargervis

Eftir að nýlegar njósnamyndir af Kia Sorento í dulargervi komu í ljós á dögunum náðust myndir af bílnum í gær á meðan á töku auglýsingamyndbands stóð. Þar er billinn algerlega án nokkurs felubúnaðar eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

Kia lét reyndar frá sér tölvumynd á sama tíma af útliti bílsins en þessi mynd sýnir auðvitað mun betur hvernig hann lítur út. Gefið hefur verið út að billinn verði frumsýndur þriðjudaginn 3. mars, rétt fyrir opnun Genf-bílasýningarinnar þar sem hann verður einnig sýndur. Fjórða kynslóð Sorento er mun líkari öðrum bílum Kia en áður og sýnir vel „Tigernose“ grillið. Láréttum ljósunum svipar mjög til Kia Telluride sem er smíðaður fyrir

» Í BÍLABLAÐI FRÉTTABLAÐSINS SÍDASTLIÐINN ÞRIÐJUDAG BIRTIST MYND AF SORENTO Í DULARGERVI OG STRAX Í GÆR KOMU FRAM MYNDIR AF BÍLNUM ÁN FELUBÚNAÐAR.

Bandaríkjamarkað en Sorento er einnig vinsæll þar á landi. Að innan verður billinn með áherslu á glansandi svart og króm, díóduýsingu ásamt 10,25 tommu upplýsingaskjánum úr Kia Soul EV. Búast má við tengiltvinnútgáfu fljótlega við fjögurra strokka bensínvél en einnig verður stærri dísilvél í boði með bæði sex gira beinskippingu og átta þrepa sjálfskippingu. – ng

Heitari útgáfa Octavia og Golf ásamt nýrri E-línu

Bílasýningin í Genf 2020 er handan við hornið en hún opnar dyr sínar fyrstu vikuna í mars. Sýningin er mikilvæg fyrir Evrópumarkað og þar eru margir nýir bílar frumsýndir. Á næstu vikum munum við fylgjast með hvað þar mun bera fyrir augu.

Meðal þess sem VW Group sýnir eru kraftmeiri útgáfur hinna nýju VW Golf og Skoda Octavia. Hjá Skoda er von á fjórðu kynslóð Octavia og mun vRS-módelið fá heiðursess á sýningunni. Þar verður hann með 1,4 lítra vél með forþjöppu auk rafmótors. Einnig verður tveggja lítra útgáfa sem verður öflugasti vRS sem boðinn hefur verið. Sá öflugasti hingað til var 245 hestöfl svo að búast má við bíl í kringum 250 hestöfl. Aðalmálið verður samt þyngdin en búast má við að 13 kWh rafhlada og rafmótor bæti um það bil 250 kílóum við þyngd bílsins.

Á dögunum var lekið upplýsingum um hestaflatölur áttundu kynslóðar Volkswagen. Í Golf R erum við að tala um öflugasta Golf sem sést hefur, en samkvæmt innanhúsupplýsingum sem lekið var frá Volkswagen mun sá bíll verða 328 hestöfl sem er 32 hestöflum meira en billinn sem hann leysir af hólmi. GTE-útgáfan verður 242 hestöfl samkvæmt sömu upplýsingum og GTI í TCR-útgáfu verður 296 hestöfl. Búast má við þessum útgáfum bílanna í fyrsta lagi í haust á Íslandi en í Genf verða þessar gerðir í fyrir-rúmi.



Mercedes-Benz E-lína hefur fengið talsverða andlitslyftingu en það sem munar mest um er ný innrétting og upplýsingaskjár auk tvinnbúnaðar.



Skoda sendi frá sér þessar hönnunarmyndir af Octavia vRS sem sýna ýktara útlit á stærri felgum sem líklega verða þó ekki á framleiðsluútgáfunni.

Mercedes-Benz hefur frumsýnt andlitslyftingu E-línu með myndum af bílnum en hann fer á markað í sumar. Hann verður nú fáanlegur í tvinnútgáfum og fær alveg endurhannaða innréttingu með MBUX-

upplýsingakerfinu. Útlitsbreytingar eru ekki miklar og eru aðallega á ljósum, grilli og studurum.

Einnig verður tengiltvinnútgáfa í boði auk AMG-útgáfu með V8 bensínvél. – ng



STILLANLEG RÚM
-20-50%

HÆGINDASTÓLAR
-30%

LAUGARDAG LÝKUR Á LAUGARDAG

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG 20-50% AFSLÁTTUR



ILMKERTI
-20%

MIA HEILSURÚM

ÚTSÖLUVERÐ 99.888 KR

LAGAR SIG EINSTAKLEGA VEL AÐ
LÍKAMANUM

160X200cm - DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐ ÁÐUR 132.340 KR

HEILSURÚM
-20-50%

LÝKUR Á LAUGARDAG LÝKUR Á LAUGARDAG

30%
AFSLÁTTUR



COMO HÆGINDASTÓLL

ÚTSÖLUVERÐ 30.450 KR

EINN LITUR, KREM

VERÐ ÁÐUR 43.500 KR

HÍÐ SÍVINSÆLA CORINNA HEILSURÚM

ÚTSÖLUVERÐ 149.161 KR

VEITIR EINSTAKAN STUÐNING
OG ÞYNGDARDREIFINGU

160X200cm - DÝNA BOTN OG FÆTUR

VERÐ ÁÐUR 197.030 KR



„Þetta var skemmtilegt viðfangsefni en það er líka rosa gott að það er búið,“ segir Pétur Ben um tónlistina í Broti. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Brot er fyrir mig eins og flugmóðurskip

Tónlistin í seríunni Brot hefur vakið athygli fyrir gæði og hversu mögnuð og viðeigandi hún er í öllum aðstæðum. Höfundur hennar er Pétur Þór Benediktsson, tónsmiður, gítarleikari og söngvari.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Éf ég er að semja kvikmyndamúsík þarf ég að treysta á söguna sem mér er gefin, og á smekk og fagurfræði listrænna stjórnenda sem ég er að vinna með, eins og ritstjóra handrita,“ segir Pétur Þór Benediktsson tónskáld, spurður hvaðan hann fái innblástur í sköpunarverk sín. „Auðvitað hef ég áhrif líka að einhverju leyti,“ bætir hann við. „En þó ég sé einyrki og geri öll mín myrkraverk aleinn, þá byggist hugmynda-

vinnan á samstarfi.“

Tilfni þessara orða er sú athygli sem tónlist Péturs í sjónvarps-seríunni Broti hefur fengið, fyrir listrænt gildi sitt. „Verkefni eins og Brot er fyrir mig eins og flugmóðurskip, það er svo stórt. Mikil músík í hverjum þætti og hún þarf að falla að tóni verksins sem búið er að leggja upp með,“ segir Pétur. „Þetta var skemmtilegt viðfangsefni en það er líka rosa gott að það er búið. Það var krefjandi í svo langan tíma og mér fannst erfitt að leggja það á fjölskylduna.“

Lauk við tónlistina í janúar

Framleiðendur Brots eru þeir sömu og gerðu seríuna Fanga, sem Pétur

samdi tónlist við með Ragnari Bragasyni. Það segir hann ástæðu þess að honum var boðið á skútuna núna. „Flestir sem unnu að Broti eru þeir sömu og komu að gerð Fanga, sami hljóðhönnuður og búningahönnuður, sömu klipparar og sminkur. Ég fór á fund með leikstjóranum, Þórði Pálssyni, sem endaði þannig að við ákváðum að vinna saman og sjáum ekki eftir því,“ segir Pétur sem kveðst hafa byrjað á að gera nokkrar skissur og visbendingar og síðan tekið til við að semja í sumar. „Ég var dálítið lengi að þessu. Tónlistin kláraðist ekki fyrr en eftir frumsýningu, bara núna í janúar.“

Undir lok ferlisins viðurkennir Pétur að hafa unnið mestallan sólarhringinn en tekur fram að hann sé ekkert að verkenna sér. „Þetta er bara það sem fólk gerir í þessu starfi. Ég valdi mér reyndar ekki kvikmyndatónlist beinlínis, hún datt svolítið til mín í gegnum vináttu mína við Ragnar Bragasyn, en ég valdi að gera músík og nýt þess. Svo fer það eftir því hvað ég fæ mikið af svona verkefnum hversu lengi ég get gert þau einn en til að réttlæta ráðningu starfskrafts þyrfti ég að hafa verkefni í hendi og ég held ég sé ekkert að fara þangað – sé til – tek einn dag í einu.“

Aldrei fullnuma

Nú er Pétur að vinna í Þjóðleikhúsinu í verkinu Brúðumeistarinn eftir Bernd Ogrodnik. „Það er heillandi verk,“ segir hann. „Dálitið byggt á sögu Ogrodnik og lífi og skiptist milli þess að vera einleikur hans og brúðuheimur. Ogrodnik er sennilega einn besti brúðugerðarmaður í heiminum og þetta er hans leið til

að túlka ævisögu – það þarf hugrekki og líka þroska til að gera það vel. Bergur Þór leikstýrir og Eva Berger gerir búninga og leikmynd.“

Pétur semur tónlistina við Brúðumeistarann og segir það viðfangsefni ansi mikið ólíkt Broti. „Það er heiður fyrir mig að fá að taka þátt í þessu verki í samstarfi við listræna stjórnendur. Þegar maður er að vinna í svona sögum, hvort sem það er í leikhúsi, kvikmynd eða sjónvarpsþáttum, þá er maður alltaf í þjónustuhlutverki. Þó að það feli í sér að koma með listræn tilbod þá er ég aldrei með endanlegt ákvörðunarvald, það er leikstjóri eða framleiðandi sem á lokaorðin. Tónlistin er samt stór þáttur í lokaniðurstöðunni þannig að maður verður að finna hvað fellur manni sjálfum í geð. Stundum finnst mér ekki eiga að vera nein tónlist í atriðum, þá reyni ég að sýna fram á það. En maður verður aldrei fullnuma í þessu.“

Gjöfult samstarf

Samband Péturs við leikstjóra og framleiðendur segir hann hafa verið gjöfult í gegnum tíðina. „Af hverjum og einum lærir maður eitthvað og tekur með sér inn í næstu verkefni. Stundum lánast manni að setja einhverja stóra sögn í verk en sumt er svo óáþreifanlegt að fólk skilur ekki af hverju því líður eins og því líður þegar það er að horfa. Samspil ljóss, líta og hljóðmyndar getur haft gríðarleg áhrif á hvernig fólk upplifir hluti. Þá meina ég líka þau hljóð sem tilheyrja verkinu – fyrir utan tónlistina – það þarf líka rými fyrir þau. Þetta er línudans. Ég er mjög vakandi fyrir hljóðmyndinni þegar ég horfi á bíómyndir en höf-

STUNDUM LÁNAST MANNI AÐ SETJA EINHVERJA STÓRA SÖGN Í VERK EN SUMT ER SVO ÓÁÞREIFANLEGT AÐ FÓLK SKILUR EKKI AF HVERJU ÞVI LÍÐUR EINS OG ÞVI LÍÐUR ÞEGAR ÞAÐ ER AÐ HORFA.

undur reynir alltaf að láta fólk ekki finna mikið fyrir henni.“

Aðalhogmyndirnar að kvikmynda- og leikhússtónlist verða til í höfðinu, að sögn Péturs. „Ég skrifa út nótur beint og sem líka á píanó eða önnur hljóðfæri, útfærslan er svo gerð á ýmsan hátt. Núna er ég að vinna í hálfgerðu barokkverki og af því ég þekki þann stíl get ég heyrt tónlistina fyrir mér í höfðinu en svo tekur tíma að láta hana verða að veruleika.“

Síðustu mánuðir hafa verið annasamir hjá Pétri en oft segir hann verkefni sín ýmist í ökkla eða eyru, eins og hjá öðrum sjálfstæðum listamönnum. „Maður fær kannski hringingu og er beðinn að koma að spila akkúrat þegar maður er í stóru kvikmynda- eða leikhúsverkefni. Ég fór samt nýlega í litla tónleikakerfð um Danmörku með Helga Rafni Jónssyni og konu hans Tinu Dickow og tók bara Brot með mér. Þegar mikið er í gangi er maður að ausa bátinn eftir fremsta megni, svo þegar alger þurrkur er reynir maður að komast aftur á flot.“

Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

6. FEBRÚAR 2019

Orðsins list

Hvað? Þarf að byggja meira?
Hvenær? 12.00-13.00
Hvar? Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Borgartúni 21
Opinn fundur um húsnæðisþörf frá 2020 til 2040 og hlutverk hins opinbera í uppbyggingu. Frammælandur eru: Sævar Freyr Þráinsson, bæjarstjóri Akraness, og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins.

Hvað? Síðasta sort?
Hvenær? 12.00-15.00
Hvar? Litla Torg, Háskólatorgi
Truflandi tilvist fatlaðra og langveikra kvenna í háskólasamfélaginu og á vinnumarkaði, nefnist dagskrá á Jafnréttisdögum í Háskóla Íslands.

Hvað? Arkitektúr, líkami og skynjun
Hvenær? 15.00
Hvar? Veröld – hús Vigðisar
Málþing um hönnun heilbrigðisstofnana og annarra mannvirkja með heilsu og vellíðan í huga, haldið á vegum Listaháskóla Íslands, Arkitektafélags Íslands og SARQ arkitekta.

Hvað? Leikhúskaffi/Gosi
Hvenær? 17.30
Hvar? Borgarbókasafnið Kringlunni
Ágústa Skúladóttir leikstjóri, segir gestum frá uppsetningu Borgarleikhússins á hinu sígilda ævintýri um spýtuþrákinn Gosa. Í kjölfarið verður rölt yfir í Borgarleikhúsið.



Ómar og Óskar Guðjónssynir spila ásamt Leifi Gunnarssyni í Borgarbókasafninu í Grófinni í hádeginu.

Tónlist

Hvað? Jazz í hádeginu – Bræður
Hvenær? 12.15-13.00
Hvar? Borgarbókasafninu Grófinni
Óskar og Ómar Guðjónssynir velja sína uppáhalds djasstandarda. Leifur Gunnarsson leikur með á kontrabassa.

Hvað? Þjóðlagaskotin tónlist
Hvenær? 21.00-23.00
Hvar? Petersen svítan, Ingólfsstræti 2 a
Vasilisa Hunton og Gunnar Már Jakobsson mynda saman dúettinn VASI. Þau leggja áherslu á órafmagnaðan gítarleik og raddaðan söng.

Myndlist

Hvað? Sæborg – sýning Errós
Hvenær? 20.00
Hvar? Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi
Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur er sýningarstjóri og ávarpar gesti við opnun.

Tíu bóka listi Hagþenkis árið 2019

Tilnefningar til viðurkenningar Hagþenkis vegna útgáfu fræðiritra og námsefnis árið 2019 voru kynntar síðdegis í gær. Listinn lítur svona út:

- **Andri Snær Magnason**
Um tímann og vatnið. Mál og menning.
- **Árni Einarsson**
Tíminn sefur. Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi. Mál og menning.
- **Árni Heimir Ingólfsson**
Tónlist liðinna alda. Íslensk handrit 1100–1800. Crymogea.



Verðlaunahöfundar Hagþenkis koma sem fyrr úr ólíkum fræðaáttum.

- **Björk Ingimundardóttir**
Prestaköll, sóknir og prófastsdæmi á Íslandi I–II. Þjóðskjalasafn Íslands.
- **Haukur Arnþórsson**
Um Alþingi. Hver kennir kennaranum? Haukur Arnþórsson.
- **Margrét Tryggvadóttir**

Kjarval. Málarinn sem fór sínar eigin leiðir. Iðunn.

- **Ragnheiður Björk Þórsdóttir**
Listin að vefa. Vaka–Helgafell.
- **Rósa Eggertsdóttir**
Hið ljúfa læsi. Handbók um læsiskennslu fyrir kennara og kennaranema. Rósa Eggertsdóttir.
- **Sigrún Huld Þorgrímsdóttir**
Ný menning í öldrunarþjónustu. Ömmuhús.
- **Önnur Birna Karlsdóttir**
Óræfahjörðin. Saga hreindýra á Íslandi. Sögufélag.

SNJALLARI ÚR

HEILSU OG SNJALLÚR Í MIKLU ÚRVALI



AMAZFIT Stratos 3

Fullkomið íþróttúr með hjartaþita, svefnmæli og snertiskjá fyrir aðgerðir, allt að 50m vatnsvörn!

44.990

Spilar tónlist án síma!
Allt að 14 daga raflaða

AMAZFIT GTR47

Glæsileg heilsu/snjallúr með öllum eiginleikum sport úra ásamt fullkomnum snjall eiginleikum

34.990

Ný tækni skilar allt að 24 daga raflöðu!

AMAZFIT GTR42

Ótrúlega nett ál útgáfa af okkar vinsælasta snjallúri, þynnra og aðeins 25gr. fánlegt í 4 falletum litum

32.990

Með allt að 12 daga raflöðuendingu



AMAZFIT GTS 43mm

Lúxus heilsu- snjallúr með 50m vatnsvörn, 14 daga rafh.

29.990



AMAZFIT BIP

Heilsu- og snjallúr með allt að 45 daga raflöðu!

14.990



MI BAND 4

Ótrúlegt íþróttúr með hjartaþita, svefnmæli ofl.

9.990



SENDUM FRÍTT
Um land allt allar
vörur allt að 10 kg.



TÖLVUTEK

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900
Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

DAGSKRÁ

Fimmtudagur

HRINGBRAUT

20.00 Mannamál Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekkta einstaklinga um líf þeirra og störf.

20.30 Suðurnesja-magasín Vikurfréttu Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Um-sjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Vikurfréttir ehf.

21.00 21 - Fréttabáttur á fimmtu-degi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernir með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

21.30 Heilsugæslan Í þættinum fær Helga María til sín sérfræðinga í heilsumálum ásamt því að fá ráð um hreysti og heilsu frá þekktum einstaklingum.

RÚV SJÓNVARP

12.35 Kastljós
12.50 Menningin
13.00 Gettu betur 1993 MH - MA
14.10 Landinn 2010-2011
14.40 Neytendavaktin
15.10 Þönk á Patró
15.35 Örkin
16.05 Lestarklefinn
17.00 Matarspæjararnir
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Nýi skólinn
18.16 Anna og vélmennin
18.38 Handboltaáskorunin
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.05 Rick Stein og franska eldhúsið
21.10 Vinkonur Girlfriends
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Okkar á milli
22.50 Á önglinum Koukussa II Önnur þáttaröð þessara finnsku glæpaþátta um fíkniefnalögreglu-manninn Oskari, barnsmóður hans og fyrrverandi eiturlyfjafíkilinn Kristu og afskipti þeirra af undirheimum Helsinki. Önnur þáttaröð hefst þremur árum eftir lok þeirrar fyrstu og Oskari hefur misst starf sitt hjá lögreglunni og endað röngum megin við lögin. Aðalhlutverk. Tommi Eronen, Matleena Kuusniemi og Santeri Mäntylä. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
23.45 Brot
00.30 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

08.40 PGA Tour Útsending frá The American Express.
11.10 PGA Highlights Hápunktarnir á PGA-mótunum.
12.05 ISPS Handa Vic Open Útsending frá ISPS Handa Vic Open.
15.05 Saudi International Útsending frá Saudi International.
19.35 Inside the PGA Skyggst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni.
20.00 AT&T Pebble Beach Pro-Am Bein útsending frá AT&T Pebble Beach Pro-Am.
23.00 PGA Tour Útsending frá Waste Management Phoenix Open.
04.00 ISPS Handa Vic Open Bein útsending frá ISPS Handa Vic Open.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Late Late Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 The Bachelor
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 Superior Donuts
19.40 Single Parents
20.10 Top Gear. Winter Blunderland
21.00 The Resident
21.50 Emergence
22.35 Love Island
23.20 The Late Late Show
00.05 NCIS
00.50 Law and Order. Special Victims Unit
01.35 Wisting
02.20 Perpetual Grace LTD Mögnuð þáttaröð um svikahrapp sem mætir ofjarli sínum þegar hann velur prest sem næsta fórnarlamb sitt. Presturinn er hættulegri en hann hafði nokkru sinni grunað.
03.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregni
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Siðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Útlit UngRÚV - Upp-takturinn 2019 - Tómas og Lára
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Myrkir músikdagar 2020. Kammersveitin og Heiða
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Smásaga. Kaffihús í Jaffa
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

17.30 The Big Sick
19.30 The Big Sick
21.00 Kong. Skull Island
22.55 King Arthur. Legend of the Sword
01.00 Unforgettable
02.40 Kong. Skull Island

STÖÐ 2

08.00 Friends
08.20 Gilmore Girls
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gossip Girl
10.05 Deception
10.50 Hand i hand
11.35 Á uppleið
12.05 Dýraspítallinn
12.35 Nágrannar
13.00 Harry Potter and the Philosopher's Stone
15.30 Í eldhúsi Evu
15.50 Kevin's Grandest Designs
16.40 Making Child Prodigies
17.10 The Mindy Project
17.41 Bold and the Beautiful
18.01 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.51 Sportpakinn
18.55 Ísland í dag
19.10 Curb Your Enthusiasm
19.50 Battle of the Fittest Couples
20.35 NCIS
21.20 S.W.A.T.
22.05 Magnum P.I.
22.50 Real Time With Bill Maher
23.50 Prodigal Son Frábærir nýir glæpaþættir um glæpasálfræðinginn Malcolm Bright sem er fremstur í sínu fagi en er jafnframt umdeildur fyrir aðferðir sínar.
00.35 Shameless
01.30 Game Of Thrones
03.20 Game Of Thrones
04.15 Harry Potter and the Philosopher's Stone Harry Potter er 11 ára munaðarlaus strákur sem að hefur lengi vitað að það er eitt-hvað óvenjulegt við hann. Hann kemst brátt að því að hann er göldróttur og kynnist glænýjum heimi og fær einnig inngöngu í Hogwarts galdraskólann.

STÖÐ 3


19.10 The Big Bang Theory
19.35 Fresh Off The Boat
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 Supergirl
21.35 Batwoman
22.20 Bara grin
22.50 Outlander
23.45 The Simpsons
00.10 American Dad
00.35 The Big Bang Theory
01.00 Seinfeld
01.25 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.30 KA - HK Útsending frá leik í Olís deild karla.
09.00 FH - Haukar Útsending frá leik í Olís deild karla.
10.30 Seinni bylgjan Markaðurinn Olís deildarinnar.
12.00 Stjarnan - Grindavík Útsending frá leik í Dominos deild karla.
13.40 Dominos körfuboltakvöld karla
15.20 Ítölsku mörkin Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
15.50 Spænsku mörkin Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
16.20 Seinni bylgjan - Fjórðungs-uppgjör Fjórðungs-uppgjör í Olís deild kvenna.
17.25 Skallagrimur - Keflavík Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
19.05 Grindavík - Þór Þ. Bein útsending frá leik í Dominos deild karla.
21.45 Barcelona - Levante Útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
23.25 Grindavík - Þór Þ. Útsending frá leik í Dominos deild karla.

HBO

Curb Your Enthusiasm



HEFST Í KVÖLD

Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

FM 88,5 XA-Radíó
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útlit Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin




bauhaus.is

BAUHAUS®



Stútfullt blað af vörum og hugmyndum fyrir þig! 20 sérsíður með frábæru úrvali af parketi og flísum!

60 x 60 cm



IDEA gegnheilar vegg- og gólfplísar
60 x 60 cm. Kantfræstar. Slitstyrkur 5.
Skríðvörn R9. Frostþolnar. Fást í svörtu,
beige/gráa og brúnu. Verð pr. m².

4.495.-

ÓSVIKIÐ PLANKAÚTLIT

BARA Í BAUHAUS

LOGOCLIC®

Vinto eik Fondi harðparket
Þykkt 10 mm, plankastærð 192 x
2.000 mm. Verð á m².

4.995.-

ÞÚ GERIR ALLTAF GÓÐ KAUP Í BAUHAUS!

Ekki missa af lagerhreinsuninni! Allt að 70% afsláttur af völdum vörum!

BAUHAUS VERÐ-VERND
ÞÚ Á BAUHAUS GETUR ÞÚ VERÐ VES UM AD FÁ ALLTAF LÆGSTA VERÐIÐ Á MARKaðNUM

TAKMARKAÐ MAGN

PALAZZO

Náttúrusteinn Bianco Cordo
30,5 x 30,5 cm. Náttúrusteinn í ljósgráum eða beinhvítum skugga. Póleriserað og með sniðbrúnum. Bianco Cordo. Verð á m².

Lagerhreinsun

2.595.-

TAKMARKAÐ MAGN

Magnum gólfplísar
30 x 60 cm. Svartar. Frostþolnar. Verð á m².

Lagerhreinsun

1.845.-

Harðparket

TAKMARKAÐ MAGN

Havana harðparket, silfrúð eik
Þykkt 7 mm. Plankastærð 192 x 1.292 mm. Smellukerfið sem bundið er einkaleyfi auðveldar lagningu parketsins. Auðvelt viðhald. Verð á m².

Lagerhreinsun

1.000.-

~~1.545.-~~

TAKMARKAÐ MAGN

Harðparket

LOGOCLIC®

Aktion harðparket, ljós eik
Þykkt 8+2 mm. Plankastærð 192 x 1.285 mm. Verð á m².

Lagerhreinsun

1.500.-

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is



Ein-
staklega
flottur kjóll
sem fer drott-
ningunni vel.
Einfaldur og
klassískur.




Ör-
litið spænsk
áhrif í þessu
dressi. Hún virðist
halda upp á þessa skó
þar sem hún hefur
ósjaldan sést í
þeim.



Það
er greini-
legt að bleiki
liturinn er í
upphaldi hjá
Letiziu.



Hér
er hún í
rauðu setti sem
fer henni mjög vel.
Skórnir eru rauð-
tóna líka, sem
kemur vel út.



Drott-
ningin
stýður við bakið
á spænski hönnun
og klæðist oft ódýrari
flíkkum frá verslunum
á borð við Zöru og
Mango.

Glæsileg og stílhrein Spánardrottning

Drottningin af Spáni, Letizia Rocasolano, þykir einstaklega smekkleg. Hún velur helst klassískar og fallegar flíkkur en fer eftir þeim reglum um klæðaburð sem konungsfólki eru settar.

Letizia Ortiz Rocasolano er núverandi drottning Spánar en hún þykir bera af í fágun og smekklegum klæðaburði. Það má segja að hún sé orðin tísku-fyrirmynd kvenna um allan heim. Hún giftist Filippusi sjötta árið 2004 en hann tók svo við krúnunni af föður sínum 2014 og í kjölfarið

varð Letizia drottning Spánar. Þau eiga saman dæturnar Leonor krón-prinsessu og Sofíu prinsessu.

Svo smart þykir drottningin að nokkrar heimasíður eru starfræktar sem eru algjörlega helgaðar stíl og fatavali Letiziu. Það getur verið ívið flóknara fyrir konungsfólk en Hollywood-stjörnur að klæða sig upp á. Letizia þarf eflaust

að fylgja síðareglum sem eru settar konungsfjölskyldunni þegar kemur að klæðaburði. Það virðist ekki koma að sök því Letizia er ekki bara smekkleg og klassísk heldur tekur líka smá áhættu og prófar nýja og ferska strauða á meðan hún heldur sig þó innan þess ramma sem henni er settur.

steingerdur@frettabladid.is



Letizia
klæðist alltaf
fötum sem passa
fullkomlega á hana,
sniðin eru greinilega
valin af kost-
gæfni.



Letizia klæðist eftir árstíðum. Hún notar bjartari flíkkur á vorin og sumrin.



Letizia ásamt eiginmanni sínum Filippusi sjötta og dætrunum Leonor og Sofíu.

Framsóknarferð í grænu Rúgbrauði

Það er allt í gamni og engin pólitísk skilaboð sögð fólgin í að þingflokkur Framsóknar birtist í hlutverkum persóna Little Miss Sunshine í auglýsingu um heilmikla fundarferð undir yfirskriftinni „Áfram veginn“.



Í sólskinsglensi Framsóknar bætast við tveir laumufarþegar í Þórarni Inga Péturssyni og Þórunni Egilsdóttur.

Kjör dæ m a v i k a Alþingis er framundan og þá ætlar þingflokkur Framsóknar að leggja upp í fundarferð um landið og nesta sig upp með sem flestum viðhorfum landsmanna fyrir stjórnmalabaráttu vorsins með yfir 50 opnum fundum.

Auglýsingin um ferðalagið hefur þegar vakið nokkra athygli enda mætti ætla að bruna eigi í hjólförum tilvistarkrepprar fjölskyldunnar í kvikmyndinni Little Miss Sunshine þar sem hún bergmálar veggspjald bandarísku verðlaunamyndarinnar frá 2006.

„Það er nú bara til gamans gert að vekja svona athygli á fundarferðinni og sýna að við erum samhent fjölskylda í þessu verkefni,“ segir Helgi Haukur Hauksson, framkvæmdastjóri Framsóknarflokksins, um þingflokksforuneytið sem stendur þétt saman ólíkt fjölskyldunni sem þrýðir upprunalega veggspjaldið frá Hollywood.

Little Miss Sunshine fjallar um ferðalag mölbrotinnar stórfjölskyldu.

ÞAÐ ER NÚ BARA TIL GAMANS GERT AÐ VEKJA SVONA ATHYGLI Á FUNDAHERFERÐINI OG SÝNA AÐ VIÐ ERUM SAMHENT FJÖLSKYLDA Í ÞESSU VERKEFNI.

skyldu í hyldjúpri tilvistarkreppu yfir Bandaríkin þver og endilöng á gömlu Volkswagen-rúgbrauði í leit að merkingu og tilgangi með því að koma barnungri dótturinni, Olive, í ósköp lágrúlega barnaferðarsamkeppni.

Í för með hjónunum Sheryl og Richard eru meðal annarra andlega illa staddir ættingjar á borð við Steve Carell, í hlutverki samkynhneigðs sérfræðings í Proust í sjálfsmorðshugleiðingum, sonur þeirra sem er þögull bólsýnisspekingur og litla fegurðardrottningin sem þrátt fyrir ýmsa persónuleikabresti er einhverra hluta vegna geðþekasta manneskjan í þessum furðulega flokki sem sólskinsfjölskyldan er.



Ásmundi Einari Daðasyni bregður fyrir sem sérfræðingi í Proust á meðan Líneik Anna Sævarsdóttir og Silja Dögg Gunnarsdóttir reka lestina.

Myndin vakti á sínum tíma mikla og verðskuldaða athygli og Alan Arkin hlaut til að mynda Óskarsverðlaun sem besti auka-leikarinn fyrir túlkun sína á afanum sem er hin versti dónakarl og sorakjaftur.

Í auglýsingu Framsóknarflokksins er dagfarsprúður formaðurinn,

Sigurður Ingi Jóhannsson, hins vegar kominn í stað afans, varaformaðurinn Lilja Alfreðsdóttir fetar í fótspor litlu sólskinsungfrúarinnar og hleypur á eftir grænu Framsóknarrúgbrauðinu sem Willum Þór Þórsson stýrir í stað leikarans Gregs Kinnear.

Sólskinsfólkið

Þingflokkur Framsóknar hlýtur að hafa verið í sólskinskapi þegar hann mátaði sig við persónur og leikendur kvikmyndarinnar Little Miss Sunshine með eftirfarandi niðurstöðu.

Afi

Alan Arkin
Elskar: Klámmyndir, konur
Hatar: Kjúkling



Sheryl

Toni Collette
Elskar: Fjölskylduna
Hatar: Fjölskylduna



Olive

Abigail Breslin
Elskar: Fegurðarsamkeppnir, afa
Hatar: Rífrildi



Dwayne

Paul Dano
Elskar: Nietzsche
Hatar: Alla



Frank frændi

Steve Carell
Elskar: Proust
Hatar: Lif sitt



Richard

Greg Kinnear
Elskar: Að sigra
Hatar: Að tapa



Ertu með fótapirring?

Hver kannast ekki við það að þurfa að rétta úr sér, ganga aðeins um og teygja, jafnvel skvetta fótunum aðeins til vegna óþæginda frá þeim, finna til náladofa eða verkja. Slíkt er í sjálfu sér afar algengt og alls ekki sjúklegt nema í sumum tilvikum, en þá getur það haft veruleg áhrif á einstaklinginn, rænt hann svefni sínum, ýtt undir vanlíðan og valdið einbeitingarskort.

Í dag er talið að í Evrópu og Bandaríkjunum séu á bilinu 5-10% einstaklinga með það sem kallast Willis-Ekbom sjúkdómur, eða einnig Restless Legs syndrome. Hér á landi tölum við yfirleitt um fótaóeirð eða fótapirring. Samkvæmt skilgreiningu þarf einstaklingur að finna reglulega fyrir



verulegum óþægindum og mikilli hreyfipörf í fótleggjum, lærum eða fótum og þá er einnig lýst óþægindum í höndum og bók hjá sumum. Einkenni versna yfirleitt við hvíld, sérstaklega við að liggja eða sitja lengi en skána við að hreyfa sig og algengast er að þau komi fram á kvöldin eða nóttunni. Sá sem þjáist af fótapirringi getur lýst margs konar einkennum fyrir utan verki, þar má til dæmis nefna kláða eða brunatilfinningu, tog eða stingi, krampa og dofa s v o lýsingin getur verið fjölbreytt. Eitt eiga þó allir sammerkt, en það er að ein-

kennin lagast við að hreyfa sig.

Þrátt fyrir að þessi sjúkdómur sé talinn þetta algengur og geti í raun komið fram á hvaða aldri sem er, er meirihluti einstaklinga kominn yfir miðjan aldur og kvörtun sjúklinganna oftast en ekki bundin við svefntruflanir þegar þeir leita læknis í stað þess að lýsa óþægindum í fótunum. Konur eru helmingi líklegri til þess að vera með sjúkdóminn og ættgengi er talsvert. Þá er því lýst að allt að 25% kvenna á þriðja hluta meðgöngu fái fótapirring sem gengur yfirleitt til baka að lokinni meðgöngu. Orsökina er ekki almennilega þekkt, en talið er að þetta sé miðtaugakerfissjúkdómur sem byggir á ójafnvægi í boðfna-búskap hans. Ýmsir aðrir þættir hafa líka áhrif, eins og járnskortur, langt gengin sykursýki með úttaugasjúkdóm og langvinn nýrnabilun.

Greiningin er fengin með sögu og skodun, blóðprufur eru fyrst og fremst til að útiloka aðrar orsakir. Myndgreining, taugaleiðniþróf og í

sumum tilvikum svefnrannsókn eru notuð á svipaðan hátt, svo það er tiltölulega auðvelt að greina vandann, það getur hins vegar reynst þrautin þyngrri að meðhöndla hann, sérstaklega ef einkenni eru svæsin. Ýmislegt getur svo haft áhrif á einkenni viðkomandi en vel þekkt er að koffíneynsla, áfengi, reykingar og lélegar svefnvenjur virðast skipta máli. Ýmis lyf geta svo aftur á móti ýtt undir einkenni, algengust þeirra héraendis eru sennilega þunglyndis-, geðrofs-, ofnæmis- og ógleðilyf svo eitthvað sé nefnt.

Markmið meðferðar byggir á því að forðast útleysandi atriði sem mest er mögulegt. Til dæmis er einstaklingum sem eru slæmri ráðlagt að stunda líkamsrækt, teygjur eða jafnvel jóga á kvöldin, víxlböð með heitu og köldu vatni, halda svefnvenjum góðum og reglubundnum, ferðast á dagtíma sé það mögulegt og haga lifi sínu að vissu leyti samkvæmt þessum útleysandi þáttum. Bæti efni eins og járn, B-vítamín og

magnesium geta gagnast og þarf að meta hverju sinni. Engin lækning er til við þessum sjúkdómi og meðferðin byggir fyrst og fremst á því að auka ákveðið taugaboðefni í heilanum sem kallast dópamín. Sú meðhöndlun er að vissu leyti lík þeirri sem við beitum gegn Parkinson sjúkdómi, engin tenging er þó við þann sjúkdóm svo vitað sé. Þá eru einnig notuð flogaveikilyf, svefn- og róandi lyf auk þess sem sterkum verkjalyfjum er beitt í sumum tilvikum.

Fjöldamargir kljást við fótapirring og einskorðast hann ekki við gamalt fólk. Meðferðin er bæði sér-tæk og almenn, því er mikilvægt að spyrja um einkenni fótaóeirðar hjá þeim sem lýsa svefnvanda. Finnir þú fyrir slíku og greining á vandanum liggur ekki fyrir er skynsamlegt að leita læknis.

Teitur Guðmundsson
læknir



Átt þú rétt á slysabótum?

Við hjálpum þér að leita réttar þíns



TORT

INNHEIMTA SLYSABÓTA

Dagskráin á Hringbraut

h



EINSTÖK KONA, EINLÆG FRÁSÖGN

Guðbjörg Heiða Guðmundsdóttir,

forstjóri Marel á Íslandi, hreppti

aðalverðlaun Félags kvenna

í atvinnulífinu á dögunum. Í

stórskemmtilegu og afar persónulegu

samtali við Sigmund Erni í Mannamáli

kvöldsins lýsir hún frama sínum og

stjórnunarstíl, eigin sjálfstæði og

yngri dótturinni sem hún afréð bara að

eignast sjálf.

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!



Margrét ásamt Jóni Sigurði Gunnarssyni, sem leikur hér listir sínar. Hann er sirkusdýr Búkalús. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Brjóstadúskar og barneignir

Margrét Erla Maack stendur fyrir kabarettýningunum Búkalú, sem hefjast á ný á Gullöldinni á föstudag. Hún segir mestu áskorunina felast í að tímasetja brjóstagjöfina í kringum brjóstadúskalímingar.

Margrét Erla Maack hefur staðið fyrir fullorðins kabarettýningunum Búkalú síðastliðið ár við góðar undirtektir. Á þeim sýnir Margrét listir sínar ásamt rjómanum af íslensku fjöllistafólki. Reglulega mæta stórar stjórnur úr kabarettheiminum og leika listir sínar íslenskum áhorfendum til mikillar gleði. Næsta sýning fer fram á föstudaginn á Gullöldinni í Grafarvogi, sem verður að teljast nokkuð áhugaverður staður til að halda fullorðins kabarett.

Kabarett og drag í blóma

„Þegar Ólafur Ragnar var í kosningaham kom einu sinni frétt: „Ólafur Ragnar heimsækir Grafarvog.“ Það er rosalega myndið. En í alvöru, þá lagði ég upp með að túra um landið á árinu, og ég kemst ekki lengra frá fjögurra mánaða barni á þessum tímamarki. Svo lengist í naflastrengnum. En það má benda á að stöðum í miðbænum sem henta svona sýningum fer fækkandi. Það vantar staði með svið, hljóðkerfi, og þannig svo að fólk sjái hvað er í gangi á sviðinu. Sorgleg þróun á sama tíma og kabarett- og draglistir eru í gríðarlega miklum blóma,“ segir Margrét.

Síðasta sumar ferðaðist Búkalú í tvo mánuði um landið en núna verða Búkalú-helgar einu sinni í mánuði, í kringum fullt tungl.

„Það var rosalega gaman að túra en það gekk ekki upp fjárhagslega. En með þessu móti næ ég að standa við mitt gagnvart fólk og þetta eru í rauninni útrásarsýningar fyrir mig sem er með ungbarn og þegar ég er

ÉG VAR KOMIN SEX OG SJÓ MÁNUÐI Á LEIÐ OG GAT HOPPAÐ Í SPLITT OG AFTURÁBAK KOLLHNIÐ. ÉG VAR Í RAUN Í MUN BETRA FORMI ÞÁ EN NÚ.

ekki með ungbarn er ég að skemmta í dönnuðum veislum. Svo útrásin er tvöföld,“ segir fjöllistakonan létt í bragði.

Martröð Tómasar

Í fyrra ferðalaginu var Margrét kasólétt.

„Ég var komin sex og sjó mánuði á leið og gat hoppað í splitt og afturábak kollhnið. Eg var í raun í mun betra formi þá en nú. Mér finnst líka spennandi að vinna með þennan nýja skrokk sem er að jafna sig eftir barnsburð. Barnið er eins og ég áður sagði fjögurra mánaða núna og líður best í látum, enda ferðaðist það víða um heim í bumbu og kom fram á alls konar sviðum. Verst var það í Berlín, komin fjóra mánuði á leið, því þar mátti reykja inni,“ segir Margrét.

Skemmtilega furðulegt vandamál blasti við Margréti í kjölfar fæðingar dóttur hennar.

„Mesta áskorunin felst eiginlega í því að tímasetja brjóstagjöfina í kringum brjóstadúskalímingar. Bæði þannig að ég sé búin að gera barnið sátt þegar ég lími þá á en líka þannig að ég sé ekki að snúa þeim þegar þau eru alveg full af mjólk, því það er ógeðslega vont. Þegar ég var barnshafandi fékk Tómas sambýlismaður minn oft martröð um að ég

væri að koma heim af gíggi, rífi af mér dúskana og skellti barninu á, og svo festist það þar. Það hefur enn ekki komið til þess, þar sem ég komst að því að brjóstamjólk leysir dúskalímið mjög vel upp,“ segir Margrét kímín.

Þekktir gestir

Um helgina verða tvær sýningar, á föstudegi á Gullöldinni og á sunnudegi á Gauknum.

„Gaukurinn er svona heimasvæði Búkalús, og er það einu sinni í mánuði og svo í samfloti sýning utan miðbæjarins. Ég tek þetta í smáskrefum, fyrsta sýning utan miðbæjar í ár er í Grafarvogi, í mars verðum við á Akranesi og í apríl í Friðheimum. Með sumrinu ferðumst við svo enn lengra. Í hverjum mánuði koma nýir gestir hvaðanæva og er sýningin stefnumót erlendrar listamanna við íslenska til að sýna hvað íslenska senan er á rosalega háum standard,“ segir hún.

En hvernig myndir þú lýsa sýningunni?

„Þetta er óvænt og holdlegt karnival, með sjónrænum og ódýrum bröndunum, skvettu af myrkri og óhuggulegsirkus svo þetta er alveg svona mjög mikið sem fólk upplifir á einu kvöldi. Ef þú færð pössun einu sinni í mánuði, þá mæli ég með að koma á eitthvert Búkalú á árinu.“

Um þessar mundir er nóg að gera hjá Margréti, en hún kennir í Kramhúsinu ásamt því að vera veislustjóri.

„Þetta er rosalega stórt brúðkaupsár og fjöldi töff dagsetninga sem lenda á laugardegi og við erum byrjaðar að finna fyrir því í Kramhúsinu með gæsanir og steggjanir.“
steingerdur@frettabladid.is

hopster

Barnaefni á íslensku



Efnisveitan Hopster

Þættir, leikir og fræðsla fyrir yngstu börnin í sjónvarpinu og snjalltækinu. Allt efni með íslensku tali og engar auglýsingar.

Tryggðu þér áskrift á vodafone.is

 **vodafone**

SPA

Lúxus handklæði, þvottapokar, þvottastykki og baðmottur

100% tyrknesk lúxusbómull 500 gsm

Frábært verð og gæði

ÚTSALA 25% AFSLÁTTUR

Okkar frábæru SPA handklæði eru ofin úr 100% tyrkneskri bómull. Sérstök aðferð við gerð handklæðanna gerir það að verkum að þau þerra einstaklega vel og veita þér þá mýkt sem þú átt skilið.

Stærð	Litir	Fullt verð	Útsöluverð
Þvottapoki 15x21	6 litir	195 kr.	146 kr.
Þvottastykki 30x30	8 litir	195 kr.	146 kr.
Handklæði 40x60	8 litir	595 kr.	446 kr.
Handklæði 50x100	9 litir	895 kr.	671 kr.
Handklæði 70x140	8 litir	1.695 kr.	1.271 kr.
Handklæði 90x170	8 litir	2.795 kr.	2.096 kr.
Baðmotta 50x70	9 litir	990 kr.	743 kr.



Svefnsvæði: 140 x 200 cm.

MONTARIO svefnsofi

Svefnsofi í slitsterku dökkgráu áklæði. Nettir armar og nýttist því breiddin í tvö góð sæti. Smellpassar í flest rými. Rúmgóð geymsla fyrir sængur og/eða rúmföt í botni. Stærð sófa: 158 x 90 cm.

Fullt verð: 89.900 kr.

Aðeins ~~69.223 kr.~~ 62.930 kr.



KOLDING hægindastóll með skemli

Svart eða dökkgrátt PVC leður.
Fullt verð: 119.900 kr.

Aðeins ~~89.925 kr.~~ 79.900 kr.



Allar YANKEE Candle kertavörur nú með 70% AFSLÆTTI!

VARA HÆTTIR

70% afsláttur af YANKEE



BALTIMORE u-sófi

Stílhreinn og þægilegur u-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Endingargott, ljósgrátt áklæði. Svartir viðarfætur. Stærð: 286 x 200 x 87 cm.
Fullt verð: 159.900 kr.

Aðeins ~~127.920 kr.~~ 111.930 kr.



OPUS u-sófi

Ljóst slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga. Stærð: 335 x 227/170 cm.
Fullt verð: 279.900 kr.

Aðeins ~~209.925 kr.~~ 199.900 kr.

OSLO sófaborð



B: 98
D: 60
H: 43 cm

Hvítt sófaborð með hillu og svartri eða eikarlitri skúffu og fótum í stíl.

Fullt verð: 27.900 kr.

Aðeins ~~22.320 kr.~~



TAMPA tungusófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Tungu getur verið beggja vegna.

Fullt verð: 129.900

Stærð: 240 x 143 cm

~~90.930 kr.~~ Nú 84.435 kr.

GRAND

kremlit handklæði og þvottapokar



ÚTSALA 60% AFSLÁTTUR

	Fullt verð	Útsöluverð
HANDKLÆÐI 40x70 cm	475	285
ÞVOTTAPOKI 30x30 cm	175	70

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18.30
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Gildir til 9. febrúar 2020 eða á meðan birgðir endast.

OPÍÐ Á
SUNNUÐÖGUM Í
DORMA SMÁRATORGI

DORMA

Láttu drauminn rætast

Lýkur á sunnudag
opið á Smáratorgi

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði

Útsala
LOKAVIKAN

Enn meiri
afsláttur
af völdum
vörum

ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR



www.dorma.is

VEFVERSLUN

ALLTAF
OPIN

NATURE'S SUPREME
heilsurúm m/Classic botni

30%
afsláttur
af Supreme

af Supreme dýnum og
20% af botni

Val um svart eða hvítt PU leður
eða grátt áklæði á Classic botni.

Nature's Bedding

Stærð í cm	Fullt verð með Classic botni	Útsöluverð með Classic botni
90x200	89.900 kr.	65.930 kr.
100x200	96.900 kr.	71.030 kr.
120x200	109.900 kr.	80.530 kr.
140x200	119.900 kr.	87.930 kr.
160x200	134.900 kr.	98.930 kr.
180x200	149.900 kr.	109.930 kr.

• Svæðaskipt
pokagormakerfi

• Burstaðir
stálfætur

• Sterkur
botn

• 320 gormar
á fermetra

• Góðar
kantstyrkingar

DORMA

Láttu drauminn rætast



BAKÞANKAR

Kolbeins
Marteinssonar



Leyndarmálið

Á hverjum einasta áratug síðastliðin 100 ár hefur komið út sjálfshjálparbók sem á að gera okkur hamingjusöm og rík með litlum tilkostnaði. Þessar bækur hafa selst í tonnatali. Sagan er nánast alltaf sú sama, það er að með því að setja okkur markmið, hugsa jákvætt, losa okkur við neikvæðni og ef við bara óskum okkur einhvers nógu heitt þá muni draumar okkar raungerast. Í stað þess að horfa á árangur sem langtímaverkefni sem krefst vinnu og förna er okkur seldur draumur um að allt sé mögulegt án fyrirhafnar eða erfðis.

Þess vegna skulum við líta til baka til ársins 2007 en þá kom út bókin Leyndarmálið eða The Secret. Hefðinni samkvæmt boðaði þessi bók að við gætum fengið allt sem okkur langaði í ef við óskuðum þess nægjanlega mikið, það var lögmálið.

Til að gera markmiðin nógu skýr átti maður að klippa út myndir af draumalífi sínu og líma á plakat sem þá yrði einhvers konar endanlegt markmið um hið fullkomna líf.

Árið 2008, ári eftir að The Secret reið hér róftum og lögmálið átti að fara að bera ávöxt, fór eitthvað úrskeiðis. Hér fór allt til helvítis svo vægt sé til orða tekið og næstu ár voru einhver leiðinlegustu ár Íslandssögunnar. Eignir gufuðu upp, gjaldþrot stórukjást og allir voru reiðir og ómögulegir. Hvað hugsuðum við vitlaust, af hverju rættist lögmálið ekki?

Það er ágætt að minna sig á þetta næst þegar svona þvæla fer af stað. Leyndarmálið á bak við lögmálið er að Rhonda Patrick, höfundur bókarinnar, er í dag metin á 12,5 milljarða íslenskra króna. Þar á bak við var án vafa talsverð vinna, fórnir og erfiði en ekki lögmál um að gæði komi fyrirhafnarlaust ef maður bara vill það nógu mikið.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FRELSAÐU
ANDANN



SMINT®
SYKURLAUST

BYKO

Nýtt blað

á byko.is

Ljós | Málning | Verkfæri |
JKE innréttingar | Parket &
flísar | Eldhús & bað

Frábær
tilboð



52%

Kílóvött 8,8
Brennarar 3+2

Tilboðsverð

Gasgrill

MONARCH 390. Ryðfritt eldunar-
kerfi. Grillgrindur úr pottjárni.

60.000

50657509

Almennt verð: 123.995



Tilboðsverð

Brenniubbur

950g.2T.

200

42308346

Almennt verð: 394

49%

Firebloc

Tilboðsverð

Interiör 10

Lyktarlítill vatnsþynnanleg akrýl innimálning. Þekur vel og gefur slitsterkt yfirborð sem auðvelt er að þrifa. Notast á flest alla fleti innandyrna t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

9.436

80602709

Almennt verð: 11.795



Lítið mál
að mála

Frábært verð! Gerðu verðsamhverfi
Verð á lítra
1.048

Frábært verð! Gerðu verðsamhverfi
Verð á lítra
1.519



Vistvænt

Öll innimálning

20%

afsláttur

vegg- og loftamálning

Tilboðsverð

Innimálning

Kópal 4L hvítt
Gljástig 25

6.076

86610040

Almennt verð: 7.595

Ánægðustu viðskiptavinirnir þriðja árið í röð!*

ÍSLENSKA
ÁNÆGJU OGIN

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar 2017, 2018 og 2019 á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.

Auðvelt að versla á byko.is